# Gjörðabók veganefndar 1894-1915

Aðfnr. 4644 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók veganefndar

1894-1915

.077.5:025.26 - .811.075.15

Aðfnr. 4644 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
46441

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN

Reykjavíkurbæjar

---

# Gjörðabók veganefndar

1894 til 19~~03~~15.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Febr. 1. 1894.

Veganefnd átti fund með sjer og mætti Páll Jónsson veggjörðarmaður á fundinum. Veganefnd hefur samið við nefndan Pál Jónsson um, að hann leiðbeini veganefnd við alla vegagerð og vegaaðgerð í þarfir bæjarins svo og við aðgerð á rennum og gæzlu á póstum, og hafi stjórn og eftirlit með öllu því verki, sem í þessu tilliti verður unnið.

Samþykkt var að tína saman á einn stað öll vegaáhöld bæjarins sem allra fyrst, skrásetja þau og brennimerkja og fela svo Páli Jónssyni geymslu og gæzlu þeirra.

Samþykkt að bóka eptirleiðis hið helzta sem fram fer á fundum veganefndar.

Þórh. Bjarnason Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Febr. 12. 1894;

átti veganefndin fund með sjer. Páll Jónsson var á fundinum. Bæjarstjórnin falið veganefnd að bera sig saman við stjórn jarðræktarfjelagsins um fyrirkomulag á slorkössum í fjörunni.

Veganefnd leggur til að bærinn kosti eina 10 kassa er látnir verði standa við fjöruna fyrir slor, er jarðræktarfjelagið síðan lætur tæma svo opt sem þörf er, en aldrei sjaldnar en tvisvar í viku meðan vertíð stendur yfir.

Ákveðið var að gjöra við Laugaveg fyrir ofan Jóns Pjeturssonar hús og leggja pukklag á svo sem 30 föðmum.

Ákveðið að láta snjóplóginn ganga þegar þörf er á eptir öllum helztu götunum, eins og mokað hefur verið áður.

Ákveðið að fá 2 ristir til að safna með krapa í rennunum.

Þórh. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

## L i s t i

yfir áhöld sem Reykjavík á og sem undirritaður hefur tekið að sjer til umsjónar.

### Brúklegt.

| | |
|---|---|
| 13 Skóflur | 1 Brunastigi |
| 3 Skúffur | 1 Grjótrúlla |
| 11 Snjórekur | 7 Kvíslar |
| 2 Hakar | 1 Snjóplógur |
| 1 Kittjárn | 1 Brennimark |
| 1 Sleggja | 1o Bretti |
| 5 Handbörur | 1 nýr vatnspóstur |
| 7 Hjólbörur | |
| 2 Rökur | |
| 1 Strákústur | |
| 2 Vatnsfötur | |
| 4 Kör | |
| 2 Vagnar | |
| 3 Ofaníburðarkassar | |
| 1 malarharpa | |
| 7 Sleðar | |

### Ekki brúklagt.

| | |
|---|---|
| 4 Skóflur | 4 Fleigar |
| 2 Skúffur | 3 do. |
| 1 Haki | 1 Járnhrífa |
| 1 Kitthamar | 1 Brunnfata |
| 2 Spisshamrar | 4 Kassar |

Nokkrir vatnspóstar og spítnarusl 2 vatnspóstar brúklegir með aðgjörð, en einn brúklegur í sjerstakan brunn.

2 Kvíslar

Nokkuð af áhöldum þeim sem eru skrifuð, ekki brúkleg en má fá endurbætt, svo sem 1 skóflu, 2 spisshamra, 1 kitthamar, 1 járnhrífu, 1 brunafötu, 1 kvísl.

Reykjavík 1o/2 -94

Páll Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Febrúar 1894 átti veganefndin fund með sjer. Páll Jónsson var á fundinum.

Samþykkt að gera yfir og setja vindu í Móakotslindina; í sambandi við það gat Páll þess, að hentasti póstur væri samskonar og bakarapósturinn. Páli falin framkvæmd aðgerðar þessarar á Móakotslindinni.

Ákveðið að taka malarkassa þá, sem bærinn á, fyrir slorkassa í fjöruna.

Páll Jónsson hreyfði að setja rimlagrind í lækinn við endann á bólverki consul Zimiens.
Tekið til yfirvegunar.

Þórh. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Marz 7. 1894.

Páli Jónssyni falin framkvæmd á 3o föðmum af "púkkvegi" á Laugavegi innan við Klapparstíg (tilraun).

Páll afhendir kvittunarseðil fyrir seldu járnrusli tilheyr. bænum að upphæð 7 kr. 27 a.

Veganefndin samþykkir af afla sjer ofurlítils forða af púkkgrjóti vilji fátækranefnd 4-5 þurfamenn svo sem vikutíma í að mylja það undir stjórn Páls Jónssonar

Páli falið að koma fyrir slorkössunum í fjörunni, nota gamla kassa tilheyrandi bænum, en setja P. yfir.

Eptir skoðunargjörðum veganefndarinnar var í seinni hluta marzmánaðar borið ofan í forarpytti á þjóðveginum inn að Fúlutjarnarlæk, á tveim stöðum fyrir innan Rauðarárlækinn og sjerstaklega í stóran sökkvanda í tröðunum gegn um Rauðarártún, og á 2 stöðum þar fyrir innan, og var vegurinn fyrir neðan tún Árna póst sjerstaklega skemmdur af vatnsrennsli sem hafði skolað burtu mölinni.

Litið var eptir brúm á vegum bæjarins, sjerstaklega á þjóðvegunum og virtust í góðu lagi, en hliðargrindur voru fallnar við brúna yfir skurð í Kaplaskjólsmýri og voru þar settar nýjar.

Þvottahúsið í Laugunum var athugað og fóru þár fram smáaðgjörðir.

Settir voru upp í lok mánaðarins 4 slorkassar, 2 í Grófinni, 1 austan við Bryde og 1 austan við nýju bryggju.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Apríl 22. 1894, átti veganefndin fund með sjer. Þá var ákveðið að fá hjá Páli Jónssyni áætlun yfir kostnað á viðgerð á Vesturgötu frá Birni Kristjánssyni og vestur til Kaplaskjólsvegi, sem væri reglulega varanleg og eins viðunanlega viðgerð, án þess að byggður væri nýr vegur. Ennfremur var ákveðið að rannsaka hvað kosta mundi að leggja gangveg frá Bryde og austur að Knudtsons norður pakkhúsi.
Svo ákveðið að taka helztu steinana úr fjölförnustu götum bæjarins.

Þórh. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1894, 17. maí átti veganefndin fund með sjer.

Fyrir lágu áætlanir Páls Jónssonar um aðgjörð á Vesturgötu.
Frá nr. 51-19 160 faðm.
með viðgjörð 2/50 pr. f.
með nýjum vegi 4/10 pr.f.

Frá nr. 19 að horni á íbúðarhúsi G. Zoëga 60 f. á 5/00.

Frá G. Zoëga að horni á Fischers stakkstæði 50 f. á 6/50.

Veganefndin var sjerstaklega á því að leggja miðkafla vegarins nú þegar í sumar.

Ennfremur hafði Páll Jónsson mælt og áætlað um sameining Kaplaskjólsvegar við Seltirningabrú 60 faðma upp að Holi á 1/75 og 95 f. frá Holi inn á Kaplaskjólsveg á 1/50. Veganefnd vildi þá vegagjörð óumflýjanlega nú eða síðar.

Þetta og aðgjörð á Strandgötu C. 60 f. frá Bryde að Nýju bryggju og á Þingholtsstræti og loks á rennu fram með Kirkjubrú frá inngangi þinghúsa vestur fyrir húsgafl Kr. Ó. Þorgrímssonar, skyldi lagt fyrir bæjarstjórnina til yfirvegunar og úrræða um, hvað gjöra skuli af aðalviðgjörðum vega fyrir fje yfirstandandi árs. Halldór Jónsson var fjarrverandi.

Þórh. Bjarnason

---------------

Á bæjarstjórnarfundi 17/5. var tilkynnt kaup á handvagni með kassa sjerstakl. ætluðum til afnota við rennuhreinsanir. Sömuleiðis var tilkynnt að konsull Guðb. Finnbogason hefði boðið þau lóðaskipti, að bein lína verði dregin frá miðri austurhlið stakkstæðis hans yfir samskeyti á bólverkinu miðju og þaðan beint á norðausturhorn Liverpólar, og fellur til bæjarins hornið af stakkstæðinu norðaustanvert, en hann fær aptur sneiðing að norvestanverðu að jöfnum skiptum. Þetta samkomulag lóðareiganda við veganefndina var samþykkt.

---------------

Á bæjarstjórnarfundi 17/5 fjekk veganefnd til framkvæmdar:
Aðgjörðir á Kringlumýrargarði.
Sömul. til skoðunar og framkvæmda, ef þörf þætti, rennu gegnum Laugaveg, austanvert við hið nýja púkklag, niður frá húsi Guðmundar Guðmundssonar, skrifara.
Kært var yfir Öskjuhlíðarvegi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, mánuðina júní- ágúst.

Framkvæmd aðgjörð Vesturgötu frá nr. 51 að vestan austur til nr. 19, 160 faðmar, áætlað pr.faðm 2/10.

Reyndist

Sömul. framkvæmd sameining Kaplaskjólsvegar faðmar

Reyndist

---

Ennfremur gjört við rennur í Aðalstræti.

---

Ennfremur muldir steinar niður í götur og teknir upp inn í bænum

pr. pl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 19. sept. Veganefndarfundur.

Áætlun Páls að grafa lækinn beint suður í gegn um mýri í túnfæti sjera Eiríks Briems rúma 2o faðma og fylla í núverandi lækjarós c. 2o kr. Kantar beggja vegna c. 5o aura pr. alin, alls c. 60 kr.
Þeirri aðgjörð skyldi haldið fram í bæjarstjórn.

Ráðið að byrja sem fyrst á miðkafla Vesturgötu að vestan undir stjórn Hermanns, eptir því sem Páll hafði fyrir hann lagt.

Ráðin rennuhreinsun með allri Suðurgötu frá Melshúsum norður úr að ofanverðu.

---

Bæjarstjórnarfundur 2o. sept.

Veganefnd falin til athugunar kæra frá 2 í Kaplaskjóli yfir nýlagða veginum.

Þetta skoðað af formanni og fundið ástæðulaust. Viðkomandi húseigendur verða sjálfir að leggja yfir skurðina fram með veginum lítilsháttar brýr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>1894, 7. októb.</u>

Samið við Kristján á Fúlutjörn að grafa rennu fram með norðurgafli þvottahússins í Laugunum norður í Laugalækinn 22½ al. Dýpka skurð fyrir vestan (sunnan) hlið hússins, mölbera svæðið þar í milli og hússins og hækka gangsyllur yfir lækinn suður og austur af húsinu.

---

Til vegabóta 1894.

| | Ávísanir | Kr. a. |
|---|---|---|
| 31/1 | Hermann smááv. | 3.62 |
| 1/3 | do. | 9.21 |
| 3/3 | do. | 6.48 |
| 3o/4 | Aðgjörð á Laugavegi m.m. | 54.84 |
| 11/5 | Púkk 3o f. á Laugav. | 169.9o |
| 1o/6 | Herm. smááv. | 1.6o |
| 21/7 | Hreins. steinar inni í bænum | 59.56 |
| 29/7 | Vesturg. (vestv.) og Kaplaskj. | 488.25 |
| 4/9 | Smááv. | 9.00 |
| 4/9 | Do. | 2.19 |
| | Til septemberloka | Kr. 8o4.65 |
| 27/1o | Vesturg. miðk. | 371,85 |
| 3/11 | Möl í Aust.st. | 28.oo |
| | Renna í do. | (31.o5) |
| - | Bókhl.st. | 2.8o |
| | Lækurinn | 1oo.oo |
| | Landspildan | 61.oo |
| 3/12 | Bera í púkkveg | 3o.oo |
| - | - Vesturg. | 14.3o |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 14. nóv., átti veganefnd fund með sjer að viðstöddum verkfræðing Páli Jónssyni.

Rætt var um vegalagningar næsta ár og samþykkt:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Innsti endi Vesturg. frá G. Zoëga að Fisch. 48 f. á 7 kr. | 336.- |
| 2. | Laugav. frá nr. 1 að púkkvegi, 70 f. á 4/00 | 280.- |
| 3. | Stjett 3 álna breið, með Hafnarstr. frá Veltusundi að Pósthússtræti, 57 f. á 3/35 | 191.- |
| 4. | Þingholtsstr., aðgjörð (rennur m.m.) og ofaníburður frá Bankastr. að Bókhl.st. í 90 f. | 150.- |
| | Kr. | 957.- |
| 5. | Bergstaðastr. suður að Bjargarsteini, 114 f. á 3/00 eptir akkorðstilb. Erl.Zakkaríass. og Magnúsar Guðbrandss., ef búendur leggi fram 40 dagsv. eða 80 kr. 342 + 80 | 262.- |
| 6. | Ef verður af nr.5, þá ruðningur Hæða og ofaníburður frá Halld. Sigurðssyni niður að spítala, 42 f. á 1/00 | 42.- |
| | Samt. Kr. | 1261.- |

Veganefnd alveg mótfallin að binda meira af hinum áætluðu 1800 kr. næsta ár.

Kaupa skyldi höggvið grjót í álnum, minnst 12, inn í veginn, flutt í vetur á tiltekna staði , og nokkuð að auki til vega og rennu fyrir uppákomandi þörfum.

Samþ. að vekja máls í bæjarstjórn á Lækjarósnum, annað hvort að hlaða upp garðinn fram í sjóinn, eða setja grind í ósinn til að varna þara inn. Hvort um sig ætlað respec. 40-50 kr. og 30-40 kr.

Samþ. að leggja rennu niður þvers yfir strætið frá norðaustur horni á nýja pakkhúsi bakara Friðriksens.

Samþ. að setja upp hvíldarbekki 3 fyrir laugafólk 8 feta planka á 3 steinum, greypta niður, kostnaður ætlaður 8-9 kr. á hvern.

Samið við Pál verkfræðing að hann gjörði púkkveg á 10 föðmum á Laugaveginum, fyrir 4 kr. hvern faðm og tók hann það í akkorð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. að Páll verkfræðingur reiknaði sjer 3o aura fyrir stundina við vinnu í þarfir bæjarins, svo sem útmælingar, reikninga, fundarsókn etc.

Þórh. Bjarnason

---

Á bæjarstjórnarfundi 15. nóv.,

Falið veganefnd

1. Erindi um veg og ljósker frá Benedikt prófasti Kristjánssyni í Landakoti.

2. Útmæling handa Skautafélaginu á tjörninni.

3. Kæra Ólafs söðlasmiðs Eiríkssonar í Vesturgötu, yfir of djúpri rennu fyrir framan húsið sitt.

Ad. nr.1

Ad. nr.2

Ad. nr.3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 21/11.

Fullum 4o dagsv. heitið á Þingholtum til Bergstaðavegar og traðar og 2o kr. frá Thomsens verzlun fyrir Bjargarstein.

Gengið að tilboði Erlendar og Magnúsar Guðbrandssonar á lagning Bergstaðastrætis, 3 kr. á faðminn.
Vegur 6 álna breiður, kantur úr grjóti,
Ofaníburður 1o"-12" þykkur í miðju,
2 þverrennur.
Þessar 2o kr. frá Thomsens verzlun leggjast við til fullkomnunar veginum niður traðirnar. Hinir sömu taka þann veg í akkorð á kr. 1,5o á faðm með 1 steinkanti að norðan og rennu fram með alla leið að norðan og steinkantur að sunnan niður að lóð Eiríks Magnússonar.

Páll hefir mælt vegabót á Skólavörðustíg neðanv.

Að sprengja burtu klöppina, þannig að sá er að því vinnur eigi grjótið - tilboð fyrir 85 kr. Vegur þarf að jafnast á 2o föðmum c. 5/5o á faðm = 11o kr.
Klöppin skerst niður um 22 þuml., lautin fyrir neðan hækkar um 12 þuml.
Þetta til álita fyrir bæjarstjórn - Veganefnd ræður ekki á móti því - ef fært þykir fjárins vegna.

Garð við Lækjarós býðst Páll til að hlaða fyrir 5o kr. - stallaða að utan. Akkorð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 1/12.

Guðm. Ingimundar gjörir tillögur um luktir nýjar.

Á bakarastíg:

1 Lukt á stöng að norðanv. við veginn gegn opinu á Þingholtsstræti. Luktin á húsi Gunnlaugs prentara færist á hús Halldórs bókbindara eða Jónasar organista.

2 - 3 armaluktir á Laugavegi fyrir innan Klapparstíg hin vestri á húsi Guðmundar Guðm. (Friðriku) hin eystri á húsi Þórhalls.

4.Lukt á Klapparstíg á húsi Sig. Þórðarsonar eða Jarþrúðar.

5.Lukt í Austurstræti, nálægt Landfógeta.

6.Lukt við Spítalastíg (Halld.Sigurðssonar) að ofanverðu við Bergstaðastræti.

7.Lukt í Vesturg. á húsi Einars Árnasonar eða Helga Teitssonar. Nýjar stangir þurfa hjá kirkjunni að norðanverðu, í Þingholtsstræti gegn Jóni Jónssyni og gegn Þorvaldi Thoroddsen. Þessar 3 timburstangir ónýtar.

8.Lukt á Bakkastíg.

9.Lukt á húsi mad. Egils Jónssonar.

10.Lukt á suðurhorni á pakkhúsi Brydes.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 12/12.

Við lagning spítalastígs, niður frá Halldóri Sigurðssyni, varð að færa inn suðausturhornið úr garðinum, sem liggur þar upp að Bergstaðastræti, til að fá Spítalastiginn nógu breiðan. Innfærsla þessi var á 4 föðmum og tóku akkorðsmenn vegarins að sjer verkið fyrir 4 krónur.

Lóðareigandi, Ragnheiður ekkja, var tilkölluð, og ljet hún þetta eptir án nokkurrar endurgjaldskröfu, enda var um engan lóðarmissi að ræða, þar sem hinn upphlaðni garður þynnist aðeins að því skapi sem inn færist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894. 15/12.

Veganefnd skoðar luktir.
Ákveður að 3 luktarstólpar takist upp úr neðanverðu Þingholtsstræti. Í stað þeirra komi 2 armluktir, önnur í húsi Bartels sunnanverðu, hin á húsi Helga kaupmanns Helgasonar, Austurgötu, norðvestur horni þess.

Handluktin að sunnanverðu við hús Halldórs bókbindara færist yfir um götuna og neðar.

Luktin á Smiðjustíg færist yfir götuna og töluvert neðar á hús Guðnýjar ekkju, norðurgafl.

Ennfremur leggur veganefnd til að komi nýjar luktir
1 á samkomu Bergstaðastrætis og Spítalastígs
2 á Laugaveg innanvert við Klapparstíg, önnur á austurgafli húss Árna bókbindara Jóhannessonar, (að norðanverðu), hin á vesturgafli húss Þórhallar (að sunnanverðu).
1 lukt við Vesturgötu á samskeytum Bakkastígs.
1 á samkomu Lindargötu og Klapparstígs.

Alls bætast við 5 luktir en fækkar um eina í Þingholtsstræti, eða 4 nýjar.

Loks settar nýjar stangir stað gamalla fyrir framan kirkjudyr og ný stöng stað ónýtrar gegn húsi Þorv. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>1894, 16/12.</u> Tilboð í klofið grjót fyrir vestan bæ:

1. Sig Þórðarson, Hlíðarhúsi á 25 a. 100 al.

2. Magnús Vigfússon, ------ 200 -
Báðir 400 v. o/28

Fyrir austan bæ:

1. Magnús Pálsson,
á 25 a. ( 30 í miðjum bæ) 400 -
200 á o/28(niðri)
2. Ásgrímur Gíslason,
á 28 a. 300 -
200
3. Jón Eiríksson, og Jóhannes Jónsson,
á 25 a. 300 - 400 -
200 28 a. niðri
4. Einar Ólafsson, Brennu,
á o/35 ? 200 -
100 á 28 a.

Þann 17. des.kom tilboð frá Lúðvík Alexíussyni, en þar sem Páll verkfræðingur hafði samið um grjótkaup við hlutaðeigendur, var konu Lúðvíks, í fjarveru hans, tilkynnt samdægurs, að tilboðið hefði komið of seint.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 19/12.

Á fundi veganefndar samþ.

Nýjar luktir:

1. Armlukt á Laugav. hús Árna bókbindara.

2. Armlukt á Laugav. hús Þórhallar.

3. Standlukt við mót Vesturgötu og Bakkastígs.

4. Armlukt á húsi Árna landfógeta, luktin í húsi Pjeturs heitins færð til vesturenda.

5. Standlukt á samskeytum Lindargötu og Klapparstígs.

6. Standlukt á samskeytum Bergstaðastrætis og Spítalastígs.

7. Ný standlukt (2) við Landshöfðingjahlið.

Jafnframt vakin athygli bæjarstjórnar á því að auka þyrfti við laun kveikjarans. Hann tjáði formanni að væri ánægður með o/5o fyrir lukt á mánuði, hefir nú 63 + 1 = 63 og 32 kr. 5o pr.mánuð.

Ennfremur samþ. áætlun Páls Jónssonar við formlega götugjörð í Hafnarstræti 4 k. 5o a. á 57 f. = 246,kr. 5o a.
Innfærsla á stakkíti að norðanverðu í 3o f. um $1\frac{1}{2}$ alin og færsla á grjóti sem ætla má einar 4o kr.
Stjett óbreytt. Allur kostnaður 55o-6oo kr.

Sent bæjarstjórn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>1895, 25/1.</u>, átti veganefnd fund með sjer. Halldór Jónsson vantaði.

Páll Jónsson tók að sjer að hlaða upp frá grunni varnargarðinn vestanvert við Lækjarósinn, með sinni gömlu hæð, jafnhátt stakkstæði Chr. Zimsens, einu lagi (að vestan) þykkri en áður, vel dreginn að sje 2-3 álnir breiðan að ofan.
Þetta að meðtöldum þegar unnu verki fyrir 8o kr.

Páll lagði fram fyrirhugaðar strætalínur vestanvert við bæ, í því skyni að hjeldust, ef samþykktust, auðar fyrir útmælingum.

Páli falið að líta eptir með grjóttöku Sigurðar Þórðarsonar í Steinhúsi við hleðslu sjávargarðs síns.

Páll lofar verkstjórn sinni strax og þiðnar og fram að 16. júní, fer þá austur. Afráðið að koma af bæði Vesturgötu og Strandgötu með vorinu.

<u>1895, 26. febr.</u>, lögð undirstaða í Grófinni, unnið 1½ dag, en varð þá að hætta vegna frosts.

<u>1895, 2/3.</u>

Páll tjáir tilboð Guðm. Einarssonar á Smiðjustíg að kaupa hinn minni vagn bæjarins - trjemöndull járnsleginn - hjól feyskin - Vagn aldrei notaður - Mætti nota í 4 hjólaðan grjótvagn ef bærinn útvegaði sjer slíkan.- Hann býður 1o kr.

-----------------------

Bakkalind má gjöra við - Grjótið klofið, ágætt. Garður í mesta lagi 3 faðmar.- Garður stallaður til uppgangs Runólfi. Átti ekki að fara yfir 45 kr.

-----------------------

Undirstaða lögð í Grófinni, hvað lítið sem slaknar má byggja yfir. Til fyllingar og keyrslu má nota þurfamenn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895, 7/3.

Form. veganefndar skoðaði Laugaveg inn í Rauðártraðir.- Hann er ákaflega blautur og upptroðinn á köflum og ófær nú í þíðu og illfær þótt frjósi. Verst var frá vestara hliði Elsumýrarblettar - austur um c. 7o f. innanvert við brú yfir Rauðarárlæk c. 3o f. frá brúnni inn í miðjar traðir - c. 6o f.
Ekkert mun duga nema stórgjörð möl eða púkk.

Páll afhendir aths. sínar um púkkvegi og tilboð manna við Laugaveg.

1895, 14/3.

Keyrt í verstu holur og hörzl á Laugavegi frá innri hluta Elsumýrarbletts inn fyrir Rauðarártraðir fyrir rúmar lo kr.

---

Vesturgata frá horni Geirs Zoëga til horns Fischers-verzlunar fullgjör - 48 faðmar áætlaðar 7 kr. á faðm - varð alls 398 kr., eða 62 kr. yfir áætlun.

1895, 15/3.

Gamli vagninn - sjá bls. 19 - seldur kaupm. Helga Helgasyni fyrir 16 kr.- Páll afhendir peningana bæjarfógeta.

1895, 19/3.

Guðm. Ingimundsson minnir á lampaglasakaup á næsta sumri 6oo stk.
Dt. Brennarar lo stk.
- Kveikir 2 -
Tjáir að Jón kaupm. Þórðarson vilji láta glösin - sömu og frá Thomsen - á 15 aura.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895, 21/3.

Þeir faktor Norðmann og kaupm. Þorbjörn Jónasson lofa 3o aurum pr. alin meðfram húsum þeirra fyrir stjettlagning að innanverðu - (borga efniið), (c. 3o + 2o álnir).

1895, 22/3.

Faktor Joh. Horn 2o kr. til Þingholtsvegar. Afh. skrifl. bæjarfógeta.

1895. 26/4.

Ólafur Þorvaldsson í skólanum vill taka að sjer að opna og loka pósti hjá Amtmannsstíg á rjettum tíma f. 1 kr. pr mánuð.

1895, 27/4.

Ráðstafað 2 (af 4) slorkössum í Klapparvör og 1 að lendingu Guðm. bæjarfulltrúa Þórðarsonar.

Tryggvi bankastjóri hirðir úr öllum slorkössum og gefur til Fiskimannasjóðs eptir því sem kassar gefa af sjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895. 3/5.

Erlendur snikkari Árnason tekur að sjer í bili að loka og opna póst við Amtmannsstíg.

---

Veganefndarfundur:

Ályktað að láta sitja við stjettina í Hafnarstræti, vestur að tröppum á fyrrv. búð Stgr. Johnsens.
Tilkynnt bæjarstjórn.

---

Veganefnd falin athugun Kringlumýrarþ aukning og umbót skurða m.m.

---

Í samráði við Gísla búfræðing ætlað c. 2oo f. nýir skurðir á o/2o = 4o kr.
Viðgjörð eldri skurða: c. 15-2o kr.
Viðgjörð garðs c. 15-2o -

Alls framt að 8o kr.

16/5. Þetta samþ. í bæjarstjórn.

1895. 19/5.

Vegan. skoðar bætur Sveins á Stóraseli og Ívars á Litlaseli á túni og girðingum eptir sjávarágang, og ákveður - eptir fyrirmælum bæjarstjórnar Sveini 2o kr. þóknun og Ívari 15 kr. þóknun.
Tilkynnt bæjarfógeta.

Sept.-okt.

Halldór Þórðarson í Arnarholti
Guðbrandur, Stuðlakoti
Jón Björnsson, Sandgerði
Guðm. Jónsson, Sandgerði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895. 18.sept.

Veganefndarfundur.
Allir við.
Þetta samþykkt:

Ofaníburður:

í Laugaveg að þrísteini
 með Hlíðarvegi að þvottahúsi
í Bankastræti
í Vesturgötu
í Lækjargötu
í stjett í Hafnarstræti

---

Hækka vegaefnið í 2ooo kr.

---

Samþykkt að fresta Laugavegsgjörð innanverðri til að geta púkklagt hann næsta vor.

1895. 4. nóv.

Veganefndarfundur. Allir við og Páll Jónsson.

Hugsaðar vegalagningar fyrir peninga næsta árs.

1. Laugavegur 1-3o með púkklagningu.
2. Lindargata framlengd c. 3o faðmar.
3. Vegur milli Kaplaskjólsvegar og Framnesvegar.
4. Framlenging Bergstaðastrætis að móvegi gamla.
5. Sprenging klappar á Skólavörðuvegi og jöfnun hans.
6. Sameining Smiðjustígs og Bergstaðastrætis.

Selsholtið

Vegur milli bræðraborgarvegar og Framnesvegar eptir endilöngu Selsholti frá Kröggúlfsstöð-um suður á hinn fyrrnefnda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1894, 24/11.

Páll og fm. veganefndar skoða Selsholtið. Áætlað að marka fyrir vegi út og suður holtið, sem sneyðir eylítið upp á vesturhorn á sáðgarði Kröggúlfsstaðar.
Páll ræður til að vegur þvers yfir holtið myndi vinkil, þannig að hann með rjettu horni beygist niður að brunni, og síðan vestur eða norður í Framnesveg fyrir utan Skuld, fram með túni sjera Jóhanns. Þarf þá enga lóð að kaupa. Fm. þessu sþ.
Næst f. í vinkil að brunni.

Framlenging Skálholtsgötu.

1895, 7/12.

Erlendur Zakkaríasson hefir mælt og áætlað kostnað við framlenging og bót Skálholtsgötu:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Frá Bókhlöðustíg - hjöllunum fram að Skálholtskoti. | | |
| 80 f. þar af 12 f. sem veg þarf að leggja á 3/00 | 36 | kr. |
| og 68 f., sem bara þarf að bera í á 0/75. | 51 | - |
| 2. Þaðan að vinkli á garði Erl. Zakk. og Brenubr. | | |
| 94 f. vegarlagn. á 3/00 | 282 | - |
| 3. Þaðan að hliði Stekkjarkotstúns, 90 f. á 4/60 | 144 | - |
| Samt. Kr. | 513 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1895, 13/12.

Ingimundi Þórðarsyni á Reynimel fengið erindi Selhyltinga til að skrifa dagsverksheit til sambands milli veganna í vinkli fram að brúnni. Hann kemur með 14 dagsverk í loforðum.
Vegurinn tekur sig upp frá Kaplaskjólsv. næst fyrir utan Móberg.
Töluvert mörg húsastæði verða með þessum fyrirhugaða vegi.

Grímstaðaholtsvegur.
Lauslega mælt af form. veganefndar 24/12.-95.

| | |
|---|---|
| Frá suðausturhorni kirkjugarðs, suður undir Glímuvöll, gl. - breidd 11 fet - c. 9o f. á 2/- | 18o kr. |
| Þaðan suður að lögðum steinum í framhaldi Garðabrunnarins - c. 1oo f. á 1/6o | 16o - |
| Þaðan að brautarendanum innanvert við Björnshóla, c. 9o f. á 1/4o | 126 - |
| Þaðan eptir Garðabrautinni til þess er hún fer nokkuð að halla undan fæti (kipp suður af Bj.h.), skal færa út 2. kant, breikka um 2-3 fet og bera í, c.15o f. á 1/- | 15o - |
| Þaðan í austurhlið á bæ Sveins Eiríkssonar á Grímsst.holti, c. 1oo f. á 2/oo | 2oo - |
| Þaðan norður (og vestur) holtið með húsum að Grímstaðakoti, c. 35 f. á 3/oo | 1o5 - |
| Alls (og fullagt) Kr. | 921,oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1896, 3/1.

Vegalagning 27 f. Ofaníburður. Gefin 15 dagsv.

| | |
|---|---|
| Kostnaður alls | 165,oo |
| Til Gunnl. Ól. fyrir 16ð | 15.oo |
| Til Eyjólfs fyrir grjót | 6,oo |

---

Áætlanir Páls:

| | |
|---|---|
| Af Kaplaskjólsvegi á Selholt, 35 f. á 3/oo | 1o5 kr. |
| Þaðan að Vatnsbóli, 35 f. á 3/oo | 1o5 - |
| Frá Vatnsbólinu niður á Framnesveg, 58 f. á 3/oo | 174 - |

---

Í ársbyrjun fyrirhugað af bæjarstjórn:

1896

1. Laugavegur, 7o f. púkklagt.
2. Skólavörðustígur klöppin.
3. Skálholtsgata og suður traðir.
4. Lindargata 27 f.
5. Selsholtsvegur milli Kaplaskj.v. og Framnesvegar.
6. Amtmannsstígur
7. Lækjargata milli landshbrúar og Bankastrætis.

September

Nýjar götur fá nöfn:

1. Laufásvegur, frá Bókhlöðustíg suður að Laufási.

2. Bjargarstígur, frá Grundarstíg upp á Bergstaðastræti fram hjá Bjargarsteini.

3. Spítalastígur, upp frá Spítala á Bergstaðastræti.

4. Holtsgata, frá Kaplaskjólsvegi norður Selsholt.

5. Mýrargata, frá Framnesvegi suður með túni sra Jóhanns.

Götuspjöldin úr galvaniseruðu járni, völsuð af Pjetri Jónssyni, blikksmið og málúð af Jörgensen stráð í bláum sandi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1896, í októb. Luktir:

Samþykktar:

2 nýjar vestur með Kaplaskjólsvegi
1 ný við Laufásveg
1 ný við Bókhlöðustíg.

Uppsettar og samið við Guðmund Bergstöðum um 5o a. viðbót um mánuð pr. hekt - að því er eldra kaup eigi nær því.

Eptir 2o. okt.

Byrjað á Hafnarfjarðarvegi, undir stjórn Páls (áætlun hjá bæjarfógeta). Lögð undirstaða 3o f., f. innan hlíð í bug upp í slakka milli litlu og stóru Öskjuhlíðar og svo suður af í Fossvog-Breiða. 5 álnir pr. f. 2/oo. Vinnufæra daga frá c. 2o. okt.- 14. nóv. um 6o-7o manna í vinnu til að leggja botninn inn að Fossvogsvegi.

1896, í okt.-nóv.

Hreinsaðir allir brunnar nema við prentsmiðju þar sem hreinsað hafði verið í sumar.

---

Í lok ársons 1896 voru í c. 4o f. ólögð undirstaða á hinum nýja vegi inn í Fossvog.
Til þess gengið um 13oo kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1896.

Áætlaðar vegagjörðir 1897.

Samþ. af bæjarstjórn eptir upplýsingum veganefndar.

1. Stjett að sunnanverðu Bankastræti frá Skólastræti upp að Skólavörðustíg. Fallegur steinkantur að framan - 3 álna breið. Bjóðist í akkorð.

2. Fylling til jafnhalla á Bókhlöðustíg frá austurkanti Lækjarbrúarinnar upp að vesturkanti Laufásvegar( sjálfs vegarins, eigi miðað við sneiðinguna upp á hann). Breidd vel mölborins vegar að ofan 3 álnir.
Samþ. akkorðs-tilboð vegfræðings Einars Jónssonar fyrir verkið 15o kr.

3. Ný gata í Selholti, sem vísast mætti heita Brekkugata eptir helzta býlinu þar austan götunnar - frá Kröggólfsstöðum við Framnesveg, suður á Holtsgötu, vegalengd 98 f., breidd 5 álnir, steinkantur, lofað þar til af þeim sem að búa 46 dagsv.

4. Ingólfsstræti mölborið suður á móts við suðurenda á Amtmannshúsinu.

5. Nýlendugata lögð frá stofni vestan frá Brunnstíg austur þar sem stígurinn niður að brunni við Mýrarhús sker götuna. Breidd lo-11 fet, með graskömtum, faðmur ætlaður um 3 kr. Samhliða lögun á vegspottanum og framlenging niður á austurenda Nýlendugötu. 23 dagsverk lofuð, framboðin af snikkara Bjarna Jónssyni.

6. Til púkklagningar á Laugavegi austanverðum á verstu köflum verjist 2oo kr. sbr. bls. 2o hjer á undan.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ad. 1 | ætlað | 35o | kr. |
| - 2 | - | 15o | - |
| - 3 | - | 225 | - |
| - 4 | - | 75 | - |
| - 5 | - | 25o | - |
| - 6 | - | 2oo | - |
| Samt. | kr. | 125o | |

Tillögu veganefndar að leggja 2oo kr. til framhalds Lækjarkantsupphleðslu var frestað sjerstakl. með tilliti til þess að allmikið þyrfti fram að leggja til að vegur út að Iðnaðarmannahúsi, annaðhvort að norðan eða eptir fyrirhuguðu Vonarstræti:
Skyldi lækjarkantur verða að bíða 1897. Var það samhuga álit að þess meira þyrfti að taka fyrir 1898, stykkið milli Bankastrætisbrúar og Smithsbrúar 42 f. og áætlan pr. faðm lo kr.
Við það verk áleit veganefnd akkorð eiga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í árslok 1896, lögð undirstaða að hinni nýju götu á Selsholti (Brekkugötu), grjót keypt fyrir 7 kr. hitt fengið á staðnum af dagsverkum unnin 44. Kostnaður kominn í framt að loo kr.

---

Stíg niður að Litla-Seli og Bakkarstíg vill veganefnd eptir áskorun bæta með 2 dagsv. móti 1 hlutaðeigandi allt að lo dagsv. frá bænum, hestvinna lo st. reiknast sem dagsv.

---

Áhaldalisti 1896 afhentur bæjargjaldkera í lok desember (P.J. samdi og afhenti).

---

Kassar undan luktglösum 3 að tölu frá árunum 1894-96 tilsagðir bæjarfógeta til að koma þeim í peninga fyrir bæjarsjóð, 2 þeirra í vörslum Guðm. Ingimundarsonar, 1 enn hjá Thomsen (Þorst. utanb.m. Guðmundsson).

---

Lampaglös föluð til lukta fyrir 1897 hjá Jóni kaupm. Þórðarsyni. Hann lætur eptir þörfum, án þess að heill kasso sje tekinn í einu, ef mikið tekið þá verðið 18 kr. Glösin frá Thomsen gáfust illa upp á síðkastið, að því er kveikjari segir.

---

Áhaldaskúr 14 x 7 álnir með 2 vængjadyrum og gluggarenning yfir.

Kostnaður:

| | |
|---|---|
| Timbur og járn | 25o kr. |
| Smíði, tilboð frá Gunnari Gunnarssyni, þar með rif. gl. skúr | 64 - |
| = | 314 kr. |

Efni úr gamla skúr til frádráttar c. 5o kr. Grunnur undir skúrinn með hornum niðurgröfnum og ofaníburðinum ætlað c. 3o kr. Skúrinn standi á óútvísuðu plássi norðan undan hegningarhúsinu, þó nokkrar álnir frá gafli þess.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur, þriðjudag 16. febrúar 1897.

1. Fyrir lá vegur suður úr Templarasundi að hinu nýja húsi iðnaðarmanna. Vesturkantur sje í stefnu af austurgafli Good-templarahússins. Á þessum nýja vegi þarf að fylla í tjörnina á 15 föðmum, breidd vegarins þar c. 8 álnir, fylling þá 40 ferf. Hver ferf. vegaður áætlaður á 4 kr.
Lögun á veginum suður á milli smíðahússins og sprautuhússins með kanti að vestanverðu fram með garðinum við lóð Jakobs heitins Sveinssonar, áætluð allt að 40 kr. Allur kostnaður áætlaður 200 kr., sem farið skyldi fram á að bæjarstjórn veitti.

2. Erindi lá fyrir frá Elínu Eggertsdóttur í Lækjargötu, um rennu frá suðurhorni húsi hennar út í lækinn, og var veganefndin því algjörlega mótfallin.

3. Beiðni frá búendum í Ánanaustum um stíg frá Bakkastíg gegnum tröðina að Garðhúsum og að Ánanaustum, með framboðnum 26 dagsverkum. Gat veganefndin að sinni eigi tekið til greina, vegna þess, að mest öllu vegafje er ráðstafað þetta árið, verður því það mál að bíða.

4. Áhaldaskúrinn.
Tilboð Þórðar Ólafssonar á Vegamótum að hlaða grunn undir skúrinn í þeirri mynd sem tilboðið (frá 18 jan.) segir fyrir 30 kr., var samþykkt.
Tilboð Gunnars snikkara Gunnarssonar frá 4. jan. um að rífa gamla verkfæraskúrinn við austurgafl barnaskóla leikfimihússins, flytja að allt efni og smíða nýja skúrinn í þeirri mynd, sem hjer segir að framan og með gluggum og dýrum að því er formaður veganefndar nánar ákveður, fyrir samtals 64 kr., var samþykkt.

5. Vegarbót niður að Móakotslind. Frá 30-40 búendum við innanverðan Laugaveg og í Skuggahverfi var beiðni um veg frá Laugavegi niður á Lindargötu milli húss Árna bókbindara Jóhannssonar og Gunnar snikkara Gunnarssonar, svo og um veg frá Lindargötu niður að lindinni.
Veganefnd áleit ókleyft að sinni að leggja veg niður frá Laugavegi niður að Lindargötu, sem er um 50 faðmar, en ætlar að með nokkrum dagsverkum mætti ryðja burtu verstu steinunum og fylla lautir, en aptur væri þörf á gangstíg frá Lindargötu niður að sjálfri lindinni sem er um 25 faðmar.
Í 3 álna breiðan gangstíg niður frá Lindargötu mundi ganga um 50 kr. og til ruðnings milli veganna um 30 kr.
Veganefndin vill styðja hlutaðeigendur til þessa verks með því að leggja fram helmingi vinnu og ræður bæjarstjórn að leggja til 15-20 dagsverk móti 15-20 dagsverkum frá hlutaðeigendum.

6. Erindi frá Birni Stefánssyni í Mýrarhúsum, um girðing fram með Nýlendugötu norðanverðri við hina opnuðu lóð hans, vildi veganefnd svara með því, að leggja til í eitt skipti fyrir öll sem svaraði timburverðinu, ekki yfir 15 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1897. Ný götunöfn:

1. Nýlendugata, nafnið áður samþykkt.

2. Brekkugata, sem lögð var í vetur sem leið frá Framnesvegi suður í Holtsgötu.

Fundur, sunnudag 5. des. 1897.

Þessi málefni voru innkomin:

1. Beiðni um að láta gjöra veg frá innri enda Lindargötu niður að Bygðarendavör, dags. 1. nóvember.

2. Beiðni frá búendum í Ánanaustum um veg heim að húsum þeirra, dags. 3. nóvember.

3. Beiðni frá Ól. Arinbjarnarsyni og Jul. Schou um veg milli Bergstaðastrætis og Smiðjustígs, dags. 18. nóvember.

4. Beiðni frá Sigurði Jónssyni og Jóni Thorsteinsen, um veg yfir Melana suður Grímstaðaholt, dags 16. nóvember.

5. Beiðni frá búendum við hið fyrirhugaða Garðastræti um að leggja þá götu, dags. 29. nóvember og 2. desember.

6. Beiðni frá búendum við Lindargötu um 2 góð ljósker, dags. 2. desember.

7. Beiðni frá búendum á Laugavegi og við Lindargötu um að fullgera veginn, er byrjað hefur verið á milli þeirra gatna (Skuggagötu), dags. 2. desember.

Veganefndin tók til íhugunar hverja vegi hún skyldi stinga upp á að leggja skuli næsta ár, og samþykti að láta gjöra áætlanir við kostnað eftirfylgjandi vega:

1. Austurstræti frá Aðalstræti til Pósthússtrætis, rennugjörð og gangstjettir beggja vegna.

2. Breikkun Hafnarstrætis.

3. Ljúka við gangstjettina meðfram Bankastræti og steinbogabrú í lækinn.

4. Framlenging Lækjargötu með trjebrú yfir lækinn vegna hins fyrirhugaða barnaskóla.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Sljettun Lækjartorgs ef D. Thomsen leggur þar sljetthöggna gangsteina.

6. Höfuðaðgerð á Þingholtsstræti.

7. Sameining Smiðjustígs við Bergstaðastræti.

Nefndin hugsaði sjer að reyna að fá Ólaf Pjetursson í Ánanaustum til að gjöra þessar áætlanir og jafnframt til að verða verkstjóra við vegargjörð bæjarins á komandi ári.

---

1898.

Ólafur Pjetursson tók því boði ekki.

Páll verkfræðingur Jónsson gjörði áætlanir um kostnað á framanskrifuðum að undanteknu no.3 (Bankastræti).

---

1898, Janúar 1., fundur í bæjarstjórn.

a/ Samþykkt að leggja framhald Smiðjustígs upp á Skólavörðuveg, ef það verk með lóðarkaupi getur gjörzt fyrir 220 kr.

b/ Samþ. að framlengja Lækjargötu á 9 álna breidd suður á móti lóð hins nýja barnaskóla, þannig að brú kæmi af suðurenda götunnar inn á norðurkant lóðarinnar. Áætlun Páls 942 kr.

Á síðari fundinum í janúar ákveðið að framlengja Lækjargötu í allri sinni breidd. Viðbótarkostnaður ágizkaður af veganefnd við þá breikkun 600 kr.

Verkið allt þannig áætlað 1500 - 1600 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1898. Í janúar vísað til veganefndar:

1. Erindi Ámunda í Hlíðarhúsum um að bærinn kaupi lóðarhorn það, er hann færir bæ sinn af við áformaða byggingu á nýju húsi inn í röð húsanna, sem eru til beggja handa. Ólafur Pjetursson mælir að sje 38½ feral. Ámundi telur það meira, verður að skoðast betur = var 48 al.

2. Erindi Rannveigar Torfadóttur á Bakka um vörn gegn sjávarbroti. 2 veganefndarmenn skoðuðu og álitu að kynni að vera gjörlegt að lengja stokkinn sem er í fjörunni fyrir austan Bakkalóð nokkra faðma vestur fyrir vík það sem skerst inn á mörkum lóðarinnar austanvert, og þó hæpið að kæmi að gagni. Annarsstaðar fyrir lóðinni væri aðeins að ræða um garð, sem ókleyft væri kostnaðar vegna. Svo athuguðu þeir að bera þyrfti grjót að stokknum sem nú er, ofanvert við hann, hvort heldur bærinn eða lóðareigendur ættu að vinna það verk.

3. Erindi frá Guðmundi Þorkelssyni í Pálshúsum um vegargjörð hina sömu og getið er hjer að framan og synjað af þeirri ástæðu, að sú umtalaða vegargjörð var bundin við vinnuframlög hlutaðeigandi, en þau hafa alls eigi verið framboðin.

---

Enn ógjörð áætlun um fullgjörning stjettar með Bankastræti og brúar yfir lækinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1898, Maí 1.hjelt vegan. fund.

Vill leggja til við bæjarstjórn, að 38½ al. af lóð Ámunda Ámundasonar sje af honum keypt undir gangstjett þá er hann byggir, - eptir óvilhallra manna mati eða 1 kr. feralin.

---

Rætt um lóðarspjöll hjá Rannveigu Torfadóttur.
Veganefnd vill leggja til, að bærinn styrki mannvirki þar, sem að gagni gæti komið, með 1 kr. pr. hlaupandi alin.

---

Nefndin óskar að borið sje ofan í Laugaveg til Rauðarár-og Laugahúsveg að neðanverðu.

---

Samþ. lenging Nýlendugötu til hins nýja brunns, en þarf samþykki bæjarstjórnar.

1898, Nóv. 18., fundur haldinn.

Nefndinni höfðu borist þessi mál:

(Guðm. Þorkelsson, Pálshúsum biður um veg heim til sín).

1. Mat á lóðarspildu vestan við Hegningarhúsið.
2. Aðgerð á Grjótagötu.
3. Beiðni frá Markúsi skólastjóra Björnssyni um veg yfir Landakotstún.
4. Beiðni frá Skuggahverfingum um veg niður að Bygðarendavör.
5. Beiðni frá Jóni Brynjólfssyni ofl. um að kaupa ræmu af lóð sinni undir stjett.
6. Beiðni um 2 luktir í Lindargötu og Laugaveg.
7. Beiðni um rennu meðfram Klapparstíg.

---

Veganefnd leggur til að á næsta ári verði framkvæmd eftirnefnd verk:

| | | |
|---|---|---|
| | 1. Brú yfir lækinn, áframhald af stéttinni með Bankastræti | 180 kr. |
| | 2. Austurstræti (part) | 1200 - |
| | 3. Vatnsstíg (tillög í vinnu 40 dagsv.) | 270 - |
| | 4. Hverfisgata (tillög í vinnu 30 dagsv.) | 220 - |
| b. | 5. Samtenging Þingh.str. og Smiðjustígs | 500 - |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a. 6. Lenging Þingholtsstrætis c. 5oo kr.

7. Vararstígur styrktur 3o -

8. Grjótagata og lóðarkaup 9o -

9. Suðurgata, aðgerð 5o -

Lugtir:

1 Lindargötu

1 Lækjargötu

2 Laugavegi

1 Laufásvegi

1 Bergstaðastræti

1 Skólavörðustíg

Flutningur á lugt frá templarahúsi suður til iðnaðarmannahúss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1899, Október 17., fundur haldinn.

Veganefnd hafði borist erindi:

1. 2 frá Eiríki Bjarnasyni um rennu og veg hjá húsi hans.

2. Um rennu meðfram Klapparstíg.

3. Um brunabygging hjá húsi Helga Teitssonar.

4. Um vegagjörð á Bráðræðisholti og yfir á Selstún.

5. Um aðgerð á Vallarstræti.

6. Um lenging Bergstaðastrætis.

7. Um aðgerð á Laugunum.

Veganefnd leggur til að á næstaa ári verði framkvæmd eftirnefnd verk:

| | |
|---|---|
| Austurstræti | 1200 |
| Skálholtsstígur | 450 |
| Bergstaðastræti (von þar á c. 30 dagsverkum) | 300 |
| Pósthúsgirðing og lítil Kristensens lóð | 100 |
| Hafnarstræti | 500 |
| Púkk í Laugaveg | 200 |
| Kaup á fortigs-lóðum við Bókhlöðust. og Vonarstræti, hér um bil | 350 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. jan. 1900, kom hin nýkosna veganefnd saman til þess að kjósa sjer formann; Kosinn var ing. Sig. Thoroddsen. Hinir nefndarmennirnir eru: hjeraðslæknir Guðm. Björnsson og bankastjóri Tryggvi Gunnarsson. Hinn nýji formaður tók við skjölum og gjörðabók nefndarinnar ennfremur við vegakorti (gefnu af Páli Jónssyni) á tveim spjöldum.

---

Miðvikudag, 7. febr. 1900, var fundur í veganefndinni.

Komin til nefndarinnar beiðni frá Búnaðarfjelagi Íslands um veg frá Laufásvegi að fyrirhugaðri gróðrartilraunastöð; ákveðið að skoða vegarstæðið, gefa álit um kostnaðinn og senda bæjarstjórn til fjárveitingar.

Til íhugunar sem fyrst:

1) Bænarskrá um Ánanaustarstíg.

2) - um aðgerð á Vallarstræti.

3) - um rennu meðfram Klapparstíg.

---

Þriðjud. 17. apr. 1900, var veganefndarfundur, allir á fundi.

Samþykkt að sinna ekki beiðni frá Bráðræðisholtsbúendum um veg. Það gæti fyrst komið til tals, ef þeir legðu fje eða dagsverk til vegarins að minnsta kosti til hálfs við bæinn.

Samþykkt að láta Ánanaustastíg bíða, vita fyrst, hvað búendurnir þar myndu vilja leggja til vegarins, hvort þeir vildu leggja til ókeypis lóð undir veginn.

Samþykkt með 2 atkv. á móti 1 að fara fram á það við bæjarstjórnina að láta bíða að framkvæma fyrirhugaða 1200 kr. viðgerð á Austurstræti, þangað til miðbærinn væri mældur upp og planlagður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn þann 11. dag des. 1900, var veganefndarfundur haldinn hjá formanni. Allir á fundi.

Rætt um áætlun nefndarinnar fyrir næsta ár.

Veganefndin leggur til að þeim 4000 kr. sem ætlaðar eru til vegabóta árið 1901, sje varið á þann hátt er nú skal greina:

| | |
|---|---|
| 1) Til Laugavegarins ca. (í púkk ca. 80 fðm. og gangstjett ca. 150 fðm.) | 1700 |
| 2) Til Hafnarstrætis, (laga það dálítið og bera ofaní, eptir að búið er að expropriera ca. 1800 ferál. og breikka strætið að því skapi) | 400 |
| 3) Til Framnesvegs, rífa upp grjót úr honum og bera ofaní | 250 |
| 4) Framlengja Hverfisgötu | 150 |
| 5) Bera ofaní götur bæjarins, og smáviðgerðir ófyrirsjeðar (þar á meðal rífa upp grjótið í Lindargötu og Klapparstíg, svo að akfært verði) | 1000 |
| 6) Til að hlaða upp lækinn og gera eitthvað við Bókhlöðustíg | 500 |
| | 4000 |

---

Þessi áætlun var samþykkt á bæjarstjórnarfundi í jan. 1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. febr. 19o1: VAR HALDINN VEGANEFNDARFUNDUR.

Samþykt að gera við Selsstíg, verja til þess 3o-4o kr.

Samþykt að gera við Bakkastíg fyrir 4o-5o kr.

Beiðni frá Guðm. fátækrafulltrúa um veg frá Laugavegi uppað Grettisgötu, gat veganefndin eigi verið meðmælt að svo stöddu.

Samþykt að setja ljósker við Framnesstíg og Norðurstíg.

Samþykt að athuga brunnstæði hjá Laugavegi og Bergstaðastræti.

---

Veganefndarfundur 29. apr. 19o1.

Samþykt að leggja til við bæjarstjórn að brunnur yrði grafinn hjá húsi Gísla búfr. Þorbjarnarsyni við Laugaveg.

Samþykt að fara fram á það við bæjarstjórn að fenginn yrði útlendur mælingamaður til þess að mæla upp bæinn og gera kort yfir, eptir þeim upplýsingum, er formaður veganefndar hafi útvegað sjer. Mundi mælingamaðurinn geta fengizt til þessa starfa fyrir tæpar 5ooo kr. alls (vinnulaun, aðstoð og ferðakostnaður meðreiknaður).

Samþykt að panta 4 luktararma og 2 stangir.

Beiðni frá Sveini Eiríkssyni um veg að húsi sínu, gat veganefndin eigi sinnt.

Samþykt að fara fram á það, að næsta ár yrðu veittar 7-8ooo kr. til vegabóta í bænum.

Tr. Gunnarss. ekki á fundi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veganefndarfundur 3o. okt. 19o1.

Allir á fundi.- Hafði komið til nefndarinnar:

1)Beiðni frá Bened. Gröndal um veg að húsi sínu, sökum þess að Árni Eiríksson hafði byggt stjett útí gamla gangstíginn.

Þegar veganefnd kom á staðinn, hafði Grönd. þegar lagt stjett að húsi sínu.

2)Beiðni frá Sig. Jónssyni í Görðunum um endurgjald fyrir veg, er hann hefur lagt frá húsi sínu og norður á melana. Veganefndin á móti því, vill heldur styrkja veg frá Þormóðsstöðum sem bæjarstjórnin hefur áður lagt fje til, enda betri lending.

3)Beiðni um rennu á Skólavörðustíg.
Veganefndin vill láta grafa skurð með fram þeim vegi til bráðabirgða.

4)Tilboð frá Friðriksen bakara um að leggja rennu og stjett frá Þingholtsstræti til Skólastrætis, móti því að bærinn leggi til stjettarsteina og borgi helminginn af þeirri lóð, sem kaupa verður undir stjettina.
Veganefndin leggur til að því tilboði sje tekið, ef stjettarsteinarnir þurfa að eins að vera 12".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901, 27. dag. nóv., var fundur haldinn í veganefnd, þá nýkosinni, til þess að semja áætlun um notkun vegafjárins á árinu 1902.

I. Fjárveitingin, 4000 kr. er svo lítil, að nefndin álítur að ekki verði annað unnið á komandi ári, en að halda greiðfærum þeim götum, sem til eru og bæta við níum vegum þar sem þörfin er mest sökum nírra bygginga, enda telur nefndin hyggilegast að allar stórbreitingar á götum og ræsum bíði þess, að lokið verði mælingum þeim á bænum, sem nú er fyrirhuguð og framkvæmast á á næstu tveim árum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til að vegafjenu verði varið á þann hátt, er hjer greinir:

1. Laugavegur: Stjettin að sunnanverðu við veginn haldið áfram 150 metra (c. 75 faðma) og nær hún þá miðja vegu milli Vatnsstígs og hús þess er D. Daníelsson átti - 1050 kr. Púkkaðir 60 kr. (c. 30 faðmar) af veginum, 4,50 meterinn = 270 kr. Hjer frá dregst efni, sem til er og nemur c. 240 kr. og verður þá allur kostnaðurinn c. 1100 kr.
Ofaníburður á veginn frá púkkinu og inneftir, svo langt sem húsin ná c. 200 faðmar á 1 kr. faðmurinn = 200 kr. Samtals 1300 kr.

2. Hverfisgata: Götunni haldið áfram inn að Barónsstíg, 115 faðma á 4 kr. fðm. kr. 460

3. Klapparstígur: Grjót rifið upp, vegstæðið lagað og borið ofaní:
   a) Firir neðan Lindargötu 120 metrar á 1 kr.m.= 120 kr.
   b) Firir ofan Lindargötu 160 metrar á 1.25 = 200 kr.

Samtals 320 kr.

4. Lindargata. Grjóthreinsun og ofaníburður, aðallega fyrir innan Klapparstíg, frá þeirri götu og inn á enda, 200 metrar á 50 au. = 100 kr. kr. 100

5. Amtmannsstígur: Stjettarsteinar samkv. áliktun bæjarstjórnar á fundi 7. nóv. kr. 100

6. Lækurinn: Bakkinn hlaðinn frá bakarabrú að Amtmannsstíg, 75 metr. á 4.50 kr. met. c. 350

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Hafnarstræti.

a) Firir viðgerð þá sem þegar er unnin firir vestan Pósthússtræti, óborgað c. 100 kr.
b) Til viðgerðar á götunni og ofaníburður firir austan Pósthússtræti, austur að Ziemsens búð c.200 kr. Samtals c.300 kr

8. Til ofaníburðar og smávirðgerða c. kr. 1070

Samtals Kr. 4000

Á þessa áætlun hafa ekki orðið teknar ímsar vegabætur, sem farið hefir verið fram á við bæjarstjórnina og telja má í sjálfu sjer nauðsinlegar.

1. Vegur ifir melana, frá kirkjugarðinum suður á Skildinganes-hóla, 800 metrar, mundi kosta kr. 800
Vegstæðið er gott og ofaníburður við hendina.

Nefndin telur þennan veg nauðsinlegan. Melarnir eru mjög illir ifirferðar bæði firir menn og skepnur þá er aur er í holtum. Hins vegar er umferðin enn ekki mjög mikil, og firir þá sök álítur nefndin að þessi vegabót verði að bíða.

2. Vegur af Framnesvegi að Lágholti. Búendur á þessu svæði hafa margsinnis farið fram á við bæjarstjórn að fá veg slíkan, og var síðustu beiðni þeirra vísað til veganefndar á bæjarstjórnarfundi 21. nóv. Nefndin hefir skoðað vegastæðið og átt tal við búendur. Nefndin álítur að vegurinn eigi að koma efst ifir garða þeirra Sveins í Seli og Guðmundar í Pálshúsum, í beina stefnu af Framnesvegi vestur á milli Háholts og Lágholts og mundi nægja í bráð að leggja veginn vestur að Lágholti og hafa hann aðeins 4 álnir á breidd. Hafa þá 5 hús gagn af veginum: Pálshús, Háholt, Lágholt, Setberg og Sjávarborg. Búendur bjóða fram ókeipis lóðir af görðum sínum undir veginn og c. 30 dagsverk. Vegalengdin vestur að Lágholti er 75 faðmar og mundi vegalagningin kosta c. 3 kr. faðmurinn, eða alls 225 kr, og irði því bærinn að leggja til 165 kr. ef dagsverk er reiknað 2 kr.
Þó að nefndin ekki hafi sjeð sjer fært að taka þessa fjárveitingu inn í áætlun sína, þá er hún því hlint, að þetta verði veitt með aukafjárveitingu.

3. Bókhlöðustígur.

Renna frá húsi Þorleifs Jónssonar niður að læk, mundi kosta c. 500 kr. sökum mikils graftar að ofan en hækkunar að neðan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Nefndin ákveður að setja ljósker á stöng að vestanverðu við Bakkastíg niður við sjó; ennfremur að leggja til við bæjarstjórn að nítt ljósker á stöng verði sett að neðanverðu við Nílendustíg rjett fyrir austan Geirsbrunn, sömuleiðis að nítt ljósker á stöng verði sett að neðanverðu við Vesturgötu beint á móti Stírimannastíg, en ljósker það, sem nú er á norska húsinu verði flutt á hornið á húsi Guðlaugs Torfasonar, þannig að það beri birtu bæði í vesturgötu og Brunnstíg. Beiðni um ljósker í mitt Fischerssund, sjer meiri hluti nefndarinnar sjer ekki fært að mæla með, sökum þess að ljósker eru í báðum endum götunnar og hún stutt.

Nefndin ákveður að fara þess á leit við bæjarstjórn að hún setji reglur um hirðingu ljóskeranna.

Sig. Thoroddsen, Magnús Benjamínsson, G. Björnsson

<u>Ár 19o1, 18. dag. des.</u>, var fundur haldinn í veganefndinni.

1. <u>Lækjarbakkinn</u>

Hann er 2o3 metrar frá Bakarabrú suður að nía bakkanum norðanv. við Barnaskólann.
Áætlað að metrinn kosti kr. 4.5o; það verða 915 kr.
Frá Bakarabrú að Amtmannsstíg 75 metrar (35o kr.)
Nefndin ákveður að leggja til að tekið sje lán - 35o kr. - til þess að gera bakkann frá Bankabrú að Amtmannsbrú.

2. <u>Tjarnargata.</u> Geir Zoëga vill hafa 1 kr. 5o au. firir feralin af lóð sinni. Ákveðið að fala lóð af Rev. Indriða Einarssini til þess að komast að lóðaskiftum við G.Z.

3. Jón Guðm.s. og Sigurjón Sigurðsson biðja um leifi til að leggja 3 álna breiða stjett fram með húsi sínu í Lækjargötu. Þeim er það leift.

Sig.Thoroddsen G. Björnsson

Magnús Benjamínsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1902, 29/4., var fundur haldinn í veganefndinni.

1) Áætlun um notkun vegafjárins samþykt í bæjarstjórn þannig:

| | | |
|---|---|---|
| a) Laugavegur | kr. | 1100 |
| b) Hverfisgata | - | 460 |
| c) Klapparstígur | - | 360 |
| d) Lindargata | - | 100 |
| e) Amtmannsstígur | - | 100 |
| f) Grettisgata | - | 350 |
| g) Tjarnargata | - | 200 |
| h) Vegur að Lágholti | - | 165 |
| i) Hafnarstræti | - | 300 |
| j) Til ofaníburðar | - | 905 |
| Samt. | | 4000 |

Þar af 200 kr. til Laugavegar og þvínæst borið ofan í Hafnarfjarðarveg

Formaður skírði frá því, að birjuð væri aðgerð á Klapparstíg og Lindargötu; búið að útvega nóg grjót í Laugaveg.

2) Formaður skírði frá því, að verið væri að hlaða brunn í túni Árna Thorsteinsen landfógeta samkvæmt ákvæðum bæjarstjórnar og tillögum veganefndar.

3) Beiðni frá Erlendi Zakariassini um framlengingu Ingólfsstrætis. Til þess að gatan verði framlengd þarf að kaupa af Halldóri Þórðarsini -undir 7 álna breiðan veg- 250 ferálnir og vill hann hafa 1 kr. firir alinina og auk þess vill hann að bæjarstjórnin um leið kaupi apildu þá sem eftir verður af lóð hans vestan vegarins - c. 250 ferálnir -. Erlendur bíður af sinni lóð rúmar 200 ferálnir móti því að fá gamla stíginn hjá bænum c. 130 ferálnir. Veganefnd leggur til að ekki sje átt við breitingu á þessari götu fir en fleiri biggingar koma við hana sunnanverða.

4) Samþ. first um sinn að borga Jóni Kristjánssini firir ræstingu á nía Laugahúsinu 1 kr. firir hverja ræstingu og sje húsið ræst einu sinni í viku.

5) Samþykt að grafa upp skurðinn að ofanverðu við veginn frá Laugunum.

6) Samþykt að fara þess á leit við bæjarstjórn að tölutöflur sjeu settar á ní hús og nafntöflur á níar götur.

7) Ráðið að hlaða upp Skálholtskotslind þegar lokið er smíði á brunninum í túni landfógeta, er veganefnd ákveður að kalla Laufásbrunn.

8) Frestað að semja reglur firir þá, er stunda ljósker bæjarins; sömul. frestað að gera tillögur um hreinsun á tjörninni.

Sig. Thoroddsen G. Björnsson
Magnus Benjaminsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1902, 6. ág., var fundur haldinn í veganefnd.

1) Klóak frá Landskotsspítala.

Nefndin leggur til að þetta lokræsi verði gert samkvæmt á áætlun Ing. K. Zindö þannig að nota megi ræsið frá húsum sem koma kunna fram með ræsinu og til þess veittar 1650 kr.

2) Nefndin álíktar að fara fram á fjárveitingu til ofaníburðar í Lækjargötu og steinboga ifir lækinn undan Amtmannsstíg.

3) Nefndin álíktar að biðja um 100 kr. til bráðnauðsinlegrar viðgerðar á Laugavegi (ofaníburð í Laugaveg) og Bankastræti.

G. Björnsson

Ár 1902, 14 október var fundur haldinn í veganefnd.

1) Samdar höfðu verið reglur handa þeim mönnum, sem hirða ljóskerin og voru þær reglur samþyktar hjer um bil óbreittar af bæjarstjórninni í septembermánuði.
Til að kveikja á ljóskerunum voru ráðnir tveir menn, Guðjón Jónsson firir bæjinn austanverðan og Axel Jósepsson firir vesturbæinn - borgun 65 aurar á mánuði firir hvert ljósker, samkv. skriflegum samningi.

2) Nefndin leggur til að sett sjeu ní ljósker: 1 á Laufásveg, 3 í Bergstaðastræti, 4 í Hverfisgötu og 1 í Laugaveg.
Nefndin getur ekki mælt með fjölgun eða flutningi ljóskera í Vesturgötu.

3) Nefndin mælir með því, að R. Andersen sje leift að leggja vatnspípur úr Prentsmiðjubrunni inn í hús sitt - ef hann vinnur verkið eftir firirsögn formanns veganefndarinnar.

4) Samkv. beiðni frá Herm. Guðm.s. o.fl. vill veganefnd mæla með því, að bæjarstjórn veiti 50 kr. stirk til vegagerðar neðan undir Rauðarárholti af þjóðveginum suður að túni P. Hjaltested.

5) Nefndin getur ekki mælt með vegagerð milli Vatnsstígs og Klapparstígs fram hjá Hultersbæ sökum þess að áformað er að lengja Hverfisgötu vestur á við.

6) C. Friðriksen bakari hefir boðist til að gera steinræsi milli sinnar lóðar og lóðar H. Helgasonar, ef hann fái 30 kr. tillag og c. 20 áln. af grjóti. Ræsið verður c. 30 álnir.
Nefndin mælir með þessari beiðni.

7) Til vegagerðar hafa á árinu til þessa dags farið 2585 kr., en til ofaníburðar og ímislegs annars t.d. greiðsla reikninga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá firra ári (256 kr.), lóðakaupa og smáviðgerða, samtals c.1140 kr. eða alls 3725 kr.
Eftir eru þá af vegafjenu 275 kr. Ógert er:

| | |
|---|---|
| 1) Ofaníburður í Hafnarstræti | 150 kr. |
| 2) Hverfisgata áfram | 100 - |
| 3) Grettisgata | 320 - |
| 4) Vegur að Lágholti | 165 - |
| 5) Amtmannsstígur | 100 - |
| 6) Renna út frá Amtmannsst. | 30 - |
| 7) Vegur að túni P.H. | 50 - |
| 8) Hafnarfjarðarvegur | 250 - |
| | Kr. 1165 - |
| Þar frá dragast | 275 - |
| Eftir | 890 |

En reinist svo, að vegafjeð sje þrotið, þá álítur nefndin að auk 1165 kr. verði að áætla til ofaníburðar svo mikið að alls nemi 1400 kr.

8) Ákveðið að grenslast eftir því, hvort ekki sje unt að fá brunnpumpur betri og sterkari en þær, sem tíðkast hafa. Til bráðabirgða var samþykt að panta 2 pumpur í tvo stærstu brunnana, Prentsmiðjubrunn og Skálholtskotslind, firir 70-80 kr. hverja þeirra.

Sig. Thoroddsen

Magnús Benjamínsson G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. nóv.1902, var fundur haldinn í veganefnd til þess að semja áætlun um notkun vegafjárins á árinu 1903.

Veganefndin leggur til að vegafjenu, sem er 5000 kr. fyrir árið 1903, sje varið þannig:

| | |
|---|---|
| 1) Laugavegur Stjett með steinlímdri rennur haldið áfram 150 m. og nær hún þá að nr. 54 á veginum, 150 m. á 7 kr. = 1050 kr. með breikkun á veginum áætlast kostnaðurinn verða | 1100 kr. |
| 2) Vegur frá barnaskólalóðinni suður að Fríkirkju (áður veitt á bæjarstjórnarfundi samkv. áætlun Kn. Zimsen) | 550 kr. |
| 3. Vegur frá Bræðraborgarstíg - gagnvart Holtsgötu - austur að Landakotslóðinni 40 fðm. á 3.50 = 140 kr., lóðarkaup undir veginn næst Bræðraborgarstíg (ca. 270 ferál.) og girðing meðfram veginum yfir Þorgrímsholtstúnið (ca. 58 fðm.)= ca.110 kr. | 250 kr. |
| 4) Amtmannsstígur. Til pípuræsis frá enda steinlímdu rennunnar, sem nú er, alla leið niður í læk (41 fðm.) 300 kr. (gegn því að Latínuskólinn og Hlutafjelagsbakaríið leggi það til sem á vantar í kostnaðinn, sem mun verða að minnsta kosti annað eins (6" vídd) til að laga veginn, bera ofaní, lóðakaupa o.fl. 150 kr. alls 450 kr. | 450 kr. |
| 5) Áframhald af Hverfisgötu vestur eptir frá Vatnsstíg að Klapparstíg 64 fðm. á 5 kr. = 320 kr., lóðarkaup ca. 103x6 = 618 ferál. á 20 a.= 124 kr., girðing ca. 100 fðm.= 100 kr., alls verður þetta ca. 544 kr., en hjer frá dregst lofuð 19 dagsverk. Verður þá kostnaðurinn fyrir bæjarsjóð | 500 kr. |
| 6) Styrkur til vegagerðar undir Rauðarárholt - til þeirra Pj.Kj. Herm. Guðm. o.fl. | 50 kr. |
| 7) Styrkur til Hlutafjelagsbakaríisins fyrir lagða steinlímda rennu frá Amtmannsstíg | 30 kr. |
| 8) Grettisgata frá Frakkastíg vestur eptir 100 fðm. á 5 kr. = = 500 kr., lóðarkaup á 720 ferál. á 20 a. = ca. 150 kr., girðing ca. 100 fðm. = 100 kr., til samans | 750 kr. |
| 9) Að bera ofaní Hafnarfjarðarveg (400 fðm. frá Eskihlíð uppeptir á 65 a. = 260 kr. og ca. 150 fðm. að sunnan á 55 a. = 82,50, til s. ca. | 350 kr. |
| 10) Ofaníburður á götur bæjarins og ýmislegt smávegis | 1500 kr. |
| 11) Lóðakaup undir Frakkastíg ca. 90 fer fðm. á 3,50 = 315 kr., í Amtmannsstíg ca. 80 ál. = 80 kr. ca. | 400 kr. |
| Samtals kr. | 5930 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi upphæð er nokkru meiri en sú, er ætluð er til vegabóta á fjárhagsáætluninniþ en vjer álítum allt hið ofangreinda svo bráðnauðsynlegt, að ekkert af því megi dragast og leggjum það undir úrskurð bæjarstjórnar, hvort hún vilji hækka vegafjeð um 930 kr., það sem veganefndin leggur til að gert verði, eða þá strika út eitthvað af fyrtöldum 11 liðum.

Þær aðgerðir, sem hjer fara á eptir, hefur vegenefndin eigi sjeð sjer fært að mæla með, þótt hún álíti þær nauðsynlegar:

1. Framlenging Lindargötu vestur eptir.
2. Vegur suður melana.
3. Áframhald skolprennu í Bókhlöðustíg.
4. Breikkun og framlenging Tjarnargötu.
5. Rennugerð í Ingólfsstræti.
6. Stjettargerð í Vesturgötu.

Þá skal að lokum upptelja þær vegagerðir, sem veganefndin telur óhjákvæmilegt að framkvæmdar sjeu á komandi ári, en sem borgast eiga af lóðareigendum:

| | |
|---|---|
| 1. Grettisgata austur eptir, 60 faðm. á 4,50 = | 270 kr. |
| 2. Njálsgata, 80 fðm. á 4,50 | 360 kr. |
| 3. Frakkastígur, frá Lindargötu til Njálsgötu, á 150 fðm. á 4,25 | 640 kr. |
| 4. Vitastígur, Hverfisgötu-Grettisgötu, ca. 70 fðm. á 4,50 | 315 kr. |

5.

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á bæjarstjórnarfundi, 18. des. 1902, var áætlun um notkun vegafjárins fyrir árið 1903 samþykt þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Laugavegur | 1100 kr. |
| 2. | Vegur að Fríkirkju | 550 - |
| 3. | Vegur frá Bræðraborgarstíg að Landakotslóðinni | 250 - |
| 4. | Amtmannsstígur | 450 - |
| 5. | Styrkur til vegagerðar undir Rauðarárholti | 50 - |
| 6. | Styrkur til Hlutafjelagsbakaríisins | 30 - |
| 7. | Hafnarfjarðarvegur | 350 - |
| 8. | Ofaníburður | 1500 - |
| 9. | Til lóðakaupa | 400 - |
| 10. | Óákveðið | 320 - |
| | | 5000 kr. |

5. liður og 8. liður í áætlun veganefndar (sjá opnu næst á undan) var tekinn burtu, af því að bæjarstjórnin áleit að þær vegagerðir ættu að greiðast af lóðareigendum, en ekki af bæjarsjóði.

S.Th.

Á bæjarstjórnarfundi 15. jan. 1903, var samþykt að framkvæma eptirfylgjandi vegagerðir á kostnað lóðareigenda, þó þannig, að þeir borguðu eigi meira en 4,50 fyrir hvern faðm af lögðum vegi:

1. Grettisgata 60 fðm. austur eptir.

2. Grettisgata 100 faðma vestur eptir.

3. Hverfisgata frá Vatnsstíg að Klapparstíg (ca.64 fðm.)

4. Njálsgata 80 faðma.

5. Frakkastígur 150 faðmar.

6. Vitastígur ca. 70 faðma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 9 o 3

Ár 19o3, 28. dag febrúarmánaðar, var fundur haldinn í veganefndinni.

1) Formaður var kosinn Sigurður Thoroddsen, varaformaður Jón Magnússon. Skrifari Guðm. Björnsson.

2) Nefndin skifti verkum með sjer á þann hátt, að formaður tekur að sjer eftirlit með allri vega og rennugerð, Kristján Þorgrímsson annast þrifnað (rennuhreinsun et.c.) í vesturbænum (vestan Lækjarins) og eftirlit með ljóskerum á vetrum. Magnús Einarsson tekur að sjer eftirlit með rennum í austurbænum og snjómokstri á vetrum. G. Björnsson skal sjá um vatnsból.

3) Veganefndin leggur til að krafa Guðm. Þorkelssonar um endurgjald firir lóð undir veg að Lágholti verði ekki tekin til greina, sbr. fund 27. nóv. 19o1. Hins vegar leggur nefndin til að girðing sje gerð fram með veginum ifir lóð Guðmundar.

Sig. Thoroddsen

Jón Magnússon G. Björnsson

Magnús Einarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 19o3 - 4.dag.nóvembermánaðar var fundur haldinn í veganefnd.

1) Lóðakaup undir Frakkastíg.

Nefndin leggur til að keypt sje lóð af Árna Árnasini og Ólafi Bjarnasini, í allt 5o fernirningsfaðmar á 3.5o faðm.= 175 kr.

2) Brunnar:

Nefndin leggur til að Sellandspóstur sje dípkaður og lagaður og varið til þess 3-4oo krónum.

3) Beiðni um brunn hjá Lágholti - frestað vegna firirhugaðrar viðgerðar á Sellandspósti.

Jón Magnússon og Kr. Ó. Þorgrímsson ekki á fundi.

4) Nefndin leggur til að 2 lugtir sjeu settar við Laugarnar, 1 við Laufásveg og 1 við Klapparstíg.

Sig. Thoroddsen

Magnús Einarsson G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903 þann 18. nóv. var fundur haldinn í veganefnd.

1) Bæjarstjórn hafði falið vegan. að semja við Bjarna trésmið Jónsson um leigu á brunni hans. Vill Bjarni leigja brunninn til almenningsafnota firir 50 kr. á mánuði og með því skilirði að bæjarstj. láti pumpa vatninu úr brunninum gegn um pípu í eitthvert ílát firir utan húsagarðinn.
Veganefnd telur þetta óaðgengilegt, enda þörfina nú minni vegna votviðra.

2) Kaup á lóð undir Frakkastíg. Eigendur hafa nú gengið að því að selja faðminn á 3 kr.25 au.

3) Bæjarstjórn hafði á síðasta fundi samþikt að lengja Lindargötu austur á við. Rágert að tala við Svein Sigfússon, er nú hefir umráð ifir mestu vegastæðinu og ætlar að girða það, um frestun á þessari vegalagningu.

4) Amtmannsstígur.
G. Björnsson bíður að láta það sem þarf af lóð til breikkunar á veginum upp að útihúsi hans ókeipis gera nía girðingu frá íbúðar-húsinu norður að læk, eigi lakari en girðinguna að sunnanverðu og halda við þessari girðingu móti því að bæjarstjórn láti af hendi endurgjaldslaust þríhirnda spildu niður við lækinn, sem á að verða innan girðingarinnar og greiði honum 150 kr. eitt skifti firir öll, og þurfi hann ekki að flitja inn þá girðingu sem nú er milli íbúðarhússins og útihússins firr en útihúsið verður rifið. Spilda þessi er 3 fet á breidd við vesturhlið útihússins, þar sem hún er breiðust.

Sig. Thoroddsen

Jón Magnússon Magnús Einarsson

G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903, 6. dag desembernánaðar var fundur haldinn í veganefnd.

Áætlun um notkun vegafjárins 1904.

| | | |
|---|---|---|
| 1) | Amtmannsstígur, 150 kr. endurveiting 150 kr. til Guðm.Björnss. firir lóð og girðingu 300 kr. til breikkunar milli Þingholtsstr. og Íngólfsstr. = 600.- | 600 kr. |
| 2) | Styrkur til Hlutafjelagsbakaríis endurveiting (100 + 30) | 130 - |
| 3) | Styrkur til vegar á Rauðarárholti (Pjetur Hjaltested ofl.) endurveiting | 50 - |
| 4) | Lóðakaup undir framhald Íngólfsstrætis (Halldór Þórð fol.) | 330 - |
| 5) | Lóðakaup undir Frakkastíg neðst við Lindargötu 50 ferfaðm. á 3.25 + vegagj. 1750) | 180 - |
| 6) | Grettisgata vestureptir: lóðarkaup 250 kr. girðing 100 kr. vegagj. 50 kr. | 400 - |
| 7) | Klapparstígur uppfrá Laugavegi, lóðarkaup alltað 600 kr. gegagj. 50 kr. | 650 - |
| 8) | Vitastígur umfram vegagjald | 35 - |
| 9) | Vegur milli Bergstaðastr. og Laufásvegar lóðarkaup 360 kr. vegagj. 20 kr. | 380 - |
| 10) | Miðstræti Lóðarkaup allt að 400 kr. vegargjald ca. 20 kr. | 420 - |
| 11) | Brú yfir lækinn við Bókhlöðustíg | 200 - |
| 12) | Tjarnargata, lóðarkaup 300, lögun 100 | 400 - |
| 13) | Vesturgata gangstjett | 500 - |
| 14) | Til vegagerðar frá Vesturgötu til húss Jóns Sv. | 200 - |
| 15) | Ofaníburður - - - - - | 1500 - |
| 16) | Til ófyrirsjeðra útgjalda | 525 - |
| | | 6500 - |

Þar að auki leggur veganefnd til að eptirfylgjandi vegagerðir

sjeu framkvæmdar, sem lóðareigendur eiga að greiða kostnaðinn við með 4.5o pr. faðm.

| | | |
|---|---|---|
| 1) | Vitastígur 7o föm. á 4.5o | 315 kr. |
| 2) | Njálsgata 8o föm. á 4.5o | 36o - |
| 3) | Frakkastígur að Lindargötu 3o föm. | 135 - |
| 4) | Grettisgata 123 föm. á 4.5o | 558 - |
| 5) | Lindargata 6o föm. á 4.5o | 27o - |
| 6) | Klapparstígur 3o föm. á 4.5o | 135 - |
| 7) | Vegur milli Bergstaðastr. og Laufásvegar 36 faðm. | 162 - |
| 8) | Miðstræti 28 föm. á 4.5o | 126 - |
| 9) | Mýrargata 65 föm á 4.5o | 292.5o |
| | | 2353.5o |

Sig. Thoroddsen

17. dag desember 19o3 var ofannefnd vegaáætlun samþykt á bæjarstjórnarfundi með þeim breytingum:

1) að til Amtmannsstígs gengju að eins 3oo kr. (slept breikkuninni milli Þingholtsstr. og Ingólfsstr.)

2) Vegur milli Bergstaðastr. og Laufásvegar fjelli burt (38o kr.)

3) Til vesturgötu verði varið 1ooo kr. í stað 5oo kr.

Verða þá eptir 18o kr. óráðstafaðar auk 525 kr. til óvissra útgjalda. (16. liður).

S. Th.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 5. jan. var fundur haldinn í veganefnd.

1) Samþykt að leggja til við bæjarstjórn að eitt ljósker sje sett við Spítalastíg og annað við Íngólfsstræti.

2) Samþykt að leggja til að keift sje eitt Kitsonaljósker og sett upp við Austurvöll móti Templarasundi.

3) Samþykt að leggja til við bæjarstjórn að kosinn sje einn maður ~~til~~ í stað fógeta í nefndina, sem fjalla á um heilbrigðis-samþyktar frumvarpið, ef fógeti ekki sjer sjer fært annríkis vegna að leggja frumvarpið firir bæjarstjórn á firra fundi í marts.

4) Samþykt að fara fram á að verkfræðing bæjarins sje falið að semja áætlun um lenging Hverfisgötu niður firir læk og austur á þjóðveg. Ennfremur aðalviðgerð á Þingholtsstræti (lögun á götunum og ræsi). Sjeu þessar áætlanir gerðar firir lok martsmánaðar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

Sig. Thoroddsen G. Björnsson

Magnús Einarsson Jón Magnússon Kristján Þorgrímsson

---

Ár 1904, 17. febr. fundur haldinn í veganefnd.

1) Samþykt að leggja það til við bæjarstjórn, að Guðmundi Þorkelssyni í Pálshúsum væri gefið leyfi til þess, á sinn eigin kostnað að gera hlið á girðinguna meðfram Lágholtsvegi útá kálgarðslóð sína fyrir sunnan Pálshús.

2) Samþykt sú ákvörðun formanns veganefndar að panta 2oo álnir af stjettarsteinum hjá verksmiðjunni "Mjölnir" til Vesturgötu fyrir 1.25 kr. pr. alin og ennfremur 2oo tn. af mulningsgrjóti (á 25 a. pr. tn.)

3) Frestað fyrst um sinn að gera nokkrar ráðstafanir til útvegunar ~~á~~ á útlendum manni er gerði borunartilraunir til vatns hjer í Reykjavík. Bíða vorsins, hvort ekki kæmu tilboð frá neinu útlendu fjelagi um vatnsleiðslu.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 2o. júlí, var fundur haldinn í veganefnd.

1) Ræsi við Austurstræti.

Guðm. Einarsson, Hannes Þorsteinsson og Jón Brinjólfsson vilja greiða 1/4 af kostnaði við ræsisgerðina firir sínum lóðum. Ólafur Sveinsson vill láta lóðarræmu firir framan hús sitt firir 2 kr. feralinina. Þessi loforð eru bundin því skilirði að ræsið sje gert á þessu ári.
Nefndin áætlar að kostnaðurinn verði alls framt að 1ooo kr., eða 5 kr. á hverja alin. Ræsið verður 182 álnir.
Nefndin leggur til að bæjarstjórn láti vinna verkið á þessu ári.

2) Nefndin felur nefndarmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni að segja upp þeim ljóskeramönnum, sem nú eru, og ráða nía.

3) Nefndin felur sama nefndarformanni að annast uppsetningu og hirðingu á Kitson-ljóskeri því, er keipt hefir verið ákveðið er að standa skuli við Austurvöll.

4) Beiðni frá Jóni Stefánssini og Vilhjálmi Jakobssini um veg frá Hverfisgötu að húsi sínu, ifir Traðarkotslóð.
Nefndin leggur til að þessum mönnum sje leift að gera veginn á sinn kostnað með því skilirði að þeir hafi hann 4 álna breiðan borgi lóðina undir veginn og setji girðingar framm með honum til beggja handa þá er krafist verður.
Sömu menn biðja um tölustaf á hús sitt.
Nefndin vísar því máli til bæjarstjórnar.

5) Veganefnd skoðaði Kirkjusund og sjer sjer ekki fært að banna þar sandtöku að svo stöddu með því að hún telur ósannað að sandtakan valdi rírnun á malarkambshúsum.

6) Veganefnd skoðaði girðingu sjávarmegin við erfðafestuland búandans í Austurkoti og leggur til að erfðafestueigandanum sje leift að taka grjót í girðinguna úr fjörunni beint suður undan kálgarði sem er í erfðafestulandinu.

Jón Magnússon G. Björnsson

Kristján Þorgrímsson Magnús Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904, 8. dag desembermánaðar, áttu veganefndarmenn fund með sjer. Allir á fundi.

I) Tekið firir að semja áætlun um afnot vegafjárins á komandi ári.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1) | Ofaníburður | | 2000 kr. |
| 2) | Hverfisgata frá Klapparstíg að Barónsstíg | | 2000 - |
| 3) | Íngólfsstræti: | | |
| | Sementsvinna 90 m | 765 | |
| | Lóðakaup | 500 | |
| | Girðingar & c | 135 | 1400 kr. |
| 4) | Amtmannsstígur: | | |
| | Sementsrenna | 250 | |
| | Ofaníb. & c. | 150 | |
| | Lóðarkaup | 150 | 550 kr. |
| 5) | Vesturgata: | | |
| | Fortó | | 1000 kr. |
| 6) | Tjarnargata | | 200 kr. |
| 7) | Brú ifir lækinn við Bókhlöðustíg | | 200 kr. |
| 8) | Njálsgata að Barónsstíg | | 100 kr. |
| 9) | Barónsstíg að Njálsg. | | 40 kr. |
| 10) | Vitastígur að Hverfisg. | | 30 kr. |
| 11) | Ímsar smáaðgerðir | | 480 kr. |

3. og 4. fjárveiting er bundin því skilirði að lóðir, sem bærinn þarf að kaupa til breikkunar á þessum götum fáist með viðunanlegum kjörum.

Sig. Thoroddsen    G. Björnsson

Jón Magnússon    Magnús Einarsson    Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, 18. dag desembermán. átti veganefnd fund með sjer, allir á fundi nema Guðmundur Björnsson (í útlöndum) og Kristján Þorgrímsson.

Samin áætlun um notkun vegafjárins á árinu 1906:

| | | |
|---|---|---|
| 1) | Ofaníburður í götur og vegi bæj. | 18oo.kr. |
| 2) | Tjarnargata: framlenging frá húsi Eiríks Hjaltesteðs suður fyrir lóð Stef. Egilss.: vegalagning 15o ál. á 6 kr. = 9oo kr. (1o álna breiður vegur), lóðarkaup (af Eir. Hjaltest. 3oo ferál. á 2 kr. og af Þorst. Sig. 78o ferál. = ca. 8oo kr.)= 14oo kr.,Girðingarkostn. 2oo kr. | 25oo kr. |
| 3) | Vonarstræti með Templarasundi: vegur og stjett með steinlímdri rennu frá Lækjargötu suður fyrir Iðnaðarmannahús 11o ál. á 7 kr.= 77o kr., 7o ál. löng renna í Templarasundi með lögun á veginum = 35o kr., lögun á veginum milli Iðnó og Báruhúss (grjótkantur og ofaníburður) 2o7 ál. á 3 kr. =ca. 62o kr., renna meðfram Báruhúsi ca. 7o ál. á 3 kr. = 21o kr.; lóðarkaup af G. Zoëga 13 x 4o = 52o ferál. á 2 kr. = 1o4o kr., verður alls ca. | 3ooo kr. |
| 4) | Lagðar götur og rennur í kring um Austurvöll rúml. 4oo ál. | 9oo kr. |
| 5) | Suðurgata: Lögun á 8o föðmum suður frá Lóð Stefáns Egilss. 5 kr. pr. faðm | 4oo kr. |
| 6) | Vesturgata: Áframhald af stjett og rennu | 6oo kr. |
| 7) | Sprautuhúsvegur allt að | 2oo kr. |
| 8) | Frakkastígur: umfram vegagjald á 1 kr. pr. faðm (ca. 9o faðm.) | 1oo kr. |
| 9) | Nýjagata: umfram vegarlagningargjald a 2,5o pr.faðm (74 föm.) | 185 kr. |
| 1o) | Vitastígur (frá Laugavegi að Njálsgötu) ca. 1,5o umfram vegarlagningargjald (7o föm.) | 1oo kr. |
| 11) | Norðurstígur: laga hann og gera hann hallaminni | 215 kr. |
| | | 1oooo kr. |

Auk þess leggur veganefndin til að bæjarstjórnin taki 1o.ooo kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lán til að:

1)lagfæra og breikka Þingholtsstræti og koma fráræzlunni þár í gott horf. Með lóðarkaupum verður kostnaðurinn ca. 5000 kr.

2)gera lokræsi eptir neðri helmingi Bókhlöðustígs allt að 1000 -

3)breikka og laga Laufásveg frá Bókhlöðustíg suður á móts við Skálholtskot og leggja steinlímda rennu meðfram veginum og niður í tjörn yfir Barnaskólalóðina 4000 -

10000 kr.

telur nefndin þessar umbætur fullt eins nauðsynlegar og þær, er á vegaáætluninni standa og hefir samið hana með sjerstöku tilliti til þessarar lántöku.
Ennfremur leggur nefndin til að eptirfylgjandi vegagerðir sjeu framkvæmdar; eiga lóðareigendur að greiða vegarlagningarkostnaðinn með 4,50 pr. faðm.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Áframhald Bergstaðastrætis ca. 30 faðm. á 4,50 | 135 kr. |
| 2. | Vitastígur frá Laugavegi að Njálsgötu 70 faðm. á 4,50 | 315 - |
| 3. | Áframhald Frakkastígs (frá Njálsgötu að Skólavörðustíg) 90 faðm. á 4,50 | 405 - |
| 4. | Nýjagata (frá Njálsgötu að Skólavörðustíg) 74 fðm. á 4,50 | 333 - |
| | | 1188 - |

fyrir hönd vegan.

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á bæjarstjórnarfundi 4. jan. 1906, er áætlunin var tekin fyrir til seinni umræðu, kom veganefndin með þá breytingu að 4 síðasttöldu liðirnir (til samans 1188 kr.) fjelli burtu - með því að vegalagningargjald mundi ekki verða heimtað af lóðareigendum - og að vegaáætlunin sjálf breyttist þannig að til Vonarstrætis gengi 3185 kr. ( í stað 3000 kr.) og yrði þá strætið lengt alla leið vestur á Suðurgötu, ennfremur fjelli 8, og 9. liður (Frakkastígur og Nýjagata) burtu, en 10. liður, sem yrði 8. liður, breyttist þannig:

Vitastígur (frá Laugavegi að Grettisgötu) 200 kr.

11. liður (Norðurstígur) yrði 9. liður.

Með þessum breytingum veganefndar samþykti bæjarstjórnin vegaáætlunina í heild sinni.

Ennfremur samþykti bæjarstjórnin 10000 kr. lántökuna til Þingholtsstrætis, Bókhlöðustígs og Laufásvegar.

Rvík 23. jan. 1906.

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 20. dag Janúarmán. átti hin nýkosna veganefnd fund með sjer.

Formaður var kosinn Jón Þorláksson, ingeniör.
Varaformaður var kosinn Jón Magnússon, skrifstofustjóri.
Skrifari var kosinn Magnús Blöndahl trjesmíðameistari.

Nefndin skipti að öðru leyti þannig með sjer verkum, að Kristján Þorgrímsson tekur að sjer að sjá um þrifnað (rennur etc.) í vesturbænum og umsjón með ljóskerum. Magnús Einarsson tekur að sjer umsjón með rennum í austurbænum og snjómokstri á vetrum. Magnús Blöndahl tekur að sjer umsjón með vatnsbólunum. Formaður, og í forföllum hans varaformaður, tekur að sjer eptirlit með allri vega-og rennugerð.

Jón Þorláksson

---

Á bæjarstjórnarfundi 1. febr. 1906 var samþykt að taka allt að 3500 kr. lán til þess að girða hestahaga fyrir bæjarhesta, og var veganefnd falið að annast framkvæmd þess verks.

---

Ár 1906, 14. dag febr.mán. var fundur haldinn.

Magnús Vigfússon ráðinn verkstjóri og samþykt að greiða honum 35 au. um tímann til aprílloka, en 50 au. um tímann þar frá til hausts.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 20. dag. júnímánaðar var fundur haldinn.

1. Veganefnd leggur til að ritsímastaurar þeir, sem setja þarf niður hjer í bænum, verði settir í Bankastræti, uppá Skólavörðustíg og þaðan eptir Grettisgötu eftir því sem byggingarfulltrúinn nánar tiltekur.

2. Rætt um erindi frá nokkrum íbúum Ingólfsstrætis um, að tjeð gata verði nú þegar lögð suður að Spítalastíg, eða þeim verði að öðrum kosti bætt upp verð fyrir lóðir þær, er þeir ljetu til breikkunar á Ingólfsstræti síðastliðið ár, með 1 krónu fyrir hverja feralin.
Lagt var til, að tekið verði uppá næsta árs áætlun að breikka götuna, gjöra gangstjett og kloak frá Amtmannsstíg suður á Spítalastíg og jafnframt lagður Grundarstígur þaðan suður á stíginn frá Laufásvegi fyrir norðan Hannes Thorarensen.

3. Útaf erindi frá nokkrum búendum við hina fyrirh. götu milli Njálsg. og Sk.s., um veg frá Njálsgötu uppá Skólavörðustíg, var samþykkt að leggja tjeða götu á þessu sumri og að veittar verði til þess 1000 krónur.

4. Erindi frá nokkrum húseigendum við Skólavörðustíg um rennu meðfram veginum, var samþykkt að fresta um óákveðinn tíma.

5. Rætt um hreinsun á rennum bæjarins. Samþykt að fela verkfræðing bæjarins að sjá hreinsun á steinlímdum rennum bæjarins einu sinni á dag og hinar aðrar eftir þörfum, þó má ekki bæta við fleiri en tveimur mönnum til þess starfa að staðaldri.

6. Útaf erindi frá kennara Bjarna Sæmundssyni um lóðarsölu undir breikkun Þingholtsstrætis, samþykkti veganefndin að ganga að tilboði hans um 2 al. breiða ræmu af lóð hans gegn því, að lóð hans meðfram götunni verði afgirt á kostnað bæjarins og sett ræsi frá húsi hans og útí göturæsið.

7. Samþykk að leggja 15" kloak frá Hafnarstræti niður nýju bryggjuna og útí sjó og verja til þess kr. 1600 -sextán hundruð krónur.

8. Að gefnu tilefni samþykkti veganefndin að leggja það til við bæjarstjórnina að bannað verði hjer eptir að taka möl eða sand á svæðinu frá bryggju Geirs Zoëga kaupmanns og austur að batteríinu.

Samþykkt ennfremur að leggja það til við bæjarstjórnina að bannað verði framvegis að keyra mold eða aðra uppfyllingu í sjóinn eða láta það á opinber svæði annars staðar en þar sem verkfræðingur bæjarins tilvísar.

9. Sveinn Sveinsson vaktari býður bænum lóð til nýrrar götulagningar fyrir 1 krónu feralin hverja. Eyvindur Árnason snikkari býður einnig að selja bænum lóðarræmu af svonefndri Kalmannslóð fyrir 50 aura feralin hverja en þó 75 aura hverja feralin í rækt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uðum kálgarði á sama stað.

1o. Samþykkt að leggja það til við bæjarstjórnina að fje því sem veitt var til Vesturgötu verði varið til að laga tjeða götu austast.

11. Samþykkt að skýra bæjarstjórninni frá að veganefnd hafi falið Þórði í Laugarnesi og Jóni á Laugalandi pössun á hestum bæjarmanna í hinu afgirta svæði bæjarlandsins gegn 8o krónum um mánuðinn og 25 aura borgun fyrir hvern hest að flytja og sækja þá í ákveðið port er þeir fá leigt hjer í bænum. Sagt að hagaganga og pössun verði verði borguð með 2 kr.5o au. um mánuðinn fyrir hest. Partur úr mánuði telst mánuður.

Jón Magnússon    Magnús Blöndahl

Kristján Þorgrímsson    Magnús Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1906, 5. dag septembermán. var fundur haldinn.

Laufásvegur:

1. Útaf brjefi frá póstþjóni Þorleifi Jónssyni þar sem hann býðst til að láta hverja feralin af lóð sinni við Laufásveg undir breikkun tjeðrar götu á kr. 3,5o og lystihúsið á kr. 12o.oo og að auki verði sett girðing úr járni utan um blett þann sem eftir verði fyrir neðan húsið, þó þannig að bæjarstjórn borgi aðeins verkið og það timbur er þarf við uppsetningu á nefndri járngirðingu. Samþykkti nefndin að leggja til við bæjarstjórnina, að greind lóð verði metin af dómkvöddum mönnum.

2. Samþykkt að leggja til að metin verði lóðarspilda fyrir framan hús Halldórs snikkara Sigurðssonar við Laufásveg.

3. Samþykkt að leggja til að bæjarstjórnin gangi að tilboði Jóns ritstj. Ólafssonar að greiða kr. 6oo fyrir lóð þá (um 193 ferál.) er taka þarf hjá honum undir breikkun Laufásvegar og að tröppurnar við hús hans megi snúa eftir því er anuðsyn beri til.

4. Samþ. að leggja til að gengið verði að tilboði Sveins snikkara Jónssonar um að greiddir verði o.75 fyrir hverja feralin af lóð hans, sem fer undir breikkun Laufásvegar.

5. Samþykkt að leggja til að gengið verði að tilboði yfirdómara Jóns Jenssonar um 2,5o fyrir feralin, er gengur undir breikkun á Laufásveg.

6. Tjarnargata.

Samþykkt að leggja til að gengið sje að tilboði Steffáns Egilssonar múrara um að borgað sje kr. 1,5o fyrir feralin fyrir lóðarhorn það er eftir verður austan við götuna, sem og 5 al. breiða ræmu er gengur undir vestur-hlið vegarins.

7. Samþykkt að leggja til að bæjarstjórnin gangi að tilboði Þorst. kaupm. Sigurðssonar, að bærinn greiði kr. 1,25 hverja feralin af þessum umræddu 92o.- ferálnum.

8. Samþykkt að leggja til að kennara Pálma Pálssyni verði borgaðar kr. 2,5o fyrir hverja feralin af lóðarparti þeim er umfram hina áður boðnu 1o álna breiðu lóð, fyrir ekki neitt, til lagningar Tjarnargötu.

9. Samþykkt að leggja til, að bærinn borgi Eiríki Bjarnasyni járnsmið kr. 2,oo fyrir hverja feralin af hinum 235 ferálnum af lóð hans, er teknar verða til lagningar Tjarnargötu.

1o. Samþykkt að leggja til, að lokið verði við Tjarnargötu norðantil og veitt verði til þess allt að kr. 15oo,oo.

Jón Magnússon. Magn. Blöndahl
Magnús Einarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 8. okt. var fundur haldinn.

Útaf beiðni frá Rostgaard vjelstjóra um erfðafestuland í Vatnagörðum leggur nefndin til að hann fái þar land eptir þörfum til þess að byggja á skipaaðgerðarkví með nauðsynlegum húsum; leyfið sje því skilyrði bundið að byrjað verði á verkinu eigi síðar en 1. júlí 1907, og því lokið eigi síðar en 1. júlí 1909. Þegar byrjað verður á verkinu mæli bæjarstjórnin landið út. Landið sje eptirgjaldslaust frá útmælingardegi til 1.júlí 1909, síðan sje borgað 2 au. eptirgjald fyrir hverja feralin í 20 ár, síðan eptir því sem bæjarstjórn ákveður, þó eigi hærra en 20 au. fyrir hverja feralin á ári. Bæjarstjórninni sje og áskilinn rjettur til að taka lóðina og öll mannvirki á henni til almennings nota hvenær sem er gegn endurgjaldi eptir óvilhallra manna mati fyrir mannvirkin.
Rjettur sá, sem einstakir menn kynnu að hafa fengið til sama lands sje þá óskertur.

Jón Þorláksson

Ár 1906, 12. okt., var fundur haldinn.

Samþykkt að leggja til að fyllt sje upp vikið milli lóðar Eiríks járnsmiðs Bjarnasonar og Brunnhúslóðar.

Samþykt að leggja til að Jóni Hannessyni í Austurholti sjeu veittar 40 kr. til þess að gjöra veg frá Kaplaskjólsveginum heim að húsi sínu.

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, hinn 19. oktober var fundur haldinn.

1. Útaf brjefi frá sýslum. í Hafnarfirði um að gjört verði hið bráðasta eitthvað við veginn í Fossvogi. Var samþykkt að bera ofaní verstu kaflana.

2. Útaf erindi frá nokkrum íbúum við Holtsgötu um að minnsta kosti 2 ljósker við nefnda götu, og að borið verði ofaní tjeða götu og Landakotsstíg, var samþ. að fresta beiðni þeirra um ljósker. Aftur á móti var ákveðið að leggja það til að borið verði ofaní áðurnefnda vegi og til þess varið allt að 300 kronum.

3. Beiðni um að Sellandsstígur verði framlengdur nú þegar suður á Bræðraborgarstíg var synjað.

4. Samþykt var að fresta öðrum viðgjörðum við Lækjarósinn en þeim, að setja í hann járngrind og var verkfræðing bæjarins falið að rannsaka til næsta fundar hvað slík járngrind muni kosta og hve mikið járn muni fara í hana.

5. Lagt var fram á fundinum skrifleg tilboð frá eigendum lóðanna er liggja að Grundarstíg og vilja þeir láta af hendi lóðarræmur sínar til breikkunar tjeðrar götu fyrir c. 2,00 feralin hverja, oglóðarnámið mundi því nema allt að kr. 5,500,00, og götulagningin sjálf ca. 2300 krónur (þar meðtal. klóak og girðingar etc.) Samþykkt var að fresta málinu.

6. Skýrska bæjarverkfræðingsins um kostn. við Ingólgsstræti suður að Amtmannsstíg sýndi, að kostnaður við lóðarnám þar mundi verða allt að kr. 2500,00 - lengd vegarins 190 ál. Kostnaður við að gjöra gangst., Kloak með m. 2000 krónur. Samþykkt var að leggja upplýsingarnar fyrir bæjarstjórnina.

7. Beiðni frá nokkrum búendum við Suðurgötu um nýjan kloak í Suðurgötu c. 140 ál. ásamt tilboði frá þeim sjálfum um styrk til nefnds kloaks, samtals 275 krónur. Var samþykkt að leggja til við bæjarstjórnina að málinu verði sinnt.

Jón Þorláksson Magn. Blöndahl

Kristján Þorgrímsson Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 hinn 26. october var fundur haldinn.

1. Samþykkt var að sinna beiðni um lugt við Holtsgötu og aðra lugt við Tjarnargötu.

2. Verkfræðingurinn skýrði frá að járnrist í lækinn mundi kosta um 7o kr.

3. Samþykkt að bjóða út byggingu á Sundlauginni það sem að steinverki lýtur.

Jón Þorláksson Magnús Blöndahl
Kristján Þorgrímsson Jón Magnússon

Ár 1906, dag 2. nóvemb. átti veganefnd fund með sjer heima hjá formanni.

1. Gengið að tilboði Þorsteins steinsmiðs Guðmundssonar um grjótverk í sundlauginni, fyrir 345o kr. Hann borgar 5o aur. fyrir feralin af grjóti í gömlu lauginni.

2. Samþykkt að láta leggja Óðinsgötu frá Skólavörðustíg að húsi Helga Helgasonar - nú í haust.

3. Samþ. að gjöra trjebrú yfir lækinn niður undan Bókhlöðustíg jafnbreiða stígnum.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson
Magnús Blöndahl Jón Magnússon

Ár 1906, 14. nóv. var fundur haldinn.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að svo framarlega sem Hannes Hafstein vill múra upp Melkotslindina, kosti bæjarsjóður það verk að hálfu móts við hann, og leggi síðan til póst í lindina. Magnús Blöndahl var á móti því að bærinn tæki þátt í kostnaðinum. Nefndin lítur svo á, að lindin sje eign bæjarins og eigi að vera það framvegis.

Út af málefnum frá Hannesi Hafstein um að bærinn kostaði skolpræsi frá húsi hans frá þeim stað, sem hann hefur lagt að götunni, og yfir veginn út í tjörn, samþykti nefndin að synja þeirri málaleitun.

Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson
Magnús Einarsson Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 19. dag desembermánaðar átti veganefndin fund með sjer heima hjá verkfræðingi bæjarins. Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

1. Lagt fram erindi frá Sigurjóni Ólafssyni & Co. um að fá lánaðan 1 luktarstólpa til þess að setja á Luxljós, og að bæjarstjórn leggi til svo mikið af steinolíu, sem áætlað er til einnar luktar um árið. Veganefnd lagði til að stólpinn yrði lánaður og þeim Sigurjóni greidd fjárupphæð fyrir veturinn, er samsvari 10 kr. fyrir allt árið, gegn því að þeir láti loga á luktinni jafnlengi og logar á bæjarins luktum.
Veganefndin fer fram á að fá heimild hjá bæjarstjórn til þess að greiða samskonar þóknun þeim, er leggja vilja til Luxljós eða annað jafngott til götulýsingar og vilja skuldbinda sig til að láta þau loga eins lengi og bæjarins ljós.

2. Lagt fram erindi frá Jóni Jónssyni, Miðhúsum, um gangveg heim að húsi sínu. Nefndin vildi ekki sinna því.

3. Lögð fram áætlun um kostnað við breytingu á húsi Bjarna aðjunkts Sæmundssonar, er nam. 1600 kr.

4. Samin áætlun um notkun vegafjárins árið 1907.

5. Lagt til að fylltur verði Frostastaðsbrunnur og Miðhússlind. Ennfremur að gjörður verði nýr brunnur inn á Skell, þannig lagaður, að hægt sje að taka þar vatn í vagna.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson

Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 16. jan. 19o7.

Samþykt að ganga að tilboði D. Thomsens kaupmanns, um að láta loga á 3 götuluktum sínum til miðnættis virka daga og helga gegn 1o kr. þóknun úr bæjarsjóði fyrir veturinn, fyrir hverja lukt.

Samþykt að leggja það til að Jóni Hannessyni í Austurholti sjeu veittar 25 kr. úr bæjarsjóði sem styrkur til þess að fullgjöra veg heim að bæ sínum.

Ákveðið að auglýsa eptir tilboðum um pípur til holræsa, og sjeu tilboð komin fyrir lok febrúarmánaðar.

Jón Þorláksson
Jón Magnússon Magnús Einarsson Kristján Þorgrímsson

---

19o7, 6. dag Febrúarmánaðar, hjelt veganefnd fund heima hjá formanni. Allir á fundi nema Magnús Blöndahl.

Rætt um beiðni Júlíusar Havsteen og Guðm. Magnússonar um að óvilhallir menn verði látnir meta lóð þeirra við Ingólfsstræti. Samþykt að fresta úrslitum.

Fundi slitið

Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson
Jón Magnússon Magnús Einarsson

---

Fundur 6. Marz 19o7.

1. Samþykkt að fela formanni og verkfræðing bæjarins að skifta tilboðum í holræsi um bæjinn - frá Böðvar Jónssyni og Gísla Finnssyni millum þeirra.

2. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að bætt verði 45o krónum við veitingu til Ingólfsstrætis til lóðakaupa.

3. Samþ. að fela verkfr. bæjarins að komast eptir, hve mikið muni þurfa af "götunöfnum og númerum" og útvega tilboð um þau.

4. Erindi frá búendum við Spítalastíg um götugjörð lagt fram. Samþ. að leggja til að því verði synjað.
Fleira kom ekki fyrir tekið. Upplesið samþykt.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson
Kristján Þorgrímsson Magnús Blöndahl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 18. marz 1907.

1. Lagt til að Magnúsi Egilssyni sje leigð 1 dagslátta og Ögmundi Guðmundssyni og Ingvari Sveinssyni 1½ dagsl. af grjótlandi í Grenshálsi til grjóttöku gegn 20 kr. eptirgjaldi á ári úr bæjarsjóð, og að því tilskildu að bæjarstjórnin geti tekið landið til umráða og afnota hvenær sem hún vill.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson    Magnús Einarsson
Kristján Þorgrímsson

Fundur 23. marz 1907.

Lagt til að leggja niður Pósthússtræti frá Kirkjutorgi, en breikka götuna sem nú er frá Kirkjutorgi yfir í Lækjargötu.

Fundi slitið

Jón Þorláksson    Magnús Blöndahl

Jón Magnússon

Ósamþykkur: Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 16. apríl 1907.

Samþykkt að mæla með beiðni Þorbjörns Finnssonar í Ártúnum, um girðingu kring um tún jarðarinnar.

2. Nefndin sá sjer ekki fært að svo stöddu að mæla með beiðni frá búendum við Stýrim.stíg um "kloak" í tjeða götu, en áleit aftur á móti sjálfsagt að borið verði ofan í veginn.

3. Nefndin leggur til að formanni veganefndar verði fyrst um sinn heimilað að leifa mönnum sandtöku í fjörunni fyrir miðbænum. Að hinu leytinu varð nefndin ekki ásátt um hvort leyfa skyldi að taka möl í fjörunni á ofangreindu svæði.

4. Samþ. að leggja til að þeim, sem bera upp sand milli Brunnstígs og Ánaustatúns á tímabilinu frá 1. apríl til 1. sept. árhvert, verði gjört að skyldu að hafa sandinn í ílátum þannig að hann ekki geti fokið til skemmda.

5. Samþykkt að fara fram á að veittmx verði fje úr bæjarsjóði til þess að aka greftrinum úr barnaskólagrunninum ofan í framhald fríkirkjuvegarins.

6. Nefndin leggur til að Dr. J. Jónasen verði leyft að leggja vatnspípur úr Skálholtskotslind í hið væntanlega nýja hús er hann ætlar að byggja við pósthússtræti.

Fundi slitið.

Magnús Einarsson  Magnús Blöndahl  Jón Þorláksson

---

Ár 1907, hinn 15. maí, átti nefndin fund með sjer.

1. Erindi frá Jóni Einarssyni, Nýlendugötu 16, um leyfi til að fylla upp skurðinn norðan við lóð hans, sá nefndin sjer eigi fært að mæla með að svo stöddu.

2) Út af erindi frá Guðm. Hávarðssyni leggur nefndin til að vegurinn (Hverfisgata) sje breikkaður upp að birtugrófum hans; hyggur nefndin að verkið með nauðsynl. vatnsræslu muni kosta um 100 kr.

3) Nefndin fer fram á viðbótarfjárveitingu til áhaldakaupa, að upphæð 300 kr.

4) Nefndin fer fram á að mega verja allt að 200 kr. til þess að kaupa emailleruð götunafnspjöld.

Fundi slitið

Jón Þorláksson  Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, hinn 5. júní, átti nefndin fund með sjer.

1. Erindi frá Jóni Ólafssyni á Bústöðum um efni í girðingu milli Bústaðalands og bæjarlandsins, sá nefndin sjer eigi fært að mæla með að svo stöddu.

2. Samþykkt að mæla með því, að taka ekki nema ½ mán. gjald fyrir hesta þá sem ekki eru meir en 10 daga í sama mánuði í girðingu bæjarlandsins. Ennfremur að ekki verði teknir nema 2 hestar af sama manni.

3. Útaf erindi frá nokkrum búendum við Hverfisgötu um "Klóak" í tjeða götu frá Klapparstíg að Smiðjustíg - þar sem þeir hafa boðið fram kr. 250. Samþ. nefndin að mæla með því að tjeður kloak yrði lagður.

4. Útaf erindi frá búendum við Njálsgötu, Skólavörðustíg o.fl. um framlenging Klapparstígs og Njálsgötu, þar sem þeir bjóða fram frá sjálfum sjer 6 krónur fyrir hvern faðm í veginum og auk þess girða af lóðir sínar meðfram nefndum vegum á sinn kostnað. Samþ. nefndin að mæla með beiðninni.

5. Samþ. að leggja til, að bæjarstjórnin veiti allt að 700 krónur til þess að laga veginn fyrir barnaskólalóðinni og samband þess vegar við Lækjargötu.

6. Nefndin leggur til, að lagt sje holræsi í stíginn niður af skólabrúnni og stígurinn lagaður um leið.

7. Nefndin mælir með því að veittar verði allt að 260 kr. til breikkunar Suðurgötu fyrir lóð H. Melsteds erfingja.

8. Nefndin mælir með því að lagðar verði pípur til sundlaugarinnar ofanfrá Laugauppsprettunum og frá vatnsuppsprettu í Mýrinni, og að veitt verði til þess 300 kr.

9. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá því að hann væri svo ofhlaðinn bæjarstörfum, að hann þyrfti nauðsynlega að fá aðstoð, fyrst um sinn til haustsins.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson M. Blöndahl

Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1907, hinn 3. júlí, átti veganefndin fund með sjer.
Var þá tekið fyrir:

1. Erindi frá Einari Benediktssyni um sölu á neðri hluta Bolalóðar undir götu. Hinn umræddi blettur er 130 ferálnir, og leggur nefndin til að hann sje keyptur fyrir 1 kr. 50 au. hver feralin.

2. Erindi frá nokkrum mönnum um viðgjörð á norðurhluta Grundarstígs, sá nefndin sjer ekki fært að mæla með að svo stöddu.

3. Beiðni frá Ásmundi Gestssyni um 75 krónur úr bæjarsjóði til þess að flytja tröppur að húsi hans á Laugavegi, var vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar.

4. Erindi frá stjórn fríkirkjusafnaðarins um áframhald á veginum af Laufásvegi og niður að fríkirkjunni.
Nefndin sá sjer ekki fært að mæla með beiðni þessari.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson   Magn.Blöndahl   Kristján Þorgrímsson

---

Árið 1907, hinn 22. júlí átti nefndin fund með sjer.
Var þá fyrir tekið:

1. Samþykkt að leggja til að bæjarstjórnin kaupi af Vilborgu Guðmundsdóttur 61 feral. af lóð á kr. 1,50 feral. hverja til breikkunar á Lindargötu.

2. Samþ. að leggja til að keyptar verði 76 ferál. á 2 krónur hver feral. af Frú Bríet Bjarnhjeðinsd. til breikkunar á Bókhlöðustíg.

3. Samþykt að leggja til að gengið verði að tilboði ritstjóra Þorsteins Gíslasonar um 300 krónur úr bæjarsjóði fyrir tröppur o.fl. við hús hans.

Fundi slitið

Jón Þorláksson   Magnús Blöndahl

Magnús Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, 4. dag september átti veganefndin fund með sjer.
Tekið var fyrir þetta:

1. Samþykkt að leggja til að borgað verði kr. 2.50 fyrir alinina í lóð, sem tekin hefur verið af Oddi Gíslasyni málfærslumanni til breikkunar Laufásvegi.

2. Út af erindi frá Ingólfsnefndinni um að Bergstaðastræti verði framlengt í ár suður að Ingólfshúsi. Samþykkti nefndin að leggja til, að ákvörðun verði ekki tekin um það að svo stöddu.

3. Erindi frá Gunnari kaupm. Einarssyni um að fá útmælt 5000 ferálna svæði, til fiskverkunar og annara afnota, við sjóinn norðan við hæðina niður af Kleppsspítala, svaraði nefndin á þann hátt, að hún leggur til að útmælingin sje veitt í 25 ár gegn 150 króna árgjaldi, og að svæðið sje girt.

4. Nefndin leggur til að tekin sje upp í fjárhagsáætlun bæjarins 1908 3500 króna fjárveiting til þess að girða Fossvog, Kringlumýri og Sogin, til afnota fyrir ferðamannahesta og svo hesta bæjarmanna. Ennfremur leggur hún til, að fje verði veitt til að girða Vatnsmýrina til kúabeitar.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson
Magnús Blöndahl

---

Ár 1907, 18. dag September átti veganefndin fund með sjer.
Var þá fyrirtekið:

1. Útaf erindi frá Sveini kaupm. Sigfússyni, um land við sjóinn á Kleppi, sem og leyfi til bryggjugjörðar ofl. Samþykkti nefndin að leggja það til við bæjarstjórnina að tjeð leyfi verði veitt með nánari ákveðnum skilyrðum.

Fundi slitið

Magnús Einarsson M. Blöndahl

Jón Þorláksson Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, 2. dag októbermánaðar átti veganefnd fund með sjer.

1. Samþykkt að setja ljósker í Tjarnargötu milli húsa Eggerts Briem og frú Álfh. Briem. Ennfr. hjá Skipholti og neðst á Smiðjustíg.

2. Nefndin leggur til að gasljós verði sett í Suðurgötu, Aðalstræti og Vesturgötu og rafmagnsljós í Hafnarstræti, Pósthússtræti og Kirkjustræti, svo fljótt sem hægt er að fá þau, en að eigi verði tekin ákvörðun um lýsing fleiri gatna fyrr en reynsla er fengin um gasljósin.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson Magnús Blöndahl

---

Ár 1907, 6. dag nóvembermánaðar hjelt veganefndin fund.

1. Lagt fram erindi frá ábúandanum á Árbæ, Margrjetu Pjetursdóttur, þar sem hún fer fram á að fá efni til girðingar um lengra stykki austur af túninu. Vill hún kosta niðursetning girðingarinnar og borga vexti af verði efnisins og halda girðingunni við. Veganefndin leggur til að þetta sje veitt.
Ennfremur fór Margrjet fram á skaðabætur fyrir spell af vegi, sem lagður hefur verið yfir mýrina á Jörfanum. Því vildi veganefnd ekki sinna.

2. Erindi frá þrem búendum á Grímsstaðakoti um nýjan brunn, gat veganefndin ekki sinnt að svo stöddu.

3. Veganefnd æskir heimildar bæjarstjórnar til þess að verja tillögum húseiganda upp í vegakostnað.

Fundi slitið.

Jón Þorláksson Magnús Einarsson Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907, 3. dag desembermánaðar hjelt veganefnd fund.

1. Erindi frá Sigurgeir Jóhannssyni um grjót-útmælingu í Öskjuhlíð vildi nefndin svara þannig, að honum skyldi leyfð grjóttaka eptir tilvísun veganefndar fyrst um sinn.

2. Erindi frá Jóni Hannessyni í Austurkoti, vildi veganefnd ekki sinna, meðan ekki er útgjört um leigu á Móabæjarlóð.

Fundi slitið

Jón Þorláksson Magnús Einarsson

Jón Magnússon

---

Ár 1908, 2. dag janúarmánaðar hjelt nefndin fund.

1. Út af erindi frá Brydes og Dunnsverzlunum um að banna sandtöku í nánd við bryggju þeirra, samþykkti nefndin að leggja til að beiðninni yrði synjað.

2. Samþykkt að leggja til að varið verði af vegafje þessa árs:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Til framhalds Mýrargötu (þar af til lóðakaupa kr. 750) | kr. 1250,00 |
| b. | Til Frakkastígs og Lindargötu (holræsa) | 1300,00 |

Veganefnd leggur til að bæjarstjórn ákveði að byggja nýtt sprautuhús á stakkstæðinu fyrir vestan Hafnarbryggjuna og láti nú þegar gjöra teikningu af húsinu og áætlun um kostnað.-

Fundi slitið

Jón Þorláksson Magnús Einarsson

Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 10. dag febrúarmán. hafði veganefnd bæjarstjórnar Reykjavíkur fund í húsi Kristjáns Þorgrímssonar konsúls kl. 5 e.m.- Á fundinum voru allir veganefndarmenn mættir.

Á fundinum var gengið til kosninga á embættismönnum veganefndarinnar og fjell kosningin þannig:

Formaður var kosinn Klemenz landritiari Jónsson
Varaformaður - Knud Zimsen verkfræðingur
Skrifari - Þórður Thoroddsen læknir

Í tilefni af erindi hlutafjelagsins "Steinar" um útmælingu á lóð sem bæjarstjórnin hafði vísað til nefndarinnar á síðasta bæjarstjórnarfundi, ákvað nefndin að ganga í lóðina og skoða hana um hádegisbil næsta dag.

Þá ákvað nefndin að halda hjer eptir fasta fundi hvern mánudag næstan eptir bæjarstjórnarfund kl. 5 e.m. í stjórnarráðshúsinu. Næsti fundur skal þó haldinn næstkomandi mánudag 17. þ.m. kl.5 e.m.
Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Þ. Thoroddsen K. Zimsen

Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhéðinsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 17. febrúar, átti veganefndin fund með sjer á áður ákveðnum stað og stundu. Allir nefndarmenn voru mættir svo og verkfræðingur bæjarins.

Fyrst var tekið fyrir erindi hlutafjelagsins "Steinar" um að fá leigða lóð hjá bænum af stakkstæði því, er Gunnar kaupm. Gunnarsson hefur nú til leigu. Veganefndin neitaði að leigja Steinar lóð þessa með meiri hluta atkvæða.

Útaf framkominni kæru frá próf. Þórhalli Bjarnasyni um skemmdir á Laufásvegi undan hliði Jóns landsbókavarðar Jakobssonar, ákvað veganefndin að láta gera við þær skemmdir.

Beiðni kom fram frá Jóhannesi Jónssyni á Tóftum um vegarspotta frá Smiðjustígsendanum heim að húsi hans.- Veganefndin sá sjer ekki fært að taka beiðni þessa til greina.

Tilboð um stjettarsteina í Hverfisgötu kom fram frá þessum:

1. Hlutafjelaginu Högna
2. Birni Guðmundssyni í Austurholti.
3. Erlendi Zakaríassyni, í Kópavogi.
4. Þorkeli Guðmundssyni, Barónsstíg 16 og
5. Einari Jónssyni, Bergstaðastræti 34.

Samþykkt var að taka tilboði Erlendar Zakaríassonar um sölu á 200 steinum 10 x 14 fyrir 1 kr. 30 a. við keyrsluveg, en tilboði hlfj. Högna um það sem á vantar af þeim steinum svo og um hina smærri steina. Að Högna frágengnum, var samþykkt að taka tilboði Björns Guðmundssonar um sölu á bæði hinum smærri steinum og stærri, er á vantar.

Þá skipti veganefndin störfum með sjer þannig:

að Kristján Þorgrímsson tók að sjer eptirlit með þrifnaði í bænum og rennunum, svo og með vatnsbólunum.
að Bríet Bjarnhjeðinsdóttir tók að sjer eptirlit með þvottalaugunum og sundlauginni.
að Þórður Thoroddsen tók að sjer eptirlit með ljóskerunum.
að Knud Zimsen tók að sjer eptirlit með vegunum.

Formaður hefur aðalumsjón yfir öllu þessu.

Hreift var á fundinum um brunnlok við lokræsi svo og um sprengingu undir gangstjett í Hverfisgötu, en því var hvorttveggja frestað til næsta fundar.
Ákveðið var að gera við Hafnarfjarðarveginn svo fljótt sem unnt er, útaf framkomnum erindi frá sýslumanninum í Gullbringu-og Kjósarsýslu.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Kl. Jónsson K. Zimsen Þ. Thoroddsen

Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 24. febrúar, hjelt veganefndin fund á ákveðnum stað og stundu.- Öll veganefndin var mætt svo og verkfræðingur bæjarins. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi frá Eiríki Gíslasyni og Jónasi Gottsveinssyni um lagningu austurhluta Nýlendugötu að Norðurstíg.- Öll veganefndin var á því, að beiðni þessi gæti ekki orðið tekin til greina að svo stöddu.

2. Erindi frá Þórarni Jónssyni um, að gjörður væri hinn fyrirhugaði Unnarstígur heim að húsi hans.- Veganefndin samþykkti í einu hljóði að leggja til við bæjarstjórnina að stígur þessi heim á móts við hús Þórarins sje lagður nú á þessu ári og að leitað sje aukafjárveitingar til þess.- Verkfræðingi falið að gjöra áætlun fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

3. Tilboð kom frá Steypufjelagi Reykjavíkur um að leggja til brunnlok við lokræsi þau, er bærinn þyrfti, fyrir sama verð og bærinn fengi þau frá útlöndum.- Í tilefni af þessu tilboði ákvað veganefndin að fela bæjarverkfræðingnum að skrifa verksmiðju þeirri, er brunnlokin hafa hingað til verið fengin frá, með fyrstu ferð og spyrjast fyrir um. fyrir hvaða verð hún vildi nú láta brunnlok. Verður því engin ákvörðun tekin um þetta fyr en svar fæst.

4. Tilboð kom fram um sprengingu undir gangstjett við Hverfisgötu frá H. Daníelsson fyrir 4 kr. 50 a. ten.metrið, og frá Magnúsi Vigfússyni o.fl. fyrir 7 kr. ten.metrið.- Veganefndin samþykkti, að svo framarlega sem Magnús Vigfússon og þeir fjelagar vildu sprengja fyrir sama verð og H. Daníelsson, skyldi skipta verkinu milli þeirra. Að öðrum kosti skyldi taka tilboði H. Daníelssonar.

5. Samþykkt var að fara þess á leit við bæjarstjórnina, að hún veiti nú þegar fje til þess að láta gjöra handrið úr járni við brúna yfir lækinn við Hverfisgötu.

6. Samþykkt var að fá tilboð í steinflísar í gangstjettina við Hverfisgötu, 1000 að tölu, bæði 2 1/2 þuml. þykkar (með járnneti), eða 4 þuml. þykkar, 1 al. á hvorn kant.

7. Samþ. að banna allan þvott á mottum og pokum í laugunum.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Þ. Thoroddsen Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Kristján Þorgrímsson K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 hinn 16. marts, hjelt veganefndin fund á venjulegum stað og tíma. Öll veganefndin var mætt svo og verkfræðingur bæjarins.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Beiðni kom frá Guðjóni Jónssyni járnsmið um nýjan veg heim að húsi hans, áframhald af Fischerssundi.- Samþykkt var að ganga á staðinn (útkljáð, neitað).

2. Erindi frá Guðmundi Egilssyni trjesmið um holræsi í Frakkastíg. Bæjarverkfræðingnum var falið að gjöra áætlun um kostnaðinn.

3. Erindi frá Páli Erlingssyni sundkennara um sundkennslu á komandi sumri.- Samþykkt var að ráða hann til kennslu í 4 mánuði: maí júní og ½ júlí svo og september og ½ október, hvern virkan dag frá 12-8 e.m. gegn 4 kr. 50 a. kaupi á dag, og skal hann kenna piltum, er þess óska, úr öllum opinberum skólum í bænum á þessum tíma endurgjaldslaust frá þeirra hálfu. Fyrir kennslu eptir 8 á kvöldin og á sunnudögum er honum frjálst að kenna gegn endurgjaldi frá hlutaðeigendum, og fær hann þá borgun sjálfur. Í sambandi við þetta var ákveðið að verja 150 kr. til sundkennslu stúlkna úr skólunum, og skal sú kennsla fram fara fyrir kl.12 á hádegi hvern virkan dag, eigi skemur en 3 tímar. Var frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur falið að semja við ungfrú Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um kennslu þessa.

4. Tilboð höfðu komið fram um lokræsapípur frá Böðvari Jónssyni pípugjörðarmanni, Helga Magnússyni & Co. og frá Stavanger Cementvarefabrik.- Samþykkt var í einu hljóði að taka tilboði Helga Magnússonar & Co.

5. Samþykkt var að breyta tilboðum á 4" steinflísum í gangstjettina við Hverfisgötu, er samþykkt var á síðasta fundi í 3" steinflísar.

6. Bæjarverkfræðingnum var heimilað að kaupa modellerings-instrument handa bænum.

Fleira ekki fyrir tekið; Fundi slitið.

Kl. Jónsson    Kristján Þorgrímsson    Þ. Thoroddsen

K. Zimsen Sig. Thoroddsen    Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 6. apríl hjelt veganefndin fund með sjer.

Voru þessi mál tekin fyrir:

1. Beiðni frá búendum í Sauðagerði um viðgerð á vegi var vísað til bæjarverkfræðings og honum falið að gjöra nauðsynlegar umbætur á veginum.

2. Beiðni frá búendum á Grímsstaðaholti um veg frá Reykjavík yfir melana suður þangað.- Veganefndin var einhuga á því að sinna ekki máli þessu að svo stöddu, en ákvað að taka beiðnina til íhugunar á næsta hausti áður en áætlun verður gjörð um vegagjörðir á næsta ári.

3. Erindi frá Þorbirni Finnssyni á Ártúni þar sem hann mælist til að bæjarstjórnin láti vátryggja gegn eldsvoða húseign í Ártúni svo og að hún láti girða mýrarblett einn, sem liggur í norður frá Ártúni ofan að vognum.- Veganefndin ákvað að leggja til að neitað sje girðingu um mýrarblettinn, en að því er vátrygginguna snertir, samþykkti nefndin að ákveða ekkert um hana að svo stöddu, en vildi leita sjer vitneskju um, að hve miklu leyti bærinn væri eigandi að húsum í Ártúni.

4. Þar sem veganefndin áleit, að fje það að upphæð 4000 kr., sem veitt hefur verið til ofaníburðar og viðgjörðar á vegum á þessu ári, mundi verða í reyndinni of hátt til þessa, samþykkti nefndin með meiri hluta atkvæða að fara þess á leit við bæjarstjórnina, að hún gæfi veganefndinni leyfi til að verja um 1200 kr. af þessu fje til þess að flísleggja gangstjettina við Hverfisgötu frá læk upp að Smiðjustíg.

Í sambandi við þetta var ákveðið að taka tilboði Böðvars Jónssonar um sölu á flísum í gangstjett þessa.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson  Kristján Þorgrímsson  Þ. Thoroddsen

K. Zimsen  Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 hinn 7. maí hjelt veganefndin fund með sjer.

1. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá að kaupa þyrfti lóð af Þorsteini Sveinssyni og Árna Árnasyni undir framlengingu Mýrargötu 1544 ferálnir af Þorsteini og 215 ferálnir af Árna. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að byggingarnefndin meti þessar lóðir.

2. Bæjarverkfræðingur lagði fram áætlun um holræsi í Frakkastíg frá Njálsgötu að Lindargötu 470 álnir á 4 kr., alls kr. 1880. Lögun á veginum og breikkun úr 6 ál. í 8 álnir áætlar hann kr. 1120. Lóðareigendur hafa heitið 500 kr. tillagi til holræsisins.
Samþykkt að leggja til að veittar verði 1100 kr. til þess að gjöra nefnt holræsi og sje það lagt umleið og vatnspípur verða lagðar á komanda hausti.

3. Samþykkt að kaupa brunnlok til holræsanna hjá Járnsteypu Reykjavíkur fyrir um 40 krónur.

4. Samþykkt að fresta framkvæmd á holræsi í Vesturgötu og Stýrimannastíg af því að Einar Árnason o.fl. neita að leggja tillag til holræsisins.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson K. Zimsen
Bríet Bjarnhjeðinsd.

---

Ár 1908 hinn 18. maí hjelt veganefndin fund með sjer.

1. Bjarni Matthíasson og Vilhjálmur Ingvarsson fara fram á, að þeim verði heimilaður 10 álna breiður gangur meðfram lóðum þeirra við fyrirhugað Garðastræti. Leggur veganefndin til að bæjarstjórnin taki þessa ræmu af erfðafestueigendum undir þenna veg, en beiðendur kosti veginn sjálfir.

2. Th. Krabbe fer fram á að holræsi verði gjört í Tjarnargötu frá húsi hans. Veganefndin gat ekki samþykkt þessa beiðni.

3. Samþykkt að fela bæjarverkfræðingnum að setja saman verkfæri það, er bærinn hefur keypt til að hreinsa með Tjörnina, og gjöra tilraun með það til þess að hægt sje að gjöra áætlun um kostnað við hreinsun Tjarnarinnar.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 hinn 26. maí hjelt veganefndin fund með sjer.

Voru þessi mál tekin fyrir:

1. Erindi frá Hallgr. Jónssyni um sölu á Stekkjarholtslandi.

2. Erindi frá Guðm. Jakobssyni o.fl. um grjóttökurjett í Eskihlíð.

3. Leikvallamálið.

Var ákveðið að ganga á staðina næsta laugardag kl.5 síðdegis.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Kristján Þorgrímsson

---

Ár 1908, hinn 1. júní hjelt veganefndin fund með sjer.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi Hallgríms Jónssonar kennara um sölu á erfðafestulandinu Stekkjarholt. Veganefndin vill leggja til að bæjarstjórnin afsali sjer forkaupsrjetti að þessu landi.

2. Erindi Guðjóns Gamalíelssonar o.fl. um rjett til grjóttöku í norðanverðri Eskihlíð alt að 10 dagsláttarsvæði til 10 ára. Veganefndin var á því að neita mönnum þessum um þannig lagaða leigu. Aptur á móti vill veganefndin leggja til að mönnum þessum sje gefinn kostur á að fá til leigu 2 dagsláttur af grjótlandi í norðanverðri Eskihlíð þar sem bæjarverkfræðingurinn nánar ákveður, gegn 50 kr. eptirgjaldi fyrir hverja dagsláttu á ári. Leigutíminn sje bundinn við ekki lengri tíma en 7 ár. Í sambandi við þetta vill veganefndin leggja til að allar þær útmælingar, er steinhöggvari Schou hefur gjört á grjótlöndum í bæjarlandinu, falli úr gildi 1. janúar næstkomandi.

3. Að því er leikvellina snertir var ákveðið að fela bæjarverkfræðingnum á hendur að gjöra áætlanir um, hvað kosta muni að gjöra Þorgrímsholtsblett og blett Sigurðar Þórðarsonar að hæfilegum leikvöllum.

4. Guðrúnu Jónsdóttur var með meiri hluta atkvæða falið að hafa á hendi ræsting laugarhússins með for og vanhúsinu frá 1. júní og svo lengi sem um semur fyrir 26 kr. á mánuði hverjum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Veganefndin samþykkti að skora á bæjarstjórnina að láta semja samþykkt um afnot og hreinsun lokræsa í bænum.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir
K. Zimsen Sig. Thoroddsen

---

Ár 1908, hinn 16. júní, hjelt veganefndin fund.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Erindi frá Jóni Ólafssyni á Bústöðum um girðingarefni til varnar á rúmu 500 faðma löngu svæði af Bústaðalandi. Veganefndin er öll á því að neita þessari beiðni, en aptur var formanni falið á hendur að grennslast eptir með hvaða kjörum Jón vildi gefa eptir ábúð á Bústöðum til handa bænum, þegar í næstu fardögum.

2. Að gefnu tilefni var ákveðið að greiða Guðrúnu Jónsdóttur 30 kr. um mánuðinn fyrir ræsting við Laugarnar til 1. okt.- Ákveðið var að slá starfinu upp frá þeim tíma.

3. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram áætlun yfir kostnað við lögun á Þorgrímsholts-bletti og Skólavörðubletti og girðing um þá til leikvallanotkunar. Eptir áætluninni er kostnaður við lögun á Þorgrímsholtsbletti um 1700 kr., en á Skólavörðubletti 1400 kr.

4. Þar sem á þessu ári ekki er hægt að leggja holræsi í Bergstaðastræti og gjöra við það nema með lítilfjörlegum ofaníburði vegna vantandi tillagna frá strætisbúum, var ákveðið að verja af því fje, sem þar átti að brúka, til að breikka brúna yfir lækinn við Hverfisgötu, svo að hún verði jafnbreið götunni. Áætlun um það er að það muni kosta 800 - 1000 kr.

5. Samþykkt var að heimila verkfræðing að láta útbúa vatnsvagn til þess að varna moldryki í miðbænum. Kostnað við það skal taka af því sem ætlað er til þrifnaðar.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Þ. Thoroddsen K. Zimsen Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Kristján Þorgrímsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 19o8, 3o júní, hjelt veganefndin fund. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Ákveðið var að hafa sundlaugina opna frá 1. júlí til 15. ágúst, kl. 7-12 um formiðdaginn fyrir kvennfólk, þar af frá 7-9 fyrir unglingafjelagið "Iðun" eptir beiðni, en frá 9-12 fyrir annað kvenfólk. Fyrir karlmenn skal laugin vera til afnota frá kl. 12 - lo um eptirmiðdaginn. Fyrir eptirlit frá 9 - 12 var ákveðið að borga allt að 5o kr. yfir allan tímann en fyrir eptirlit frá 12-lo allt að loo kr.

2. Samþykkt var að fela bæjarverkfræðingnum að láta hreinsa forirnar við þvottalaugarnar, gjöra við húsin, stjettar og rennur að svo miklu leyti sem þurfa þykir.

3. Erindi frá Árna Árnasyni til bæjarstjórnarinnar um kaup á lóð þeirra Ólafs Bjarnasonar nr. 26 við Lindargötu, þar sem þeim sje meinað að byggja á lóðinni vegna fyrirhugaðrar lagningar á Lindargötu.- Samþykkt var með meiri hlut atkvæða að neita að kaupa lóð þessa.

4. Samþykkt var að láta Sigurð Jónsson steinsmið greiða fyrir hverja alin grjóts, er hann tekur í Öskjuhlíð 5 aura.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Kl. Jónsson K. Zimsen Briet Bjarnhjeðinsdóttir
Sig Thoroddsen Þ. Thoroddsen

---

Ár 19o8, 6. júlí átti að halda veganefndarfund, en þar eð engir mættu nema formaður nefndarinnar og verkfræðingur bæjarins, varð fundurinn ekki lögmætur, og því ekki hægt að taka neina ákvörðum um þau mál er fyrir lágu.

Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908,11. júlí var haldinn fundur af veganefndinni. Bríet Bjarnhjeðinsdóttir og Kristján Þorgrímsson voru fjarverandi.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi frá Pjetri Hjaltested um nýtt land til erfðafestu. Engin ákvörðun var tekin, en málinu frestað til umhugsunar.
2. Ákveðið var að halda áfram með hreinsun tjarnarinnar og verja til þess allt að 2oo kr. ennþá.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson K. Zimsen Sig. Thoroddsen Þ. Thoroddsen

---

Ár 1908, 1o. ágúst átti að halda fund, en engir mættu nema varaformaður nefndarinnar og verkfræðingur bæjarins. Var því ekki hægt að gjöra neinar ályktanir.

K. Zimsen

Ár 1908, 18. ágúst var aptur boðað til fundar, en þá mættu aðeins verkfræðingur bæjarins og Þórður Thoroddsen auk varaformanns og var því ekki hægt að halda fundinn.

K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 20. ágúst átti veganefnd fund með sjer. Formaður og frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir var ekki mætt.

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Veganefndin leggur til að forkaupsrjetti að Frostastaðabletti, sem Sigurður Guðmundsson ætlar að selja Guðm. kaupm. Gíslasyni fyrir 37.250 kr. sje hafnað.

2. Veganefndin leggur til að Ungmennafjelagi Reykjavíkur sje veitt leyfi til að gjöra skíðabraut í brekkunni gagnvart Öskjuhlíðinni að neðanverðu við Hafnarfjarðarveginn og breyta jarðveginum þar svo að hann verði hæfilegur til skíðaferðar samkv. uppdrætti er erindi fjelagsins fylgir.

3. Veganefndin leggur til, að Bragi sútara Einarssyni sje leigður lóðarblettur sá, sem liggur umhverfis Móakotslind í Skuggahverfi eptir beiðni hans. Skal hann gjalda í leigu 40 kr. á ári eptir lóðina frá því hann tekur lóðina á leigu og um ákveðinn tíma, en skyldur skal hann að rýma burt af lóðinni þegar bæjarstjórnin krefst þess, þó með ½ árs uppsagnarfresti.

4. Birni Árnasyni var leyft að endurbæta og lengja gangstjett fyrir framan húseignina í Vallarstræti 4.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

K. Zimsen Kristján Þorgrímsson Þ. Thoroddsen

---

Ár 1908, hinn 7. sept. átti veganefndin fund með sjer. Þetta var tekið fyrir:

1. Veganefndin leggur til að forkaupsrjettur að erfðafestulandi því, sem fylgir Sauðagerði, er Gísli Einarsson selur Sturla Jónssyni fyrir 5000 kr. sje ekki notaður.

2. Veganefndin vill leggja til við bæjarstjórnina, að fengin sje til leigu hjá Akureyrarbæ forarvjel í 6 mánuði næsta ár, frá 1. apríl-1. október fyrir alls 1600 kr. auk flutnings og reksturskostnaðar til þess að hreinsa upp tjörnina.

3. Bæjarverkfræðingnum var falið að gjöra hallamæling og áætlun um hækkun á Bergstaðastræti og Laufásveg.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Þ. Thoroddsen
Kristján Þorgrímsson K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 22. septbr. átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Ákveðið að setja upp 7 nýjar luktir víðsvegar um bæinn, þar sem þörfin er mest.

2. Veganefndin leyfði J.P. T. Bryde að setja rennu með fram skúrum hans í Vestanverðu Veltusundi.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen Þ. Thoroddsen K. Zimsen

---

Ár 1908 hinn 5. október átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Samþykkt að láta setja 2 lúxlampa við barnaskólann og verja til þess 400 krónum.

2. Lagt til að Hjálpræðishernum sje neitað um 25000 ferálna land til erfðafestu fyrir sunnan tjörnina.

3. Beiðni frá Jóni Guðmundssyni á Laugalandi um stækkun á landi frestað og ákveðið að ganga á staðinn á morgun kl. 4½.

4. Ákveðið að auglýsa eptir manni til að hreinsa annað þvottahúsið í Laugunum og skolpþrærnar. Skyldi borgun fyrir það starf vera 20 krónur á mánuði.

5. Lagður fram uppdráttur af Bergstaðastræti og Laufásvegi með áteiknuðum tillögum bæjarverkfræðings um lögun þeirra gatna.

Fundi slitið.

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsd. K. Zimsen

Kristján Þorgrímsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 26. september, átti veganefndin fund.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Var rætt ítarlega um vegaáætlun fyrir næsta ár, en engin ákvörðun tekin að svo stöddu.

2. Erindi frá Sigfúsi Sveinbjarnarsyni um skolpræsi frá húsi hans var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Biskup Þórhalli Bjarnasyni leyft að taka nokkuð af mold úr tröðum þeim, er liggja milli lóðar hans og Fjelagsgarða, undir eptirliti veganefndar.

4. Veganefndin ákvað að mæla með því, að leyfa Jóni Guðmundssyni að umgirða og innlykja lóðarnef er liggur milli gamla lækjarfarvegarins og læksins þar sem hann nú rennur, gegn því að erfðafestugjald hans af Laugalandseigninni hækki frá næsta nýjári um kr. 5 á ári.

5. Hallgeir Arnbjörnsson var ráðinn eptir umsókn til að annast um ræstingu á þvottahúsinu nýja við Laugarnar, skolpræsum, gryfjum og salernum, svo og til að annast luktina frá nóv. til 14. maí næsta ár gegn 2o kr. endurgjaldi á mánuði.

6. Erindi frá Guðna Símonarsyni í Breiðholti var frestað.

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsd. Þ. Thoroddsen

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 2. nóvember var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir:

I) Rædd vegaáætlun fyrir 1909 og samþykkt:

1. Lokræsi í Bergstaðastræti og lögun á því frá Skólavörðustíg og suðureptir kr. 3500.00.

2. Lokræsi í Spítalastíg og lögun á honum kr. 1500,00.

3. Gangstjett á Laugaveg frá Vitastíg að Barónsstíg og lögun vegarins c 220 álnir kr. 1300,00.

4. Lokræsi í Vesturgötu frá Brunnstíg að Bræðraborgarstíg og gangstjett frá Stýrimannastíg að Bræðraborgarstíg kr. 1500,00.

5. Steinlegging í Posthússtræti frá Hafnarbryggjunni að Austurstræti c. 90 ferfaðmar kr.2700,00.

6. Mölsteypa (Makadamisering) í Austurstræti eptir því endilöngu kr. 4500,00.

7. Gangstjett með steyptum hellum í Austurstræti frá Lækjargötu að Pósthússtræti kr. 1500,00.

8. Lokræsi í Austurstræti frá Læk að Veltusundi kr. 1700,00.

9. Lögun á Veltusundi og lokræsi í því kr. 800,00.

10. Breikkun á brúnni yfir Lækinn við Hverfisgötu kr. 1000,00.

11. Lögun á Smiðjustíg og lokræsi í efsta partinn kr. 500,00.

12. Framlenging á Þingholtsstræti frá Skálholtsstíg að Laufásvegi kr. 2800,00, þar af til lóðakaupa frá Sturlu Jónssyni Kr.1600,-.

13. Lögun á Lækjartorgi kr. 1900,00.

14. Lögun á vegi með sjónum fyrir vestan Norðurstíg kr. 300,00.

15. Til viðhalds gatna og ofaníburðar kr. 4500,00.

Veganefndin leggur til að á fjárhagsáætlun 1909 verði veittar 30 þúsund krónur til framantaldra verka og að þessutan verði tekið 10 þúsund lán til þess að kaupa lóðir undir Garðastræti og leggja það frá Vesturgötu að Túngötu.

Ennfremur leggur nefndin til að veittar verði 4000 krónur til þrifnaðar og snjómoksturs og 2000 krónur til vatnsbóla; til ljóskera 3000 krónur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks leggur nefndi til að veitt verði til áhalda 9000 krónur, þaraf 8000 krónur til að kaupa gufu-eða mótor-tromlu og 600 krónurx til að kaupa vatnavagn.

Nefndin minnir ennfremur á að hafa þarf í huga þvottalaugarnar og sundlaugina, þegar áætluð eru óviss útgjöld.

Allir á fundi nema Kr. Þorgrímsson. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsd. K. Zimsen
Þ.J.Thoroddsen Sig. Thoroddsen

---

Ár 1908, hinn 16. dag nóvembermánaðar, var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir:

1. Beiðni frá Eiríki Ingimundarsyni og Páli Jónssyni um að fá útmæld kálgarðsstæði við Einholt. Veganefndarmönnum Þórði Thoroddsen og Kristjáni Þorgrímssyni falið að athuga málið til næsta bæjarstjórnarfundar.

2. Stjórnarráðið býðst til þess að leggja ókeypis lóð til breikkunar Bankastrætis gegn því að steypt steingirðing með járngrindum ofaná sje gerð meðfram veginum. Veganefndin leggur til að bæjarstjórn gangi að þessu tilboði. Áætlað er að girðingin kosti allt að 1500 kr.

3. Veganefndin vill gera eptirfylgjandi breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir 1909, úr því ekki er útlit fyrir að allar kröfur veganefndarinnar (sbr. síðasta fund) fáist:

a) að 6. liður við 11. lið fjárhagsáætlunarinnar falli burt, og í stað þess komi:

| | |
|---|---|
| Holræsi í Austurstræti frá Læk að Veltusundi | 1700 kr. |
| Lögun á Veltusundi og holræsi í það | 800 - |

b) að tillagan um endurveiting á fje til holræsis og lögunar Bergstaðastrætis verði tekin upp í áætlunina. 3500 -

c) að 8. liðurinn (við 11. lið): til viðhalds gatna og ofaníburðar verði 5200 -

11. gjaldaliður fjárhagsáætlunarinnar yrði þá 19000 kr. í stað 15000 kr.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Bríet Bjarnhjeðinsd.

K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908, hinn 23. dag nóvembermánaðar var haldinn fundur í veganefndinni og þetta tekið fyrir:

1) Lagt fram erindi frá Sveini Jónssyni á Vatnsenda um landamerki milli Vatnsenda og Árbæjar landa. Veganefndarmönnunum Þórði Thoroddsen og Kristjáni Þorgrímssyni falið að fara á staðinn og segja álit sitt um málið.

2) Lögð fram beiðni frá ýmsum búendum við Laufásveg um lögun á þeim vegi. Veganefndin sá sjer ekki fært að sinna þessari beiðni að svo stöddu, þar eð hún er þegar búin að ráðstafa vegafjenu fyrir næsta ár.

3) Lögð fram beiðni frá búendum á Bráðræðisholti um framhald Lágholtsvegar. Veganefndin sá sjer af fyrnefndum ástæðum eigi fært að sinna beiðninni.-

Á fundi mættu ekki Þórður Thoroddsen og Knut Zimsen.
Fundi slitið.

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson
Sig. Thoroddsen Bríet Bjarnhjeðinsd.

---

Ár 1909, hinn 18. janúar, var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra.-
Sú breyting var orðin á veganefnd, að borgarstjóri hafði samkv. hinni nýju samþykkt bæjarmálefna tekið að sjer formennsku nefndarinnar, en bæjarfulltrúi Kristján Þorgrímsson var genginn úr nefndinni.- Voru allir nefndarmenn mættir á fundinum nema Klemenz Jónsson.

Á fundinum var samþykkt að fela bæjarverkfræðingnum að auglýsa útboð á brústeinum og stjettarsteinum, er nota þarf þetta ár til veganna. Samþykkt var og að gjöra útboð um c 200 leirpípur 9 þuml. á vídd.

Fleira var ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Páll Einarsson Þ. Thoroddsen

Bríet Bjarnhjeðinsd. K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 1. febrúar, var veganefndar fundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Á fundinum voru framlögð tilboð þau, er bæjarverkfræðing höfðu borizt í brústeina og stjettarsteina þá er ræðir um á síðasta fundi.

Ákveðið var að taka tilboði Magnúsar Egilssonar steinsmiðs í 2500 brúarsteina fyrir 20 au. stykkið við veg. Að því er hina vantandi brúarsteina snertir var borgarstjóra falið, að leita samninga við hina aðra er tilboð hafa gjört um að láta steinana fyrir sama verð og Magnús Egilsson býður, og yfir höfuð var borgarstjóra gefið vald til að ráða fram úr því máli fyrir hönd veganefndar.-

Að því er stjettarsteina snertir var ákveðið að taka tilboði Magnúsar Egilssonar um 100 álnir á 1,25 og tilboði T. Tómasens um 200 álnir á 1,35. Að öðru leyti var borgarstjóra falið að útvega þá stjettarsteina er þarf fyrir líkt verð.

Að gefnu tilefni var bæjarverkfræðingnum falið að hafa nákvæmt eptirlit með því að lækjarósinn væri hreinsaður svo opt og vel sem þarf. Sömuleiðis að gjöra tillögu um, á hvern hátt hentugast væri að breikka lækjarósinn svo og gjöra við hann, að ekki þyrfti að óttast að vatnið er rennur um lækinn stöðvist í honum.

Fleira ekki fyrirtekið, Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson K. Zimsen Þ. Thoroddsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 15, dag marzmánaðar, var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra kl. 5 e.m.

Allir á fundi nema Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá Árna Jóhannssyni og Högna Finnssyni um lagningu á skolpræsum í Grundarstíg.- Nefndin sá sjer ekki fært að sinna þessu erindi að svo komnu vegna þess að fje er ekki veitt til þessa á áætluninni, en verkfræðingi falið að skoða, hvort eigi væri hægt að laga afrennsli á þessum stað með litlum kostnaði af viðhaldsfje vega.

2. Erindi frá verzlunum H.P. Duns og J.P.T. Bryde um sandtöku við bryggjur þeirra. Veganefndin vísar til ályktunar bæjarstjórnar frá 18. apr. 1907 um sandtöku, en samkv. þeirri ályktun er sandtaka ekki leyfð almenningi nema með sjerstöku leyfi formanns veganefndar í hvert skipti, og gengur nefndin út frá því, að formaður leyfi ekki sandtöku nálægt bryggju kæranda nema nauðsyn krefji.

3. Tilboð um holræsispípur komu frá pípuverksmiðjunni og frá Helga Magnússyni & Co. Tilboði Helga var tekið: 220 ál. 9" pípur fyri samtals 229 kr., var það tilboð 21 kr. lægra en tilboð pípuverksmiðjunnar.

4. Tekið tilboði ing. Kn. Zimsen um vatnsvagn, er taki 1000 liter og sje að gerð samkv. teikningu er lögð var fram á fundinum. Vagninn á að kosta 600 kr. skilað frítt á bryggju í Reykjavík.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

K. Zimsen  Kl. Jónsson  Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 29. marzmánaðar hjelt veganefndin fund með sjer. Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen.

Þetta var fyrir tekið:

1. Bæjarverkfræðing falið að láta nú þegar hreinsa allar rennur í bænum og að sjá um að þeim verði framvegis haldið hreinum.
2. Bæjarverkfræðing falið að gjöra áætlun um, hvað kosta muni að leggja æð frá laugauppsprettunum að sundlauginni.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsd.  K.Zimsen  Sig.Thoroddsen

---

Ár 1909 þ. 3. maí hjelt veganefndin fund með sjer. Fjærverandi var Knud Zimsen.

1. Veganefndin skipti með sjer störfum þannig að Klemens Jónsson tók að sjer eptirlit með þrifnaði í bænum og rennunum svo og með vatnsbólunum, en að öðru leyti gegni hver nefndarmaður störfum þeim, er hann hefur tekið að sjer á fundi 17. febr. f.á.

Þetta var tekið fyrir á fundinum ennfremur:

2. Lagði bæjarverkfræðingur fram kostnaðaráætlun um leiðslu á heitu og köldu vatni í sundlaugina. Var áætlunin 4500 kr. að upphæð. Veganefndin sá sjer ekki fært að ráða bæjarstjórninni til að leggja út í þennan kostnað. Aptur á móti ákvað hún að láta setja möl í laugar stokkinn til þess að sía vatnið og gjöra aðrar smáumbætur svo að vatnið yrði sem hreinast.

3. Veganefndin fól oddvita að ráða sundkennara með sömu kjörum og fyrra ár.

4. Samkvæmt erindi frá heilbrigðisfulltrúanum ákvað veganefnd að láta gjöra steinkraga við Skálholtskotslindina svo sem heilbrigðis samþykktin mælir fyrir.

5. Erindi frá Guðna Símonarsyni í Breiðholti um styrk til ofaníburðar á vagnveg sem hann hefur gjört frá Breiðholti niður á sýsluveg var framlagt. Tillaga frá einum nefndarmanni um að veita Guðna 50 kr. styrk til þessa var felld með jöfnum atkvæðum.

6. Var frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur falið að ráða manneskju til að sjá um hreinsun við laugarnar svo og gæta luktarinnar fyrir allt að 30 kr. um mán., ráðningartími 1 ár frá 14. maí næstkomandi. Jafn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framt var bæjarverkfræðing falið að láta gjöra hinar allra nauðsynlegustu aðgerðir við laugarhúsin og kring um þau.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsd. Þ. Thoroddsen Sig. Thoroddsen

---

Ár 1909 þ. 7. júní átti samkv. fundarboði að halda fund í veganefndinni. Á fundinum voru aðeins mættir formaður nefndarinnar, Klemens landritari Jónsson og verkfræðingur Knud Zimsen, auk bæjarverkfræðingsins. Fór þá fram það er hjer segir:

1. Erindi Sigurðar Jónssonar og Vilhjálms Árnasonar um að frá skolprennu frá húsi þeirra No. 1 B við Lindargötu; var afhent bæjarverkfræðingnum til athugunar og umsagnar.

2. Var lagt fram erindi frá Eiríki járnsmið Bjarnasyni dags. 4. f.m. um að fá skipt lóðum þannig c. 4 álna breiða ræmu til gangstjetta fyrir sunnan verkstæði hans og part fyrir jafnstóra lóð suður af húsi hans. Veganefndin mælir með því að lóðarskipti þessi fari fram, ef bærinn þá jafnframt getur fengið eignarhald á spildu þeirri, er liggur fram með suðurhlið Bárufjelagshússins og var oddvita falið að leita samninga um það.

3. Var þess krafist að bæjarverkfræðingurinn setti frá flokksstjóra þann, er umsjón hefur haft með verkamönnum þeim, sem eru að byggja upp stjórnarráðsgarðinn, og jafnframt að fjölgað verði verkamönnum við verk þetta og því hraðað sem mest má.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson K.Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 28. júní, var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru mættir nema Bríet Bjarnhjeðinsd.

Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Útaf erindi Jakobs Árnasonar frá Auðsholti um að fá leyfi til að leggja skolpræsi frá húsi hans vestur í skolpræsið frá Landakoti, lýsti veganefndin því yfir, að frá hennar hálfu sje ekkert því til fyrirstöðu.

2. 1. lið í erindi heilbrigðisnefndar frá 11. maí þ.á. svarar veganefndin á þann hátt, að samkv. samþykkt bæjarstjórnar er það í verkahring heilbrigðisnefndar að fyrirskipa holræsalagningu frá húsum út á götuholræsi og telur því sjálfsagt að heilbrigðisnefndin framfylgi þessari fyrirskipun bæjarstjórnar, og felur bæjarverkfræðing að sjá um að verkið verði vel af hendi leyst þegar þar að kemur.
   2. lið í erindi sömu nefndar svaraði veganefndin svo, að hún fól verkfræðing bæjarins að láta lengja holræsið frá Landakotsspítala svo langt niður í fjöruna sem verkfræðingnum þykir þurfa.
   3. lið í erindi sömu nefndar svaraði veganefndin svo, að hún ákvað að láta setja kloakbrunn í Smiðjustíg nálægt samkomubrunninum þar, svo að búendur í húsinu Lindargötu 1 B geti hellt skolpi í þann brunn.

3. Erindi frá Vilborgu Gunnarsdóttur vísað til bæjarverkfræðings til athugunar til næsta fundar.

4. Erindi heilbrigðisfulltrúans viðvíkjandi læknum svarar nefndin svo, að hún felur verkfræðing bæjarins að láta hreinsa lækinn sem tíðast og að öðru leyti gera þær smáumbætur á honum, sem nauðsynlegar kynnu að vera.

5. Borgarstjóra og veganefndarmanni Kn. Zimsen falið að rannsaka rjett bæjarins til gangstjettanna við tjörnina meðfram lóðum Iðnaðarmannahússins, Báruhússins og Eiríks Bjarnasonar.

Allir á fundi nema Bríet Bjarnhjeðinsdóttir,og Þórður Thoroddsen fór af fundi, þegar 2. mál 1. liður var útrætt.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sig. Thoroddsen   Kl. Jónsson   K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 12. júlí, var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn voru mættir.

Þetta var tekið fyrir:

1. Erindi Vilborgar Gunnarsdóttur, sem á síðasta fundi var vísað til bæjarverkfræðingsins, sjer nefndin sjer ekki fært að sinna að svo stöddu, eptir upplýsingum þeim, sem bæjarverkfræðingur gaf um staðháttu.

2. Í tilefni af brjefi Þórarins Arnórssonar var bæjarverkfræðing falið að athuga hina svonefnda Þormóðsstaðabrú og láta gjöra við hana smá aðgjörðir, ef þurfa þykir.

3. Erindi frá Ingvari Sveinssyni þar sem hann býður bænum að búa til brústeina í viðbót við það sem hann hefur lofað, getur veganefndin ekki sinnt að svo stöddu, þar sem ekki er fje fyrir hendi.

4. Útaf 4. lið í brjefi heilbrigðisnefndar til veganefndar, ákvað veganefndin að tiltaka að svo stöddu enga tæmingarstaði fyrir sorp aðra en sjóinn eins og verið hefur að undanförnu, en skorað á heilbrigðisfulltrúa að sjá um, að sorpið sje látið svo neðarlega að út taki með hverju flóði.

5. Útaf 5. lið í brjefi sömu nefndar fól veganefndin bæjarverkfræðing að sjá um að uppfyllingin í tjörnina undir fríkirkjuveg fári haganlega fram.

6. Að því er stýflu þá snertir í lækinn upp við Tjörn, er heilbrigðisnefndin stingur upp á, getur veganefndin ekki verið nefndinni samdóma og sjer ekki ástæðu til leggja til að slík stífla sje sett.

7. Samþykkt var að leiða rennandi vatn inn á þvaghúsið við Templarasund

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Þ. Thoroddsen K. Zimsen

Kl. Jónsson Sig. Thotoddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 3. ág. var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra, og var þetta tekið fyrir:

1. Samþykt að setja 2 rennubrunna, annan í Tjarnargötu og hinn í Suðurgötu.

2. Þessir menn ráðnir til að kveikja á ljóskerum bæjarins næstkomandi vetur: Jóhann Jónsson, Jón Guðlaugsson og Kristinn Þorkelsson.

Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir K. Zimsen
Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen

---

Ár 1909, 30.dag ágústmán. var veganefndarfundur haldinn á vanalegum stað og tíma.

1. Beiðni frá Kristínu Pjetursdóttur og Guðrúnu Lárusd. um veg að húsum þeirra á melunum, leggur nefndin til að sé synjað.

2. Nefndin leggur til að 300 kr. sje varið til að gera varnargarð við lækjarósinn (sbr. áætlun).

Fleira ekki tekið fyrir.
Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen og Kn. Zimsen. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Sig. Thoroddsen

---

Ár 1909, hinn 13. dag septembermán., var veganefndarfundur haldinn.

Á fundinum mættu auk bæjarverkfræðingsins aðeins þeir landritari Klemenz Jónsson og læknir Þ.J. Thoroddsen, og var því fundur ekki lögmætur.

Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen Þ.J. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 4. dag októbermánaðar var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

1. Viðvíkjandi uppsögn Ögmundar Guðmundssonar á grjótlandi í Grenshálsi, leggur nefndin til að sú uppsögn sje tekin gild frá næsta nýjári, en hún sjer enga ástæðu til að gefa neitt eptir af afgjaldinu fyrir undanfarandi eða yfirstandandi ár.

2. Beiðni kom fram frá búendum á Stóruhólabrekku, Litlubrekku og Kvöldroðanum um styrk til brunngraptar. Veganefndin vill taka þetta mál til athugunar við næsta árs vegaáætlun og áður láta gera áætlun um kostnað við það að leggja vatnsveitupípur þangað suður eptir, og leita fyrir sjer hjá húseigendum, að hve miklu leyti þeir mundu vilja kosta þá pípulagningu.

3. Lagt fram erindi frá Stjórnarráðinu um það að bærinn taki að sjer viðhald norðurhelmings Lauganesvegarins. 1 veganefndarmaður var þessu meðmæltur, annar mótfallinn, þriðji greiddi eigi atkvæði.

Á fundinum voru ekki mættir Knud Zimsen og Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 25. okt. átti veganefndin fund með sjer.

I) Var rætt um áætlun til vegagerða á næsta ári og leggur nefndin til að á næstu áætlun verði eptirgreindar upphæðir veittar til vega:

| | | |
|---|---|---|
| a) Til lögunar á Laufásvegi aðallega á kaflanum frá húsi Odds Gíslasonar að húsi frú Ingibjargar Jensdóttur og til lóðarkaupa undir veginn á þeim kafla | Kr. | 1700,oo |
| b) Til holræsis í Vesturgötu milli Stýrimannastígs og Ægisgötu gegn því að húseigendur leggi til 100 kr. | " | 300,oo |
| c) Til holræsis í Bankastræti milli Þingholtsstrætis og Ingólfsstrætis gegn jafnmiklu tillagi frá húseigendum. | " | 150,oo |
| d) Til að kaupa tilhöggna brústeina | " | 1850,oo |
| e) Til viðhalds vega | " | 5000,oo |
| Samtals | Kr. | 9000,oo |

II) Verði byrjað á holræsagerð í miðbænum á næsta ári að fenginni áætlun leggur nefndin til, að það verði gjört með láni.

III) Nefndin leggur til að veittar verði 4000 kr. til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna, og 3000 kr. til götulýsingar.

Ennfremur vekur nefndin athygli á því að gjöra þarf við sundlaugina, og vísar til áætlunar bæjarverkfræðingsins um það.

Allir á fundinum nema K. Zimsen og frú Bríet Bjarnhjeðinsd.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Sig. Thoroddsen Þ.J. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, hinn 13. desember, átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Á fundi voru auk borgarstjóra þeir Klemenz Jónsson og Þórður Thoroddsen, og að auk verkfræðingur bæjarins.

1. Lagt fram erindi frá hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps um ofaníburð á Kaplaskjólsvegi. Samþykkt að láta bera ofan í veginn þar sem þörf er á.

2. Tekið til umræðu erindi Carl Sæmundsen & Co. um einkaleyfi til að mega nota ljóskerastólpana fyrir auglýsingaspjöld næstu lo-15 ár gegn 5 kr. gjaldi til bæjarsjóðs fyrir hvern stólpa í miðbænum og 3 kr, annars staðar í bænum. Veganefndin leggur til að einkaleyfið sje veitt til lo-12 ára gegn áðurnefndu gjaldi, og borgarstjóra falið að leita nánari samninga um það til fjelagsins.

Fleira ekki fyrirtekið fundi slitið.

Páll Einarsson

Sig. Thoroddsen   Kl. Jónsson   Þ.J. Thoroddsen

---

Ár 191o, hinn 17. dag janúarmán. átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Veganefndin vill mæla með beiðni ungmennafjelagsins um skautafararsvæði á Reykjavíkurtjörn, sunnan til á henni.-

2. Erindi Grímstaðaholtsbúa um að bæjarstjóður láni þeim 4oo kr. til brunngraftar vill veganefndin ekki sinna.-

3. Lagt fram erindi frá Magnúsi Egilssyni, þar sem hann býðst til að selja bænum 35oo-4ooo brústeina fyrir 16 aura stykkið. Fellt með 2 atkv. gegn 2 að sinna boðinu.-

Allir á fundi nema Þ. Thoroddsen.

Fleira ekki fyrirtekið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson   K. Zimsen   Bríet Bjarnhjeðinsdóttir

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 191o, hinn 31. janúar, átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Kæra kom farm á fundinum frá Sigurbirni Á. Gíslasyni yfir Guðrúnu Jónsdóttur, umsjónarkonu þvottahússins við Laugarnar. Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttur var falið að rannsaka, að hve miklu leyti kæran er á rökum byggð.

Bæjarverkfræðingi var falið á hendur að rannsaka, hver orsökin til þessa væri, að svo mikið skolpvatn rennur í Aðalstræti og Austurstræti og gefa veganefnd skýrslu um það.

Allir á fundi nema Knud Zimsen.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsdóttir  Sig. Thoroddsen

---

Ár 191o, hinn 28. febr., var veganefndarfundur settur og haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Allir voru mættir á fundinum.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kærumál Guðrúnar Jónsdóttur þvottakonu. Lagt var fram svar frá Guðrúnu gegn kærunni svo og mörg vottorð frá ýmsum konum um ólastanlegt framferði Guðrúnar í laugunum. Veganefndin sjer ekki ástæðu til að sinna þessu máli eða gera ráðstafanir í tilefni af því, og vísar kæranda til dómstólanna ef hann þykist órjetti beittur.

2. Samþykkt að taka tilboði Böðvars Jónssonar um pípusölu til sundlaugarinnar 12ooál. af 6" pípum og 600 ál. af 4" pípum fyrir 93o kr. Klemenz Jónsson landritari bað bókað, að hann væri á móti þessari samþykkt vegna þess að útboð um pípusölu ekki hafi átt sjer stað. Á sama máli kvaðst Knud verkfræðingur Zimsen vera.

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson  Bríet Bjarnhjeðinsdóttir  Þ.J.Thoroddsen

K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þ. 14. marz átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru að eins auk formannsins bæjarfulltrúarnir Klemenz Jónsson og frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir.
Gjörðist þá það er hjer segir:

1. Jens Eyjólfsson sækir um leyfi til að taka allt að 1000 tunnur af möl í Vatnagörðum. Veganefndin samþykkti að veita leyfi þetta gegn hæfilegu endurgjaldi, eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

2. Carl Frederiksen bakari sækir um að mega gjöra kloakbrunn á Vesturgötu og frá honum lokræsi til sjáfar. Veganefndin vill veita honum leyfi þetta, en verkið sje unnið undir umsjón og eptir fyrirsögn bæjarverkfræðingsins.

3. Frestað að taka ákvörðun um erindi frá heilbrigðisfulltrúa viðvíkjandi frárræslu frá Safnhúsinu og hreinsun og að-gjörð á Vitatorgi, vegna þess að bæjarverkfræðingurinn ekki var á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Bríet Bjarnhjeðinsdóttir Kl. Jónsson

---

Ár 1910 þann 4. dag aprílmán. átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var tekið fyrir:

1. Guðm. læknir Hannesson óskar að mega leggja bráðabirgðar kerrubraut sunnan við Hverfisgötu. Veganefndin vill leyfa honum það. Ennfremur óskar hann að fá til kaups lausagrjót sem bærinn á sunnanvert við sömu götu. Veganefndin leggur til að honum sje selt grjótið fyrir 8 kr. hvern teningsfaðm.

2. Lögð fram kæra frá húseigendum við austurenda Lindargötu útaf vondri færð á þessum hluta götunnar og á Vitatorgi. Verkfræðingi bæjarins falið að láta bera ofaní götuna til bráðabirgða og jafna hrúgurnar, sem kynnu að vera á Vitatorgi.

3. Veganefnd kærir Sigurð Ásbjarnarson til sekta fyrir í óleyfi að hafa hrúgað möl og sandi á Klapparstíg og fyllt upp ræsi við Hverfisgötu og Klapparstíg, og krefst þess að hrúgan sje tekin burt tafarlaust.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Þórður Thoroddsen.

Fundi slitið.

Bríet Bjarnhjeðinsdóttir K.Zimsen Páll Einarsson Sig.Jónsson
Kl. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 191o þann 18. aprílmánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Var lagt fram erindi frá húseigendum við Laugaveg, þar sem þeir fara fram á að gjört verði á þessu vori holræsi í kafla Laugavegar vestan Frakkastígs. Er kafli þessi c. 35 faðmar að lengd og húseigendur heita að leggja fram 215 krónur til þessa holræsis. Nefndin hyggur að þetta holræsi muni kosta um 4oo krónur og leggur til að holræsið verði gjört, undireins og hið lofaða tillag er greitt í bæjarsjóð.

2. Hjeraðslæknir og heilbrigðisfulltrúi skýra frá því, að þeir hafi bannað að nota vatn til drykkjar úr brunnholu fyrir neðan Hólabrekku á Grímstaðaholti, og fara þeir fram á það, að bæjarstjórnin láti gjöra brunn á þessum stað, eða styrki húseigendur til þess. Veganefndin sjer ekki ástæðu til að sinna þessu, þarsem bæjarstjórnin hefur nýlega synjað húseigendum á þessum stað um styrk til brunngraftar, svo og um að gjöra þar brunn á kostnað bæjarsjóðs.

3. Nefndin ákvað að láta mála grindurnar kring um Austurvöll.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Sig.Thoroddsen K.Zimsen

---

Ár 191o þann 9.dag maímánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagður fram uppdráttur yfir tilhögun gas-götuljóskera. Er á honum gert ráð fyrir 21o götuljóskerum. Veganefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki að sett verði fyrst um sinn 2oo ljósker og að nefndinni verði falið að ákveða nánar stað þeirra.

2. Bæjarstjórnin hefur vísað til veganefndar erindi búenda á Grímstaðaholti um styrk til að gjöra vatnsból. Nefndin vísar til gjörðar sinnar á síðasta fundi (2.mál) og vill ekki enn sinna þessari beiðni

3. Samþykkt að láta bera ofaní Hafnarfjarðarveg.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Jón Þorláksson K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þann 23. dag maímán, átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjofa.

1. Lagður fram uppdráttur yfir tilhögun gas-götuljóskera. Eptir samráði við framkvæmdastjóra gasstöðvarbyggingarinnar, ákvað nefndin að sleppa 7 ljóskerum af uppdrættinum, og verða þau þá 203 að tölu, en nefndin sá sjer ekki fært að sleppa fleirum án þess að raska um of tilhöguninni í heild sinni.

2. Eptir beiðni Sundskálafjelagsins Grettir var samþykt með meiri hluta atkvæða að verja allt að 50 kr. til umbóta á vegi frá Skildinganesveginum vestur að Þormóðsstaðahliðinu, svo að hann verði greiðfær hjólríðandi mönnum.

3. Beiðni 4 manna við Bergstaðastræti um holræsi í þá götu gat nefndin ekki sinnt með því að ekki er nein fjárveiting fyrir hendi og ekki fylgir neitt tilboð um tillag til holræsis frá umsækjendunum.

4. Nefndin spurði bæjarverkfræðinginn eptir áætluninni um holræsi í miðbænum, og kvaðst hann ekki hafa hana tilbúna enn þá, en lofar henni eptir 2-3 vikur.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þann 13. dag júnímánaðar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi frá Ólafi Björnssyni fyrir hönd fulltrúanefndar íþróttafjelaganna í bænum, þar sem farið er fram á, að bæjarstjórn láti af hendi svæði 180x90 metra að stærð til íþróttaiðkana á melunum fyrir sunnan kirkjugarðinn og að bæjarstjórnin láti leggja vatns-og gas-æðar að þessu svæði og um það, fjelögunum að kostnaðarlausu, og láti vatn ókeypis til afnota.
Veganefndin leggur til, að bæjarstjórnin láti af hendi við fjelögin til afnota hið umgetna svæði, eftir nánari útvísun byggingarnefndar; þó þannig að bærinn geti tekið svæðið aftur án þess að kaupa mannvirki þau, sem á því kunna að verða gjörð, hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess.
Nefndin leggur og til, að bærinn kosti vatns-og gas-æðar að svæðinu og meiri hlutinn leggur einnig til, að æðarnar verði lagðar um svæðið og ljósker sett þar. Vill nefndin þó takmarka fjárveitingu til þessa verka við 4000 krónur.
Loks er það samhuga tillaga nefndarinnar að vatn verði látið ókeypis í tje.
Ennfremur leggur nefndin til, að ekki verði byrjað á framkvæmd umræddra verka fyr en trygging er fengin fyrir því, að íþróttasvæðið verði þannig útbúið, að veganefnd þyki viðunandi og að borgarstjóra, í samráði við veganefnd verði falið að gjöra samninga um þetta við hlutaðeigendur.

2. Lagt fram erindi frá Lárusi H. Bjarnasyni um skolpræslu frá húsi því er hann er að láta byggja við Tjarnargötu. Frestað að gjöra tillögur um þetta, vegna þess, að ekki er komin áætlun um holræsagerð í mið-og vesturbænum.

3. Á síðasta fundi nefndarinnar 23. maí var bæjarverkfræðingnum gefinn 3 vikna frestur til að fullgjöra áætlun um holræsagerð í vestur-og miðbænum, en hann lagði ekki nú, að frestinum liðnum, fram annað en álit um holræsi í Aðalstræti, Tjarnargötu og vesturhluta Austurstrætis.

4. Útaf erindi Lárusar H. Bjarnasonar um að Tjarnargata verður breikkuð alla leið frá Skothússtíg norður fyrir Ráðherrahússlóðina leggur nefndin til , að girðingarnar austan við götuna verði fluttar út í jaðar götustæðisins, en vill hinsvegar ekki að svo stöddu leggja til, að fje verði veitt til að gjöra gangstjett meðfram þessum hluta Tjarnargötu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Sig. Thoroddsen Jón Þorláksson

K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 25. dag júlímánaðar átti veganefndin fund með sjer.

Var þá fyrir tekið:

1) Í tilefni af hreinsun þeirri, sem nú fer fram á tjörninni, samþykkti nefndin að brýna fyrir verkstjóra Hermanni Guðmundssyni, að hafa nákvæmt eftirlit með því, að menn þeir, sem nú eru að hreinsa tjörnina stundi verk sitt með meira kappi, en verið hefur. Jafnframt var skorað á bæjarverkfræðinginn, að sjá um að duglegir menn verði hafðir til vinnu fyrir bæinn.

2) Bæjarstjórnin hefur vísað til veganefndar beiðni nokkurra húseigenda við Hverfisgötu um skolpræsi í Hverfisgötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs. Nefndin vill ekki að svo stöddu leggja til að bæjarstjórnin samþykki málaleitun þessa, en vill hinsvegar taka málið til íhugunar á komandi hausti ef húseigendur á svæðinu frá Klapparstíg austur að Vitastíg bjóða fram ákveðin tillög til skolpræsis á þessum kafla Hverfisgötu.

3) Bæjarstjórnin hefur einnig vísað til nefndarinnar erindi frá húseigendum í Lindargötu, þar sem þeir bjóða fram 200 kr. tillag til skolpræsis í Lindargötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs, ef það verði lagt á þessu sumri. Bæjarverkfræðingurinn hefur áætlað að þetta verk mundi kosta 10-1200 kr. og vill nefndin ekki leggja til, að fje verði veitt til þessa að svo stöddu.

4) Erindi Jóns Þórðarsonar um lagningu skólpræsis í Bankastræti fyrir framan hús hans var vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar.

Allir á fundi nema borgarstjóri.

Fundi slitið.

K. Zimsen

Kl. Jónsson Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910, þann 29. apríl átti veganefndin fund með sjer.

Var þá fyrir tekið:

1. Ákveðið var að kveykja á ljóskerunum 1. septbr. n.k. og hafa logandi á þeim frá kl. $8\frac{1}{2}$ til kl. $11\frac{1}{2}$, til 15. septbr. n.k., og frá kl. 8 til $11\frac{1}{2}$ hinn síðari hluta september, en að öðru leyti var frestað að ákveða frekar um logunartíma götuljósanna.

2. Erindi frá Bergi Einarssyni um að kostað yrði af bæjarfje skólpræsi í Vatnsstíg, en sjálfur býðst hann til að kosta gröpt, lagningu og ofanímokstur. Ákveðið að rannsaka málið til næsta fundar.

3. Erindi frá búendum við Vallarstræti um frekari ljósker þar. Nefndin frestaði að svo stöddu að gera ákvörðun þessu viðvíkjandi.

4. Borgarstjóri skýrði frá, að bæjarverkfræðingur Sig. Thoroddsen hefði neitað að gegna ingeniörsstörfum bæjarins, þar á meðal sem ráðanautur veganefndarinnar, og var hann því eigi mættur á fundinum.

Fjarverandi voru ingeniör Jón Þorláksson og ingeniör K. Zimsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 12. dag septembermánaðar átti veganefndin fund með sjer.

Var þá fyrir tekið:

1) Erindi Jóns Þórðarsonar um holræsi (sbr. fund 25/7. 4.lið) var lagt fram. Nefndin samþykkir að láta gjöra nú þegar umræddan holræsisspotta (ca. 20 álnir) gegn því að Jón Þórðarson geri ekki tilkall til endurgjalds fyrir lóðarræmu undir breikkun Bankastrætis milli Þingholtsstrætis og Ingólfsstrætis.

2) Bergur Einarsson, sútari, fer fram á að gjört verði holræsi í Vatnsstíg c. 54 álnir að lengd og býðst hann til grafa fyrir pípunum og moka ofaná þær á sinn kostnað. Nefndin leggur til, að þetta holræsi verði lagt og áætlar kostnaðinn úr bæjarsjóði 80-90 krónur.

3) Búendur við Vallarstræti og Veltusund fara fram á, að ljóskeri verði bætt við í Vallarstræti. Nefndin leggur til að eitt ljósker verði sett á horninu milli Vallarstrætis og Veltusunds.

4) Stjórnarráðið fer fram á að 3 ljósker verði sett við Laufásveg frá Laufási að Kennaraskólanum. Nefndin mælir með þessari beiðni.

5) Nefndin hefur athugað, að götuljós þarf að setja á Stýrimannastíg fyrir neðan Stýrimannaskólann og leggur til, að þar verði sett eitt ljósker.

6) Nefndin leggur til, að frá 1-15 október verði kveikt á götuljóskerunum kl. 7½ og látið loga til kl. 12. Ennfremur vill nefndin að ekki verði látið loga á ljóskerunum þegar bjart er af tungli.

7) Nefndin ákvað að láta leggja til gasstöðvarinnar þá stólpa, sem hægt er að nota fyrir gasljós.

Fjarverandi voru Jón Þorláksson og Klemenz Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Sig. Thoroddsen K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 3. dag októbermánaðar átti veganefndin fund með sjer og var þetta gjört:

1) Samþykkt að frá 16-31 október skuli vera kveikt á götuljóskerunum kl. 6 til kl. 12 og látið loga á 20 næturljósum þar sem bæjarverkfræðingur nánar ákveður.

2) Beiðni frá Páli Halldórssyni, skólastjóra um veg frá Stýrimannastíg á Túngötu og beiðni frá umráðamönnum Aldamótagarðsins um framlengingu Laufásvegar meðfram garðinum var frestað og bæjarverkfræðingi falið að gjöra tillögur þaraðlútandi á næsta fundi.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson K. Zimsen

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 191o þann 25 dag októbermánaðar hjelt veganefndin fund með sjer. og var þá rædd áætlunin fyrir 1911.
Leggur nefndin til að eftirgreindar upphæðir verði veittar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til breikkunar á veginum gegn um Rauðarártraðir | kr. 5oo,oo |
| 2. | Til að framlengja Laufásveg suður fyrir Grænuborg upp á Hafnarfjarðarveg, svo að hann verði nokkurnveginn akfær | - 6oo,oo |
| 3. | Til að gjöra akfæran ruðning að húsunum við framlengingu Bergstaðastrætis | - 15o,oo |
| 4. | Til holræsagjörðar, einkum í miðbænum, eftir því, sem bæjarstjórnin síðar ákveður<br>Þetta samþykkt af meirhluta viðstaddra nefndarmanna og af öðrum meiri hluta samþykt með því skilyrði, að lán yrði tekið til þess. | -12ooo,oo |
| 5. | Til ofaníburðar og viðhalds gatna | - 3ooo,oo |
| 6. | Til að gjöra gangstjett að sunnanverðu í Austurstræti frá Pósthússtræti að læknum og leggja hana steyptum hellum | - 2ooo,oo |
| | Kr. | 1825o,oo |
| 7. | Til þrifnaðar og snjómoksturs leggur nefndin til að veitt verði kr. | 5ooo,oo |
| 8. | Til götulýsingar - | 7ooo,oo |
| 9. | Til áhalda og aðgerða á þeim - | 2oo,oo |

1o. Lagt til að veitt verði af óvissum útgjöldum 4oo kr. til leikvalla handa börnum.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson    Sig. Thoroddsen    K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þann 14. nóvember hjelt veganefndin fund með sjer og var þá lagt fram erindi frá formanni Áburðarfjelags Reykjavíkur, sem bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar. Fer fjelagið í brjefi þessu fram á, að bæjarstjórnin ákveði skylduhreinsun náðhúsa á vissum pörtum bæjarins og að fjelaginu verði falin hreinsunin.
Nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að bæjarstjórnin sinni erindi þessu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson  Kl. Jónsson

Jón Þorláksson K. Zimsen

---

Ár 1910 þann 12. desember hjelt veganefndin fund með sjer.

1) Rætt um stofnun bæjarverkfræðingssýslunarinnar.
Nefndin leggur til; að stofnuð verði föst bæjarverkfræðingssýslan með 2700 kr. byrjunarlaunum, er hækki um 200 kr. annaðhvort ár uppí 3500 kr. á ári og kosti bærinn skrifstofu,
að bæjarverkfræðingurinn hafi á hendi byggingarfulltrúastarfið og slökkviliðsstjórastarfið, hið síðara frá þeim tíma, er bæjarstjórnin síðar tiltekur.
að hann hafi á hendi öll störf fyrir bæjarstjórnina, sem útheimta verkfræðilega þekkingu og vinni að undirbúningi, umsjón og framkvæmd allra mannvirkja, sem bæjarstjórnin lætur gjöra, að svo miklu leyti, sem hans eigin starfskraftar leyfa.
að sýslanin sje auglýst laus frá 1. apríl 1911 og bráðabirgðaráðstöfun gerð til að fá gegnt byggingarfulltrúastarfinu og daglegum verkfræðingsstörfum þangað til.

Allir á fundi nema Klemenz Jónsson og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson  K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, hinn 3. jan. var fundur haldinn. Allir á fundi nema K. Zimsen.

1. Rætt um stofnun bæjarverkfræðingssýslunarinnar. Nefndin leggur til 1) að ákvæðið um launahækkun í tillögu nefndarinnar um þetta mál frá síðasta fundi (1.lið) falli burtu og 2) að aptan við 3. lið bætist: Án samþykkis bæjarstjórnarinnar má hann ekki hafa nein önnur atvinnustörf á hendi, en að öðru leyti leggur nefndin til að tillagan frá síðasta fundi verði samþykkt óbreytt.

2. Nefndin leggur til að bæjarverkfræðingssýslanin verði veitt frá 1. apríl næstkomandi, og að borgarstjóra verði falið að útvega byggingarfulltrúa til bráðabirgða þangað til, og heimilað að greiða kostnað við verkfræðingsstörf í bæjarins þarfir þangað til ef nauðsyn krefur.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson

---

Ár 1911 hinn 13. dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Rætt um frumvarp til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík, sem borgarstjóri hefur samið. Voru gerðar ýmsar breytingar á frumvarpinu, en eigi lokið við það að fullu.

Fundi slitið

Jón Þorláksson Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson K. Zimsen Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 hinn 27.dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni:

1. Rætt um frumvarp tillaga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík. Þessar breytingar á frumvarpinu samþykktar:
   a) 2. gr. a orðist svo:
   2 o/oo af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra. Sama gjald skal greiða af húsum þeim, sem síðar verða byggð við götu, sem holræsi er þegar lagt í og sje eldra hús rifið niður greiðist fjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.
   b) 2. gr. c falli burtu.
   c) Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo:
   Gjaldið greiðist þegar búið er að gjöra holræsi í þá götu, sem lóðin telst til og af vátryggðum húsum, þegar húsið er virt endanlega til brunabóta.
   d) 2. málsliður 3. greinar breytist svo að 1/3 hluta og til enda greinarinnar komi:
   "að helmingi eftir lengd lóðanna meðfram götunni og að helmingi eftir brunabótavirðingarverði húseigna þeirra, er á lóðunum standa.

2. Lagt fram erindi frá Bergi Einarssyni, sútara, þar sem hann fer fram á aukið tillag úr bæjarsjóði til holræsis í Vatnsstíg. Nefndin vildi ekki taka þessa málaleitan til greina.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Sig. Thoroddsen    Kristján Þorgrímsson    Kl. Jónsson    K.Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, hinn 31. martsmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Bæjarverkfræðingur Sigurður Thoroddsen lagði fram uppdráttarblöð, er sýna langskurði í götum bæjarins og þar á dregnar línur, er sýna legu og stærð áætlaðra holræsa.
Verkfræðingurinn ætlar að láta yfirlitsuppdrátt og lýsingu á hinu áætlaða holræsakerfi fylgja áætlun sinni og lauslega kostnaðaráætlun, og eftir beiðni veganefndar sjerstaka áætlun um holræsagerð í Aðalstræti, vesturhluta Austurstrætis, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Tjarnargötu.
Veganefndin gjörir það að tillögu sinni, að bæjarstjórnin heimili að greiða megi Sigurði Thoroddsen það, sem eftir stendur af kaupi hans fyrir árið 1910.

2. Ákveðið að auglýsa sundkennslustarfið á þessu ári.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Kl. Jónsson K. Zimsen Jón Þorláksson

---

Ár 1911, 24. dag aprílmánaðar hjelt veganefndin fund.

1. Lagðar fram umsóknir um sundkennslustarfið frá Páli Erlingssyni, Birni Jakobssyni og Ingibjörgu Brands.
   a) Nefndin felur Ingibjörgu Brands sundkennslu stúlkna úr barnaskóla Reykjavíkur, hinum almenna menntaskóla og Kvennaskóla Reykjavíkur tímabilið frá 14. maí til 30. júní. Kennslan skal fara fram fyrri part dags, fyrir hádegi. Kaupið er 150 krónur.
   b) Sundkennsla drengja úr barnaskóla Reykjavíkur, hinum almenna menntaskóla, og öðrum skólum, er njóta opinbersstyrks felur nefndin Páli Erlingssyni fyrir sama tímabil gegn 225 króna kaupi. Kennsla skal fara fram daglega eftir hádegi.
   c) Nefndin heimilar Birni Jakobssyni afnot sundlaugarinnar á kvöldin ef samkomulag fæst við sundkennarann, Pál Erlingsson.

2. Ákveðið að ganga á miðvikudag kl.6 inn á Rauðarártraðir til að taka ákvörðun um breikkun vegarins.

3. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin taki allt að 12000 kr. lán til að láta gjöra holræsi í Tjarnargötu, Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti, Veltusund og Austurstræti nú í sumar, og að nefndinni verði falin framkvæmd á þessu verki.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kl.Jónsson Jón Þorláksson K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, 1. dag maímánaðar hjelt veganefndin fund.

Lagt fram erindi frá Pjetri Halldórssyni, Ól. Jónssyni og Andr. Fjeldsted, þar sem þeir fara fram á að fá afnot landspildu vestan í Öskjuhlíð til skotæfinga.
Nefndin leggur til að þeim verði útvísað til skotæfinga landspilda við suðurenda Öskjuhlíðar, nálægt Nauthól, með skotmarki út að Skerjafirði. Landið geti bæjarstjórn tekið aftur hvenær sem er. Veganefndin ákveði síðar hin nánari takmörk landsins.

Allir á fundi nema Kr. Þorgrímsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Kl. Jónsson K. Zimsen B. Jónasson

---

Ár 1911, þ. 15. maí átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjóri, bæjarfulltrúarnir Kl. Jónsson og Kristján Þorgrímsson og bæjarverkfræðingurinn. Gjörðist þá það er hjer segir:

1.

Samþykkt að Guðmundur Egilsson trjesmiður megi hafa vatnssalerni í húsi sínu nr. 42 við Laugaveg.

2.

Útaf erindi frá verzluninni Björn Kristjánsson var ákveðið að láta hreinsa rennuna yfir Vesturgötu hjá húsi Björns Kristjánssonar, en neitað að leggja fram fje til frekari aðgerða á henni.

3.

Samþykkt að færa ekki girðinguna í túni Sveins Jónssonar við Rauðarártraðir lengra inn að þessu sinni, en breikkun götunnar nemur, en eigandi túnsins gefi skriflega yfirlýsingu um, að flytja girðinguna lengra inn á sinn kostnað, ef gatan verður breikkuð meira seinna.

4.

Samþykkt með meiri hluta að leggja til að tveggja þumlunga pípa verði lögð úr vatnsleiðslunni í sundlaugina. Kostnaður áætlaður c. 1240 kr. - Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 hinn 29. dag. maímánaðar átti veganefndin fund með sjer og voru tekin fyrir þessi mál.

1. Lagt fram erindi frá 14 búendum við Lindargötu, þar sem þeir fara fram á, að holræsi verði gjört í Lindargötu milli Vatnsstígs og Klapparstígs.
   Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til að gjöra þetta holræsi, en sjer sjer ekki fært að leggja til við bæjarstjórn, að nýtt lán verði tekið til þessa verks. Vill hinsvegar gjöra það að tillögu sinni, að holræsi þetta verði gjört á næstkomandi hausti, ef afgangur verður af því 12000 kr. láni, sem samþykkt er að taka til holræsagerðar í miðbænum.

2. Erindi frá Guðm. Hannessyni, hjeraðslækni um rennu meðfram Hverfisgötu að neðanverðu vill nefndin taka til íhugunar, þegar næsta fjárhagsáætlun verður samin, en felur bæjarverkfræðingnum að bæta sem bezt til bráðabirgða úr óþægindum þeim, er stafa af ræsisleysinu.

   Allir á fundi nema Klemenz Jónsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson K. Zimsen B. Jónasson

---

Ár 1911, hinn 8. dag júnímánaðar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Lögð fram áætlun bæjarverkfræðingsins um breytingu á holræsagerð í Tjarnargötu og Aðalstræti, og ákvað nefndin uppá væntanlegt samþykki bæjarstjórnar að gjöra dælistöð fyrir skolp úr suðurenda Tjarnargötu fyrir sunnan hús Eiríks Bjarnasonar, er dæli skolpinu upp á Suðurgötu, en nægilega víða (12") pípu þaðan ofan í Aðalstræti. Er áætlað, að við þessa breytingu sparist allt að 2000 krónur í byggingarkostnaði holræsa.
   Nefndin leggur að öðru leyti til, að henni sje falin framkvæmd á þeirri holræsagjörð, sem bæjarstjórnin hefur samþykkt.

2. Ákveðið var að bjóða út pípur þær, sem þarf til holræsagerðarinnar í sumar.

3. Nefndin leggur til, að frakkneska spítalanum sje leyft að setja vatnssalerni í spítalann. Verkið sje framkvæmt undir umsjón bæjarverkfræðingsins.

Klemens Jónsson fjarverandi. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Jóns Þorláksson K. Zimsen B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 19. júní var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni kl. 12 á hádegi ásamt ásamt bæjarverkfræðingnum til þess að opna tilboð í pípur til holræsa, er boðnar höfðu verið út í blöðunum. Mættir voru ennfremur þeir Böðvar Jónsson pípugjörðarmaður og Kjartan kaupmaður Gunnlaugsson f.h. firmasins Helgi Magnússon & Co.

Til borgarstjóra höfðu aðeins komið tvö tilboð og voru þau opnuð að viðstöddum ofangreindum mönnum og reyndust þau vera frá:

| | |
|---|---|
| Böðvari Jónssyni fyrir samtals kr. | 2857,2o |
| Helga Magnússyni & Co. - - | 3o38,oo |

Tilboðin voru lesin upp í heyranda hljóði.

Páll Einarsson
B. Jónasson

---

Ár 1911 þ. 2o. júní kl. lo f.h. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn hefur verið boðaður öllum nefndarmönnunum, en mættir voru að eins borgarstjóri og Jón Þorláksson, og bæjarverkfræðingurinn.

Fundarefnið er að taka ákvörðun um þau tvö tilboð í pípur til holræsa sem send hafa verið borgarstjóra, en þessi tvö tilboð eru frá:

| | | |
|---|---|---|
| Helga Magnússon & Co. | Kr. | 3o38,oo |
| Böðvari Jónssyni | | 2857,2o |

var samþykkt að taka tilboði Böðvars Jónssonar. Það tilboð er sundurliðað þannig:

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2o" | víðar | kr. | 6,6o | pr. | meter | - 24 m. | = | kr. | 158,4o |
| 18" | - | - | 4,9o | - | - | 13o m. | = | - | 637,oo |
| 15" | - | - | 4,6o | - | - | 72 m. | = | - | 331,2o |
| 12" | - | - | 3,5o | - | - | 13o m. | = | - | 455,oo |
| 9" | - | - | 1,92 | - | - | 38o m. | = | - | 729,6o |
| 6" | - | - | 1,2o | - | - | 455 m. | = | - | 546,oo |
| | | | | | Samtals | | | Kr. | 2857,2o |

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson Jón Þorláksson

B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 h. 17. júlí var fundur haldinn í veganefndinni og þá fyrir tekið:

1. Guðm. B. Kristjánsson og Þorst. Tómasson fara fram á, að Ránargata verði lengd vestur að lóð þeirra, sem hefur verið talin nr. 3 við Bræðraborgarstíg, þarsem eigandi nágrannalóðar við Bræðraborgarstíg hefur afgirt gang, sem verið hefur frá þeirri götu að húsinu. Nefndin sá sjer ekki fært að leggja til, að þetta verði gjört nú, en vill taka það til athugunar, þegar næsta fjárhagsáætlun verður samin.

2. Gísli Finnsson fer fram á, að settur verði grjótstöpull fram af Norðurstíg fyrir framan bólverkið til þess að menn geti kastað óhreinindum af honum fram í sjó, svo langt, að vanalegt flóð nái þeim. Bæjarverkfræðingurinn áætlar að það muni kosta um 70 krónur. Nefndin er því mótfallinn, að fje verði veitt til þessa, en vill krefjast þess af heilbrigðisnefnd og lögreglustjórn, að komið verði í veg fyrir, að óhreinindum verði kastað á þenna stað.

3. Jes Zimsen sækir um leyfi til að mega steinbræða lýsi á Langanesbletti. Veganefndin vill fyrir sitt leyti veita þetta leyfi ef heilbrigðisnefnd samþykkir og fullnægt verður skilyrðum þeim sem hún kann að setja.

4. Nefndin leggur til að holræsi verði gjörð í Grjótaþorpið og í vesturhluta Hafnarstrætis nú í sumar umleið og holræsi er gjört í Aðalstræti. Eftir áætlun bæjarverkfræðings er kostnaðurinn samtals 3020 krónur.

Á fund vantaði Klemens Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson K. Zimsen B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 h. 31. júlí var fundur haldinn í veganefndinni og þá fyrir tekið:

1. Samþykkt að hafa dælistöðina fyrir skolp úr Tjarnargötu á lóð þeirri, sem bæjarstjórnin hefur keypt til að byggja á brunastöð.

2. Samþykkt að nota til uppfyllingar í Thorvaldsensstræti og Vallarstræti möl og sand, sem afgangs verður við lagningu holræsa, en það sem ekki verður til þess notað skal flytja í framlengingu Fríkirkjuvegar.

3. Nefndin vill fyrir sitt leyti leyfa að vatnssalerni sjeu sett í samband við holræsin, en vill fá álit heilbrigðisnefndar áður en málið verður á enda kljáð. Vill nefndin fá þetta álit sem allra fyrst.

Á fund vantaði Jón Þorláksson. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson B. Jónasson K. Zimsen

---

Ár 1911 h. 4. september var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram tilboð í vatnsmótor og dælu í skolpbrunninn í Tjarnargötu. Ákveðið að taka tilboði frá Níels Holmech & Co. í Kristiania, sem býður að selja þetta hvorttveggja fyrir 660 krónur.

2. Samþykkt að leggja holræsi í Túngötu, fyrst um sinn vestur að Garðastræti.

3. Veganefndin leggur eindregið til, að leyft verði að setja vatnssalerni í samband við öll holræsi, sem liggja út í sjó.

Kristján Þorgrímsson ekki á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Jón Þorláksson K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911, hinn 19. sept. var fundur haldinn í veganefndinni, og fyrirtekið:

1. Erindi frá íbúum við Grundarstíg um framlengingu Grundarstígs vísað til bæjarverkfræðingsins til athugunar fyrir áætlun næsta árs.

2. Út af framkominni beiðni frá prestunum í Landskoti um að fá framlengt holræsið í Túngötu upp að barnaskólanum í Landskoti ákvað nefndin að verða við beiðninni ef það kemur í ljós að fjárveitingin til holræsa hrekkur til þess.

3. Rætt um framkvæmdir á vegagerðum og holræsagerðum næsta ár en engin ákvörðum tekin að sinni.

Allir á fundi nema Páll Einarsson, sem var farinn til útlanda.

Fundi slitið.

K. Zimsen

Kristján Þorgrímsson Kl. Jónsson Jón Þorláksson B.Jónasson

---

Ár 1911, hinn 3. október var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

1. Beiðni frá íbúum við Hverfisgötu um holræsi í Hverfisgötu frá Frakkastíg til Vitastígs. Vegalengdin er 17o metrar og kostnaður áætlaður kr. 11o5,oo. Nefndin vill taka beiðnina til athugunar við samning áætlunar fyrir næsta ár.

2. Beiðni frá húseigendum við Vesturgötu um holræsi í þá götu frá Norðurstíg að Stýrimannastíg. Vegalengdin er 18o metrar, kostnaður áætlaður 1o35 krónur. Fjárveiting sú, sem heimiluð hefur verið til holræsa í ár, mun ekki hrökkva til að vinna einnig þetta verk, en með því að holræsi er komið í götu þessa bæði fyrir austan og vestan, vill nefndin leggja til, að veitt verði upphæð sú, 1o35 kr., sem þessi kafli kostar, og verkið unnið í haust.

Allir á fundi nema Klemenz Jónsson.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

K. Zimsen

Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þann 25. október átti veganefndin fund með sjer. Var þá fyrirtekið:

I. Rædd vegaáætlun fyrir næsta ár og samþykt.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Macadamisering á Austurstræti með koltjöru og mulningi kostn. | kr. | 8480,00 |
| 2. Gangstjettir hellulagðar beggja megin í sama stræti | - | 3975,00 |
| 3. Lögun á Lækjartorgi | - | 800,00 |
| 4. Hellulögð gangstjett í Kirkjustræti sunnanverðu frá Thorvaldsensstræti að Tjarnargötu | - | 560,00 |
| 5. Framlenging á Ránargötu | - | 170,00 |
| 6. Aðgerð á Tjarnargötu | - | 500,00 |
| 7. Til ofaníburðar og viðhalds gatna | - | 4000,00 |
| | Kr. | 18485,00 |

2. Ákveðið að leggja til, að 9000 kr. verði veittar til þess að kaupa gufutromlu, er takist með láni.

3. Rædd áætlun um holræsagerð n.á. og samþykt:

| | | |
|---|---|---|
| a)Hverfisgata frá Smiðjustíg niður að Læknum | Kr. | 2030,00 |
| b)Bankastræti frá Þingholtsstræti að Skólavörðustíg | - | 650,00 |
| c)Laugavegur frá Skólavörðustíg að Smiðjustíg | - | 610,00 |
| d)Skólavörðustígur frá Bankastræti að Bergstaðastræti | - | 740,00 |
| e)Ingólfsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg | - | 530,00 |
| f)Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Laugavegi | - | 525,00 |
| g)Hafnarstræti | - | 855,00 |
| h)Túngata frá Garðastræti að Landakotsskóla | - | 1850,00 |
| i)Lækurinn | - | 30550,00 |
| | Kr. | 38340,00 |

Upphæð þessa er ætlast til að fá með láni.

4. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna telur nefndin að nægja muni n.á. 4000 kr.

5. Til götulýsingar telur nefndin nægja 7000 kr. eins og í ár.

6. Til áhalda og aðgerða á þeim leggur nefndin til, að veitt verði 200 kr. eins og að undanförnu.

7. Nefndin álítur að skrifstofukostnaður bæjarverkfræðings geti eigi orðið minni næsta ár en 500 krónur, og leggur því til, að sú upphæð verði veitt.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

K. Zimsen Kl. Jónsson

B. Jónasson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þann 14. nóvember átti veganefndin fund með sjer og var þá fyrirtekið:

1. Búendur við Grundarstíg hafa farið fram á að gatan væri lengd til suðurs. Erindi þeirra var frestað á síðasta fundi veganefndar, og falið bæjarverkfræðing til nánari athugunar. Áætlað er að vegagerðin sjálf með girðingum kosti 285 kr. Undir veginn þarf að kaupa alls 1295 ferálnir, en nefndin vill láta í skiftum lóðarræmur, sem bærinn á fyrir austan lóðir Magnúsar Stephensens og Gísla Jóhannssonar, svo og ræmu milli lóða þeirra. Vilji lóðareigendur hafa þessi skifti og selja þá lóð, sem umfram er fyrir 50 aura hverja feralin, þá mælir veganefndin með því, að vegagerð þessi verði tekin upp á fjárhagsáætlun 1912. Bæjarverkfræðingi falið að mæla lóðarræmurnar sem bærinn á, og borgarstjóra að leita eftir samningum við lóðareigendur um kaup og skifti á lóðum.

2. Ólafur Jónsson á Laugalandi fer fram á að fá endurbætur fyrir skemmdir á túni hans, er stafa af því að pípur voru í fyrra vor lagðar um túnið að sundlauginni. Nefndin telur rjett að bæta honum þenna skaða með 30 krónum, eins og hann fer fram á.

3. Erindi um holræsi í part af Hverfisgötu, sem frestað var á fundi veganefndar 3. okt. (1. liður) vill veganefndin ekki taka til greina, þar sem hún álítur að þörfin fyrir holræsi sje jöfn í allri Hverfisgötu og rjett sje því að leggja í hana alla í einu.

4. Búendur við norðanvert Bergstaðastræti fara fram á að lagt verði holræsi í Bergstaðastræti frá Skólavörðustíg að Spítalastíg. Veganefndin viðurkennir að mjög mikil þörf sje á þessu ræsi og leggur því til, að tekin verði upp á fjárhagsáætlun 1912 975 kr. fjárveiting til þessa verks.

Fleira ekki gjört.

Á fund vantaði Jón Þorláksson og Klemenz Jónsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

B. Jónasson    Kristján Þorgrímsson    K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1911, þann 4. desember átti veganefndin fund með sjer og var þá þetta fyrir tekið:

1. Lagt fram erindi frá búendum við Vesturgötu, þar sem þeir fara fram á að holræsi verði lagt í götuna milli Bræðraborgarstígs og Framnesvegar. Þar sem ekki er veitt neitt fje til holræsa á þessu svæði, sjer nefndin sjer ekki fært að leggja til, að það verði gjört, en felur bæjarverkfræðing að gjöra nauðsynlegastar umbætur á rennunni meðfram götunni.

2. Lagt fram erindi frá Jóni Hannessyni í Austurkoti, þar sem hann fer fram á endurbætur fyrir vegagjörð frá Kaplaskjólsvegi að Austurkoti. Bæjarverkfræðingi falið að láta bera ofan í veginn að svo miklu leyti sem þörf verður á; en að öðru leyti vill nefndin ekki sinna þessu erindi.

3. Páll Erlingsson, sundkennari fer fram á að fá launauppbót fyrir sundkennslu fyrir helming maímánaðar síðastliðið vor; en hann kenndi þá nemendum menntaskólans samkvæmt ósk stjórnenda skólans. Nefndin leggur til að honum verði greiddar 35 krónur.

4. Búendur við Rauðarárstíg og Laugaveg innanverðan fara fram á að sett verði ljósker á horninu á Laugavegi og Rauðarárstíg og á krikanum milli Hverfisgötu og Laugavegar. Veganefndin álítur að þörf sje á þessum ljóskerum, en vísar að öðru leyti málinu til gasnefndar.

Á fund vantaði Klemenz Jónsson, Jón Þorláksson og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

B. Jónasson K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 12. febrúar var haldinn fundur í veganefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Samkvæmt skriflegri ósk Þórðar læknis Sveinssonar var samþykkt að gjöra við veginn um Lauganestún.

2. Þorlákur Ófeigsson fer fram á að gjörður verði vegur að erfðafestulandi hans í Kirkjumýri. Nefndin gat ekki sinnt þessari beiðni.

Þarsem bæjarverkfræðingurinn mætti ekki á fundinum var frestað öðrum málum.

Á fund vantaði þessutan Kón Þorláksson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Kl. Jónsson K. Zimsen

---

Ár 1912, hinn 26. febr. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin samþykti að leyfa á sama hátt og síðastliðið ár að leggja saltfisk til bráðabirgða á stakkstæðið fyrir framan Edinborgarverzlun, einnig var samþykt að afmarka þar pláss til sölu á nýjum fiski.

2. Samþykt að leyta eptir kaupi á tromlu með hreifanlegri mulningsvjel, þó þannig að hvorttveggja fáist fyrir hina veittu upphæð, 9000 kr, og bæjarverkfræðingnum falið að útvega tilboð þar um.

3. Samþykt að bjóða út pípur til holræsa komandi sumar, og hellur til gangstjetta í Austurstræti.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson

Fr. Gunnarsson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 9. apríl, var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykt að taka tilboði Magnúsar Egilssonar um að kaupa af honum höggna nautsteina 14x1o þml., 2oo álnir fluttar niður í götu, fyrir kr. 1,35 hverja alin.

2. Erindi Páls Erlingssonar um aðgerð á sundlauginni vísað til bæjarverkfræðings til athugunar á kostnaði.

3. Sundkenslu ráðstafað á sama hátt og síðastliðið ár, að því viðbættu að sundkensla fyrir pilta byrji 1. maí í stað 14. maí síðasta ár, og hafi sundkennarinn tiltölulega meiri borgun eptir tímalengdinni.

4. Erindi frá Ingimundi Pjeturssyni o.fl. um ofaníburð í framhald Sellandsstígs hafði bæjarverkfræðingur athugað, og álítur að á því svæði sje gagnslaust að bera ofan í, með því að þar er alger vegleysa, og þarf að jafna landið undir veg. Nefndin álítur þörf á vegi á þessum kafla, og vill taka fjárveitingu í því skyni til athugunar við samning áætlunar fyrir næsta ár.

Fleira kom ekki fyrir. Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Jón Þorláksson
Tr. Gunnarsson Kl. Jónsson B. Jónasson

---

Ár 1912, mánudag þann 15. apríl, átti veganefndin fund með sjer.

Var þá tekið fyrir:

1. Erindi frá Ungmennafjelagi Reykjavíkur og Iðunni um að fá sundlaugina til afnota á kvöldin maímánuð n.k. Nefndin samþykti að fresta þessu máli fyrst um sinn.

2. Ákveðið að láta gera við sundlaugina samkvæmt erindi Páls Erlingssonar, er frestað var á síðasta fundi, og áætlar bæjarverkfræðingur kostnaðinn 35o,oo.

Fleira kom ekki fyrir. Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson
Kl. Jónsson Jón Þorláksson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þ. 3o. apríl kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Fjærverandi voru Klemens Jónsson og Jón Þorláksson en hvorugur þeirra var staddur í bænum.

Var tekið fyrir erindi frá Ungmennafjelögunum í Reykjavík dags. lo. þ.m., en í því er sótt um að fjelögin fái sundlaugina til afnota 3 stundir á kvöldi í maímánuði til sundkennslu, en fjelögin hafa ráðið Björn Jakobsson sem sundkennara.
Tveir úr nefndinni af þeim er mættir voru, mæla með því, að bæjarstjórnin verði við þessari beiðni Ungmennafjelaganna, en einn úr nefndinni er því mótfallinn.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson Tr. Gunnarsson
Kristján Þorgrímsson B. Jónasson

---

Ár 1912, hinn 13. maí átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Landssímastjórinn spyrst fyrir um hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu lagður verði niðurgrafinn talsími í nokkrar götur í bænum. Nefndin hefur ekkert á móti þessu að því tilskyldu, að bæjarverkfræðingur ákveði hvar í götunum síminn sje lagður, og að landsíminn betri eða borgi allar þær skemdir, sem af þessu hljótast á götunum og mannvirkjum sem í þeim eru.

2. Lögð fram 8 tilboð um gufu-og motortromlu, sem bæjarverkfræðingur hafði útvegað. Nefndin samþykti að kaupa 6 tonna gufutromlu frá Aveling & Porter samkvæmt tilboði frá Geir G. Zoëga fyrir £375/o/o fob Leith. Sömuleiðis ákveðið að kaupa mulningsvjel frá Robert Broadbent & Sons samkvæmt tilboði sama fyrir £75/o/o fob Leith.

3. Lögð fram teikning af fyrirhuguðu holræsi í lækinn, sem áætlað er að kosti 3o þúsund kr. Meiri hluti nefndarinnar er því samþykkur að verk þetta verði unnið á þann hátt, sem teikningin sýnir. Tryggvi Gunnarsson er ósamþykkur.

4. Ákveðið að bjóða út sement það, sem þarf til vega-og holræsa á þessu ári.

5. Nefndin leggur til að veittar verði kr. 3oo,oo til að gera pissoiar í nánd við hafnarbryggjuna.

Kr. Þorgrímsson ekki á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson Kl. Jónsson
Jón Þorláksson B. Jónasson Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 28. maí kl. 12 á hádegi var borgarstjórinn til staðar á skrifstofu sinni til þess að veita viðtöku og opna tilboð um sölu á cementi og holræsapípum, sem auglýst hefur verið eptir.

Tilboð um sölu á cementi höfðu komið alls 3 og reyndust að vera þessi:

| | |
|---|---|
| Frá Knud Zimsen | 6 kr. pr. tn. |
| - Hallgr. Benediktssyni | 5 - 70 a. pr. tn. |
| - Böðvari Jónssyni | 6 - 25 a. pr. tn. |

Tilboð um holræsapípur:

| | |
|---|---|
| 1) frá Böðvari Jónssyni fyrir alls | kr. 1705,60 |
| 2) - Helga Magnússyni & Co. - | - 1790,00 |

Tilboðin voru öll lesin upp í heyranda hljóði, að viðstöddum tveimur af þeim, er tilboðin höfðu sent og bæjarverkfræðingnum.

Páll Einarsson

B. Jónasson

---

Ár 1912, hinn 28. maí, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Var rætt um tilboðin um holræsapípurnar. Einn nefndarmanna, Kl. Jónsson, var ekki á fundinum, en af þeim nefndarmönnum er mættir voru, greiddu tveir atkvæði með tilboði Böðvars Jónssonar, en tveir með tilboði Helga Magnússonar & Co., og var málið þannig ákveðið sem óútkljáð.

2. Frestað til morguns að taka ákvörðun út af tilboðum um sement.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 29. maí hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tilboð Böðvars Jónssonar um holræsapípur var samþykkt m. 3. atkv. gegn 1, en þetta tilboð var þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 314 m/m víðar | kr. | 3,5o | pr.meter |
| 235 m/m - | - | 1,92 | - - |
| 157 m/m - | - | 1,2o | - - |

Upphæðin öll kr. 17o5,6o.

2. Samþykkt að taka tilboði K. Zimsens um sement frá Aalborg Portland Cement Fabrik fyrir kr. 6,oo pr. 2/2 poka, þó þannig að keyptir verði af Hallgr. Benediktssyni 2oo/2 pokar af sementi frá verksmiðjunni "Norden" til reynslu.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

---

Ár 1912, hinn 4. júní hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson,

1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram uppdrátt af hinni fyrirhuguðu breytingu á Austurstræti, og var uppdrátturinn samþyktur.

2. Frestað að taka endanlega ákvörðum um lögun á Lækjartorgi.

3. Samþykt að leita eptir kaupum á 16oo gangstjettarhellum úr cementssteypu og bæjarverkfræðingnum falið að afgjöra kaupin ef verðið fer ekki fram úr kr. 1,15 fyrir hverja gangstjettarhellu.

4. Bæjarverkfræðingurinn leggur fram tillögu um að leggja holræsi í götu milli Tjarnargötu og Skothúsvegar, til þess að útgega afrennsli frá húsunum no. 33 og 37 við Tjarnargötu. Er áætlað að það kosti 4o5 krónur.- Nefndin vill ekki verja svo mikilli upphæð úr bæjarsjóði til þessa, enda engin fjárveiting af hálfu bæjarstjórnar fyrir hendi.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Jón Þorláksson Tr. Gunnarsson B.Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 18. júní kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Jón Þorláksson.

1. Lagt fram erindi frá Eiríki Bjarnasyni dags. 17. þ.m., en í erindi þessu fer hann fram á, að bæjarsjóður leggi fram nokkuþ af kostnaðinum við lagning holræsis frá húsi hans úti í göturæsið, Vegna þess hve sjerstaklega stendur á, vill nefndin leggja til að 60 kr. verði veittar úr bæjarsjóði til þessa, enda er þá gjört ráð fyrir, að úr útbyggingu Báruhússins verði einnig lagt í þetta ræsi.

2. Nefndin sér sjer ekki fært að þessu sinni að gjöra tillögu um fjárveitingu til að gjöra holræsi eptir Skólavörðustíg, en tekur framkomna beiðni aptur til íhugunar bráðlega ásamt öðrum beiðnum um holræsi, er liggja fyrir.

3. Samþykkt að leggja til að allt að 200 krónur verði veittar úr bæjarsjóði til að gjöra holræsi milli Skothúsvegar og holræsisins í Tjarnargötu ef hús og lóðareigendur við þetta svæði leggja jafnmikla upphæð fram frá sjer auk hins lögákveðna holræsagjalds.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson    Kl. Jónsson    Tr. Gunnarsson    B. Jónasson

---

Ár 1912, þann 6. júlí átti veganefndin fund með sjer. Allir á fundi nema Jón Þorláksson og Kr. Þorgrímsson.

Tilefni fundarins var það, að sumum úr nefndinni þótti framkvæmd holræsagjörðar í læknum að ýmsu leyti athugaverð og hafði því bæjarverkfræðingurinn verið boðaður á fundinn. Hann gerði grein fyrir framkvæmdinni og svaraði aðfinningum þeim, sem fram voru komnar.
Nefndin ákvað að verkfræðingurinn hefið eigi heimild til þess framvegis, að ráða yfirverkstjóra fyrir hærra kaup en 5 kr. á dag, nema með leyfi hennar, að öðru leyti fann nefndin ekkert frekar að athuga.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson    Kl. Jónsson    B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þ. 29. júlí kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, og fór þá fram það er hjer segir:

1) Borgarstjóri las brjef dags. 24. þ.m. frá Jóh. Jóhannssyni kaupmanni þar sem hann fer þess á leit að bæjarstjórnin láti bæta Bröttugötu upp að kvikmyndahúsinu og heitir styrk frá sjer til þess.
Nefndin leggur til, að gatan verði fyrir næsta haust madamiseruð eða tjöruasfalteruð, ef það álízt heppilegt, ef umsækjandi greiðir allt að helmingi kostnaðarins, og felur nefndin bæjarverkfræðingnum að gjöra áætlun um hve mikið það muni kosta, og leita samninga við umsækjanda um fjárframlag af hans hálfu.

Fleira gjörðist ekki.

Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón Þorláksson. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson

---

Ár 1912 þ. 12. ágúst kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1. Lagt var fram brjef frá Jes Zimsen um sölu eða makaskipti á lóðinni undir brunnhúsi hans fyrir Hverfisgötu.
Nefndin leggur til að bæjarstjórnin makaskipti við hann á lóðinni undir brunnhúsinu þannig að hann fái fyrir þá lóð 1ooo ferálnir af lóð fyrir norðan lóð Rokstaðs við Laugarnesveginn. En það sem umfram er af lóð þar greiðir kaupandi með kr. 1,25 fyrir hverja fermeter.

2. Var rætt um vegagjörðina í Austurstræti og það bæjarfulltrúi Tryggvi Gunnarsson það bókað, að hann væri mótfallinn því að gangstjettirnar væru hækkaðar, mjókkaðar og hlykkur settur á þær og margir tilhöggnir steinar settir í undirburð í götuna.

Formanni veganefndarinnar þótti ekki ástæða til að gjöra neitt út af athugasemdum þessum og áleit hann þær ekki á neinum rökum byggðar.
Fleira gjörðist ekki.
Á fundinn vantaði bæjarfulltrúana Klemens Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þann 16. september átti veganefndin fund með sjer.
Var þar og þá fyrirtekið:
1.
Meiri hluti nefndarinnar samþykkti að verja allt að 400 kr. til aðgerðar á Bröttugötu, gegn því, að Jóh. Jóhannesson leggi fram allt að helmingi kostnaðarins.

2. Viðvíkjandi Lækjargötu ákvað meiri hluti nefndarinnar að hallast að teikningu og áætlun bæjarverkfræðings um hana, með því skilyrði, að lóðir fáist ókeypis undir breikkun götunnar, enda er þá sjálfsagt að bærinn láti trausta girðingu vestan við lóðir hlutaðeiganda við lækinn. Tr. Gunnarsson var ósamþykkur takmörkun á Lækjartorgi og Stjórnarráðsblettinum.

Allir á fundi nema Jón Þorláksson. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson B.Jónasson

---

Ár 1912, hinn 30. sept. var fundur haldinn í veganefndinni.

Var þá fyrirtekið:

1. Rætt um girðingarnar meðfram Lækjargötu og ákveðið að fá áætlun um kostnað við girðingu úr járni á steyptum fæti með steinsteypustólpum. Svo var og ákveðið að laga Lækjargötu með ofaníburði fyrir veturinn.

2. Upplýst að fjárveitingin til holræsa muni ekki gjöra meira en að nægja til að fullgjöra þau holræsi, sem samkvæmt áætluninni hafa verið tekin fyrir. Nefndin er á því að nauðsynlegt sje að halda áfram holræsagerðunum sem fyrst, og leggur því til að tekið sje nú þegar allt að 12000 kr. lán í því skyni. Áætlun um hvernig verja skuli þessum 12000 kr. verður lögð fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kl. Jónsson Jón Þorláksson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, hinn 7. okt hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin ákveður að byrja nú þegar á holræsum í Skólavörðustíg og Vatnsstíg upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnarinnar.

2. Nefndin óskar að fá áætlun um tjörusteypu í Aðalstræti og fyrir ofan Grófina vestur að íbúðarhúsi Geirs Zoëga til athugunar fyrir sig við undirbúning vegaáætlunarinnar fyrir næsta ár.

3. Lagður fram uppdráttur af Lækjartorgi með áteiknuðum gangstjettum og var nefndin samþykk því fyrirkomulagi sem uppdrátturinn sýnir.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson Kl. Jónsson

---

Hinn 25. okt. 1912 var fundur haldinn í Veganefndinni.

1. Rætt erindi Árna Eiríkssonar um holræsagjald af húsi hans í Vesturgötu nr. 18. Nefndin leggur til að málaleitun hans sje tekin til greina á þann hátt, að holræsagjaldið sje ekki innheimt fyrr en holræsi er komið í götu þá, Norðurstíg, sem afrensli frá húsinu á að koma.
2. Tilkynt brjef Jóh. Jóhannessonar um að hann vill ekki að svo stöddu leggja 2oo kr. til endurbóta á Bröttugötu móti jafnháu framlagi úr bæjarsjóði.

3. Rætt um girðingar meðfram Lækjargötu, en ákvörðun frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 26. okt. 1912 var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Samþykt að setja á kostnað bæjarsjóðs járngirðingar með steinstöplum meðfram lóðum Stjórnarráðsins, D.Bernhöfts, G.Björnssonar og Mentaskólans við Lækjargötu, gegn því að eigendur þessara lóða láti af hendi það sem þarf af lóðunum til breikkunar Lækjargötu upp í 2o álnir samkv. ákvörðun bæjarstjórnar, þó þannig að bærinn fái 3oo kr. upp í kostnað við girðinguna fram með Mentaskólablettinum frá lóðareiganda, og að Stjórnarráðið kosti hliðið upp að Stjórnarráðshúsinu. Ennfremur var ákveðið að girða meðfram lóð K. Zimsens gegn sömu kjörum, en frestað að taka ákvörðun um gerð þeirrar girðingar. Loks var ákveðið að setja trjegirðingu meðfram erfðafestulandi Eiríks Briem við sömu götu. Kostnaður bæjarins við þessar girðingar áætlast allt að 2ooo krónum.

Fundi slitið

Páll Einarsson
Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson Jón Þorláksson Kristján Þorgrímsson
B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 2. nóv. 1912 var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Voru ræddar tillögur til fjárhagsáætlunar, og samþyktar þannig:

Áætl.lið II. Til vegagerða og holræsa:

a. Til vegagerða:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gangstígur frá Stýrimannastíg að Túngötu | Kr. 800,00 |
| 2. | Framlenging Sellandsstígs frá Bræðraborgarstíg að Ástúni | - 525,00 |
| 3. | Framlenging Laufásvegar | - 600,00 |
| 4. | Framlenging Grundarstígs | - 560,00 |
| 5. | Tjörusteypa á nyrðri hluta Aðalstrætis, milli Austurstrætis og Hafnarstrætis | - 1500,00 |
| | Samtals | 3985,00 |

b. Til gangstjetta:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Í Aðalstræti og Vesturgötu að Aberdeen | ( 2500,00 |
| 2. | Í Hverfisgötu frá Smiðjustíg að Vatnsstíg | ( 1575,00 |
| 3. | Í Pósthússtræti milli Austurstr. og Hafnarstrætis | ( 440,00 |
| 4. | Í Kirkjustræti milli Thorvaldsensstr. og Tjarnargötu | ( 500,00 |

| | |
|---|---|
| c. Ofaníburður og viðhald gatna | 4000,00 |
| d. Til holræsa | 25000,00 |
| 12. Til þrifnaðar og snjómoksturs, klakahöggs og renna | 5000,00 |
| 13. Til götulýsingar | 7000,00 |
| Til áhalda og aðgerða á þeim | 500,00 |

Nefndin leggur til að upphæðin til holræsa sje tekin að láni.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 7. jan. kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum voru mættir auk borgarstjóra og bæjarverkfræðingsins bæjarfulltrúarnir Tryggvi Gunnarsson og Kristján Þorgrímsson, en bæjarfulltrúi Kl. Jónsson var veikur og Jón Þorláksson fjærverandi.

Nefndin heimilaði borgarstjóra að láta nú þegar byrja á vinnu við að leggja holræsi í Sellandsstíg í sjó út og Bræðraborgarstíg, og láta þurfamenn bæjarins, sem vinnufærir eru sitja fyrir vinnunni.

Af því tvo nefndarmenn vantaði á fundinn var fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Páll Einarsson
Kristjan Þorgrímsson B. Jónasson Tr. Gunnarsson

---

Ár 1913, þ. 13. jan. kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndin leggur til að þessi holræsi verði gjörð á þessu ári:

| | | |
|---|---|---|
| 1) | Sellandsstígur frá sjó að Kaplaskjólsvegi | 4572 kr. |
| 2) | Bræðraborgarstígur sem eptir er | 1700 - |
| 3) | Túngata frá Bræðrabst. að Unnarstíg | 300 - |
| 4) | Barónsstígut allur | 3104 - |
| 5) | Vitastígur frá Laugavegi upp úr | 905 - |
| 6) | Klapparstígur frá Laugavegi og upp úr | 873 - |
| 7) | Vegamótastígur | 363 - |
| 8) | Hverfisgata frá Vitastíg að Barónsstíg | 882 - |
| 9) | Laugavegur frá Vitastíg að Hverfisgötu | 876 - |
| 10) | Grettisgata | 3400 - |
| 11) | Bjargarstígur frá Óðinsgötu að Grundarstíg | 104 - |
| 12) | Stígur frá Bergstaðastræti að Laufásvegi | 910 - |
| 13) | Bergstaðastræti | 1800 - |
| 14) | Baldursgata | 539 - |
| 15) | Grundarstígur frá Bjargarstíg | 810 - |
| 16) | Laufásvegur að Baldursgötu | 658 - |
| 17) | Fríkirkjuvegur | 2700 - |
| 18) | Þingholtsstræti sem eptir er | 600 - |
| | Samtals = | 25097 Kr. |

Fleira gjörðist ekki. Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, þann 27. janúar átti veganefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykt að kaupa til holræsanna pípur frá pípuverksmiðju Böðvars Jónssonar samkvæmt tilboði hans til bæjarverkfræðingsins fyrir það verð, er hjer greinir + 25 %:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 471 m/m víðar | 94 cm að lengd | kr. 7,oo | | |
| 392 - - | 8o - - - | - 5,2o | | |
| 314 - - | 8o - - - | - 4,1o | | |
| 235 - - | 8o - - - | - 2,15 | | |
| 157 - - | 63 - - - | - 1,1o | | |
| 1o5 - - | 63 - - - | - o,8o | | |
| 1o5 - - | beygjur | - 1,oo | | |
| Aukreitis fyrir hvert stykki með stút | | o,8o | | |
| 314 m/m víðir brunnar | 8o cm að lengd | | kr. 8,oo | |
| 235 - - - | 8o - - - | | - 6,25 | |
| 157 - - - | 63 - - - | | - 4,2o | |

2. Ákveðið að auglýsa í Lögrjettu og Ísafold eptir tilboðum um stjettarhellur.

3. Samþykt að fela bæjarverkfræðingnum að gera uppdrátt og áætlun af þarfahúsi úr steinsteypu,

4. Ákveðið að leita samkomulegs við eigendur Landakots um kaup á landi undir gangstíg milli Túngötu og Stýrimannastígs.

5. Var rætt um samning reglugerðar um tilhögun skolpræsa samkvæmt 1.gr. laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík frá 11. júlí 1911.

6. Út af erindi ekkjufrúar Elísabetar Sveinsdóttur um götuljós á suðurenda Fríkirkjuvegar, samþykti meiri hluti nefndarinnar að leggja það til, að götuljósið verði sett upp á kostnað gasstöðvarinnar og starfrækt á kostnað bæjarins, gegn því að eigandi hússins Staðastaður leggi gasæð frá gasleiðslu sinni til ljóskersins og láti hana vera þar þangað til gasæð verður lögð í götuna.

7. Samþykt að leggja það til að sett verði götuljós norðast á Klappar-stíg.

8. Var rætt um bæjarverkfræðingssýslanina en ákvörðun frestað til næsta fundar.

Tr. Gunnarsson er ósamþykkur 1. lið.

Allir á fundi, og bæjarverkfræðingurinn, sem vjek af fundi eptir 7. lið

Fundi slitið.

Jón Þorláksson   Kl. Jónsson   Páll Einarsson   Tr. Gunnarsson
Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 3. febrúar, var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Var rætt um bæjarverkfræðingssýslanina, og upplýst að engar líkur eru til þess að neinn hjerlendur verkfræðingur fáist til að taka sýslanina að sjer frá 1. júní, með þeim kjörum sem boðin verða samkvæmt fjárhagsáætluninni, ef núverandi bæjarverkfræðingur heldur fast við uppsögn sína.

Nefndin leggur því til að reynt verði að fá Benedikt Jónasson til þess að halda sýslaninni áfram fyrst um sinn, með óbreyttum launakjörum til loka þessa árs, en að honum verði nú þegar heitið 300 króna launahækkun árið 1914. Ennfremur hafi hann rjett til að útvega sjer aðstoð við verk sín, ef hann kemst ekki yfir þau öll sjálfur, og verði sú aðstoð borguð af fjárveitingunum til þeirra verka, sem aðstoðin er notuð við. Slíka aðstoð megi hann ennfremur nota til þess að gegna störfum sínum hálfan mánuð að sumrinu, sem hann geti notað sem sumarfrí.

Á fund vantaði Klemens Jónsson og Tryggva Gunnarsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson    Jón Þorláksson

---

Ár 1913, þ. 1. marz var borgarstjóri og bæjarverkfræðingurinn til staðar á skrifstofu borgarstjóra til þess að opna tilboð um sölu stjettarhellna til gangstjetta næsta sumar.

Aðeins eitt tilboð hafði komið. Var það opnað og reyndist að vera frá Böðvari Jónssyni og býður hann að selja bænum stjettarhellur c. 1000 sty. á kr. 1,35 fyrir hverja hellu.

Páll Einarsson

B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 3. marz var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Ákveðið að ganga að ofanskráðu tilboði Böðvars Jónssonar um stjettarhellur.

2. Lesið erindi Indriða Gottsveinssonar og Ólafs Jónssonar um framlengingu Bröttugötu. Nefndin getur ekki mælt með því að þær beiðnir verði teknar til greina.

3. Beiðni frá Jóni Jónssyni um veg heim að Setbergi á Bráðræðisholti vildi nefndin ekki sinna.

4. Upplýst var að í neðsta hluta Vitastígs, frá Bjarnaborg að sjó er aðeins 6 þml vítt gamalt holræsi, sem getur ekki tekið allt það vatn, sem nú er hleypt úr öðrum holræsum þangað. Það er óhjákvæmilegt að taka þennan kafla upp og setja þar 12 þml. holræsi, og samþykkir nefndin að framkvæma það nú.

Á fund vantaði Tr. Gunnarsson og Klemens Jónsson.

Fundi slitið

Kristján Þorgrímsson B. Jónasson Páll Einarsson Jón Þorláksson

---

Ár 1913, hinn 14. apríl var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Beiðni Jóns Jónssonar á Setbergi um veg heim að Setbergi á Bráðræðisholti hafði verið vísað til nefndarinnar á ný. Nefndin athugaði að akfær leið er heim að húsinu frá Grandavegi, og frá Lágholti er einnig akfært heim að húsinu, gegnum hlið á girðingu þeirri er eigandi Lágholts hefur sett þar. Getur nefndin því ekki mælt með fjárveitingu úr bæjarsjóði til vegagerðar að Setbergi.

2. Erindi Helga Magnússonar um kaup á lóð undir Ingólfsstræti var frestað til rannsóknar á eignarheimild og lóðarstærð.

3. Lesið erindi frá Gísla Halldórssyni Hverfisgötu 32, þar sem hann býður bæjarstjórninni kaup á lóðarræmu við nefnt hús til breikkunar Hverfisgötu, 175 feral. að stærð eptir sögn eiganda, og hefur hann munnlega farið fram á að fá 2 kr. fyrir hverja feralin. Nefndin vill ekki leggja til að lóðarræman verði keypt að svo stöddu, með því að fyrirsjáanlega mun líða mjög langur tími þar til unt verður að framkvæma breikkanina.

4. Borgarstjóri hreyfði því hvort láta mætti holræsisgerð í einum tilteknum götuhluta í akkorði til núverandi verkstjóra við holræsa-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gerðir bæjarins, Valentínusar Eyjólfssonar.
Nefndin var því mótfallin , með því að hú leit svo á sem útboð ætti að fara fram áður en akkorð yrði látið, en of seint á þessu ári að taka upp þá aðferð.

5. Lesið erindi frá Indriða Reinholt þar sem hann sækir um leyfi til þess að leggja sporbraut um bæinn og um land til leigu fyrir iðnaðarfyrirtæki. Nefndin vill taka liðlega í málaleitun þessa, en getur ekki gert tillögu um málið fyr en fengnar eru skýringar frá umsækjanda.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson.

---

Ár 1913, hinn 16. apríl hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Mættur var á fundinum Indriði Reinholt til þess að ræða við nefndina um umsókn hans um einkaleyfi til lagningar á sporbraut um bæinn m.m. Veganefndin mælir með því að honum verði veitt hið umbeðna leyfi með eptirfarandi aðalskilmálum, og verði fullkomin samningur um einkaleyfið lagður fyrir bæjarstjórnina til samþyktar ef hún er samþykk aðalskilmálunum, og þannig vill sinna málinu.
Aðalskilmálarnir sjeu þessir:

1. Einkaleyfið veitist til þess að leggja sporbrautir til innanbæjarnotkunar um bæinn og leyfi til að leggja spor í þær götur, sem ákveðnar verða með samningi, og sjeu þær í allar aðalgötur bæjarins.
2. Einkaleyfishafi hefur einn rjett til að nota spor sín til fólks-og vöruflutninga með sporvögnum..Ekki verður öðrum en honum leyft að flytja fólk um götur bæjarins fyrir borgun í stærri vögnum en þeim er rúma 8 manns.
3. Einkaleyfistíminn sje 25 ár. Fyrir einkaleyfið greiðist gjald í bæjarsjóð þannig: Fyrstu 5 árin eptir að starfræksla er byrjuð, 300 kr. á ári. Næstu 5 árin 500 kr. á ári, það sem þá er eptir af einkaleyfistímanum 1500 kr. á ári, og sje þá fyrirtækið undanþegið aukaútsvari.
4. Einkaleyfishafi fær rjett til að nota krana sína við að láta vörur í sporvagnana og úr þeim.
5. Ákvæði um gerð sporsins og viðhald þess skulu tekin upp í samninginn.
6. Bærinn hefur rjett til að kaupa sporbrautina með tilheyrandi fyrir-sannvirði hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess.
7. Umsækjandi fái á leigu allt að 14 hektara á Melunum til 25 ára, með rjetti til að taka jarðefni úr því landi og hagnýta sjer, fyrir þá leigu sem um semst og honum leyft að leggja þangað vatnsæð úr vatnsveitu bæjarins.

Allir á fundi og bæjarverkfræðingurinn. Fundi slitið.

Indriði Reinholt Páll Einarsson
Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 28 apríl kom veganefndin saman á fund og gjörðist það er hjer segir:

1. Var á ný tekið fyrir erindi Helga Magnússonar um kaup á spildu af lóðinni Bankastræti 7 undir framlengingu Ingólfsstrætis. Það sem þarf að taka af þessari lóð undir framlengingu götunnar er c. 585 ferálnir = c. 234 m². Nefndin leggur til, að lóðarspilda þessi verði tekin eignarnámi og að byggingarnefnd verði falið að meta lóðina til peningaverðs. Gengur nefndin út frá að útborgun andvirðisins þurfi ekki að fara fram fyr en á næsta ári eptir að fjárveiting til kaupmanna hefur verið tekin á fjárhagsáætlun.

2. Erindi frá húseigendum við Óðinsgötu um að fá þegar lagt holræsi í Óðinsgötu, gat veganefndin ekki sinnt, þar sem gata þessi er ekki meðal þeirra gatna, sem bæjarstjórnin hefur ákveðið að leggja holræsi í á þessu sumri.

3. Jón Magnússon, bæjarfógeti býður bæjarstjórninni kaup á lóð undir framlengingu Bjargarstígs, að stærð 89,25 m² = 226 ferálnir fyrir eina krónu hverja feralin. Nefndin leggur til að nú þegar verði fest kaup á þessu lóðarstykki undir götuna, enda væntist að útborgun þurfi ekki að fara fram fyr en á næsta ári.

3. Var lagður fram uppdráttur af fyrirhuguðum gangstíg frá Stýrimannastíg á Túngötu. Nefndin hafði ekkert við uppdráttinn að athuga og fól borgarstjóra að útvega upplýsingar um hvort samkomulag mundi fást um lóðarkaup undir gangstíginn.

Fleira gjörðist ekki.

Á fund vantaði Kl. Jónsson og Jón Þorláksson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 2. júní kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hjer segir:

1.

Bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndarinnar erindi lúðrafjelaga bæjarins um að láta reisa hljóðfærapall á Austurvelli. Nefndin getur ekki lagt til að hljóðfærapallur þessi verði byggður á þessu ári, þar sem engin fjárveiting er til þess á fjárhagsáætluninni, en væntir að fjárhagsnefnd og bæjarstjóri taki málið til íhugunar við samning næstu fjárhagsáætlunar.

2.

Nefndin vísar til athugunar verkfræðingsins erindi Katrínar Sigfúsdóttur um holræsi frá Grettisgötu 1, og sömuleiðis tilboði Sigurðar A. Gunnlaugssonar um sölu á lóðarræmu undir breikkun Hverfisgötu.

3.

Nefndin gerir þá breyting á fundargjörð sinni síðustu, 4. atriði, að gangstíginn frá Stýrimannastíg að Túngötu megi leggja frá vesturgafli Stýrimannaskólans styztu leið á Túngötu vestanvert við sjúkrahúsið, ef umráðamenn Landakots leyfa lóð undir stíginn endurgjaldslaust. Er þá gjört ráð fyrir að stíggjörðin verði í því fólgin að leggja eptir leiðinni tvær raðir af gangstjettarhellum.

Fjærverandi voru Klemens Jónsson og Jón Þorláksson.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 15. júní kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist þar þá þetta:

1.

Var lagt fram brjef frá Magnúsi Stephensen frá Viðey þar sem hann býður bæjarstjórninni að selja henni af lóð sinni undir framhald Grundarstígs fyrir kr. 1,25 fyrir hverja feralin og vill hann að eins taka í skiptum að jöfnu traðirnar fyrir ofan lóðina, en ekki lóðarspildu sem bærinn á fyrir sunnan lóðina og áfasta henni. Veganefndin vill leggja það til að bæjarstjórnin bjóði Magnúsi Stephensen að skipta að jöfnu á lóð undir Grundarstíg fyrir lóð þá sem bæjarstjórnin á fyrir ofan og sunnan lóðina hans og borga með kr. 1,25 hverja feralin af lóð, sem bærinn fær umfram það sem hann lætur. En vilji hann ekki sæta þessum kjörum þá leggur nefndin til að Grundarstígur verði ekki á þessu sumri lagður yfir lóð M. Stephensen. Þess er getið til skýringar að ef Magnúsi Stephensen tekur alla lóð bæjarins á þessum stað í skiptum, þarf bærinn að kaupa af honum 520 ferálnir fyrir 650 kr., en ella c. 850 ferálnir fyrir 1062 kr. 50 a.

2.

Nefndin samþykkti að fresta fyrst um sinn til hausts að framlengja Sellandsstíg upp að Ástúni og leita fyrst samninga um lóð undir framlengingu þess vegar.

Fjærverandi voru Kl. Jónsson og Jón Þorláksson. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, þ. 8. júlí var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

1. Eptir tillögu nefndarmanns Kl. Jónssonar samþykti nefndin að láta byrja sem allra fyrst að undirbúa lagning tjörusteypu í vesturhluta Aðalstrætis.

2. Eptir tillögu sama nefndarmanns var ákveðið að hleypa úr tjörninni og í hana aptur um næsta flóð til þess að endurnýja vatnið í henni eptir því sem hægt er.

3. Nefndarmaður Tr. Gunnarsson bar fram tillögu um að þarfahúsið við Templarasund yrði tekið burt og sett inn á lóð Templarahússins annaðhvort inn í ganginn norðanvið húsið eða sunnan við húsið, eða á annan hentugan stað. Meiri hluti nefndarinnar treystist ekki xxx að flytja húsið inn á lóð Templarahússins, en vill mála húsið utan og framkvæma nauðsynlegar smáviðgerðir á vindskeiðum m.m., svo að húsið verði sæmilegt útlits.

Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson    Kl. Jónsson

Ósamþykkir 3. lið:
Tr. Gunnarsson    Kristján Þorgrímsson

---

Ár 1913, 21. júlí átti veganefndin fund með sjer. Í stað borgarstjóra var mættur Knud Zimsen sem settur í hans fjarveru. Allir á fundi, auk bæjarverkfræðings, nema Jón Þorláksson.
Var þá tekið til íhugunar:

1. Hvar byggja skyldi þarfahús og um lögun þeirra. Ákveðið var:
   a) að hafa eitt þarfahús á vörupallinum við norðvesturhornið á pakkhúsi P.Thorsteinsson og annað í sundinu milli þinghússgarðsins og Templarahússins.
   b) að byggja þarfahúsið á vörupallinum samkv. teikningu bæjarverkfræðings, og er áætlaður kostnaður 1000 kr., og að fela bæjarfulltrúa Tr. Gunnarssyni að byggja þarfahúsið í Templarasundinu og lofar hann að gera það svo ódýrt sem föng eru á.
   c) Borgarstjóra falið að láta hreinsa og gera í stand kamrana á stakkstæðinu fyrir austan Bryde og ráða fasta konu til þess að hreinsa þá daglega og hafa daglegt eptirlit með þessu.

2. Sig. Gunnlaugsson býður til kaups ræmu af lóð hans nr.6 við Vatnsstíg, þann hluta hennar, sem liggur að Hverfisgötu, undir gangstjett. Veganefndin leggur til, að lóðin sje keypt fáist hún fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðunandi verð eptir samkomulagi við seljanda.

3. Búendur við Grettisgötu skora á bæjarstjórnina að byrja sem fyrst á holræsi þar. Með því fje það, sem veitt er til holræsa í ár er þrotið, er ekki hægt að taka þetta erindi til greina.

Fundi slitið.

K. Zimsen
Kl. Jónsson Kristján Þorgrímsson Tr. Gunnarsson

---

Ár 1913, hinn 18. dag ágústm. var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Ákveðið var að gera Aðalstræti milli Austurstrætis og Hafnarstrætis með 2,5 metra breiðum gangstjettum báðum megin og 7,5 metra akbraut í miðjunni.

2. Út af erindi Eggerts Guðmundssonar á Hólmi um viðgerð á brúnni yfir Hólmsá á vatnsveituveginum að Gvendarbrunnum leggur nefndin til að Seltjarnarneshreppi verði boðið að taka við veginum frá Hólmsá á leið til Gvendarbrunna til viðhalds í því ástandi sem hann er í nú (sem hreppsvegi). Vilji hreppsnefndin það ekki, leggur nefndin til að brýrnar verði teknar af, með því að ekki virðist ástæða fyrir bæinn til að halda þeim við.

3. Nefndin leggur til að sótt verði til Stjórnarráðsins um ókeypis land úr Arnarhólslóð undir framlengingu Ingólfsstrætis norður að Hverfisgötu, að meðtalinni þeirri spildu, sem þarf að fá til þess að láta Helga Magnússon hafa í skiptum fyrir lóð undir sömu götu.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson
Jón Þorláksson Tr. Gunnarsson Kl. Jónsson
Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 29. sept. var fundur haldinn í veganefndinni og fór þá fram það er hjer segir:

1.

Samþykkt að leggja á þessu hausti að eins til bráðabyrgða hellur frá H.P. Duus að hellunum fyrir framan Liverpool.

2.

Var samþykkt að gera mætti á þessu hausti c. 45 metra af holræsum í Grettisgötu ef tilboð kemur frá húseigendum við þann spotta að leggja til gröpt og ofanímokstur á sinn kostnað.

3.

Veganefndin synjar beiðni frá íbúum við Bergstaðastræti syðst um að fá sett upp tvö götuljós við Bergstaðastræti fyrir sunnan Baldursgötu.

4.

Var lagt fram frumvarp að áætlun um logtíma götuljósanna til 31. des. þ.á. Þessar tillögur voru samþykktar með þeim fyrirvara, að búið sje að kveykja á götuljósunum á þeim tíma, sem til er greint í áætluninni.

5.

Var samþykkt að loka hliðunum á Austurvelli.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsso
Kristján Þorgrímsson B. Jónasson

---

Ár 1913 þ. 13. okt. var veganefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hjer segir.

1.

Bæjarstjórnin hefur vísað til úrslita nefndarinnar erindi V.Eyjólfssonar og M.Magnússonar um að fá að taka grjót í Rauðarárholti til stakkstæðisgerðar á leigulandi þeirra við Fúlutjörn. Nefndin leyfir þeim þetta, þó svo að það ekki komi í bága við rjett annara til að taka grjót í holtinu og gegn 25 króna endurgjaldi í bæjarsjóð.

2.

Nefndin synjar beiðni Gísla J. Ólafssonar um að fá sett upp götuljósker í nánd við hús hans við Skothúsveg.

3.

Var tekin til athugunar beiðni Páls Erlingssonar sundkennara um að bæjarstjórnin styrki hann til að koma upp íbúðarhúsi við sundlaugina. Nefndin leggur til að beiðninni verði synjað.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Kristján Þorgrímsson Páll Einarsson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson
B.Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, hinn 3o. október, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Var þá fyrir tekið:

1.

Ræddar tillögur til fjárveitinga næsta árs, til undirbúnings fjárhagsáætluninni. Voru þessar tillögur samþyktar:

1. Til vegagerða og holræsa:

| | |
|---|---|
| a. Til vegagerða: Vegur frá battaríinu með sjó og yfir á Hafnarfjarðarveg | kr. 5ooo,oo |
| b.1. Til gangstjettar í Hafnarstræti | - 364o,oo |
| c. Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | - 4ooo,oo |
| d. Til holræsa | - 2oooo,oo |
| 2. Til þrifnaðar og snjómoksturs, klakahöggs og renna | - 5ooo,oo |
| 3. Til götulýsingar | - 72oo,oo |
| 4. Til áhalda | - 5oo,oo |
| 1. b.2. Til gangstjettar í Vesturgötu | - 1ooo,oo |

2.

Bæjarstjórnin hefur falið nefndinni að gera tillögur út af því, að bæjarverkfræðingurinn hefur sagt lausri sýslan sinni. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að sýslanin verði auglýst með 27oo kr. árslaunum.
Minni hlutinn leggur til að starfið verði auglýst með 27oo kr. byrjunarlaunum, er hækki um 2oo kr. annaðhvort ár upp í 35oo kr.

3.

Út af erindi Skautafjelags Reykjavíkur leggur meiri hluti nefndarinnar til, að fjelaginu verði leyft að gjöra tilraun til að búa til skautasvell á Austurvelli. Nefndin vill einnig leyfa fjelaginu svæði á tjörninni, þó þannig að ekki komi í bága við ístökuna á tjörninni, og verði svæðið útvísað af veganefndinni á sínum tíma.

Allir á fundi.

Bæjarverkfræðingurinn vjek af fundi eptir 1. lið.

Páll Einarsson

Jón Þorláksson Kl. Jónsson Tr. Gunnarsson

Kristján Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 19. jan. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi nema Klemens Jónsson (veikur). Á fundinum var einnig bæjarverkfræðingurinn.

1. Sláturfjelag Suðurlands sækir um leyfi til að hús þau, sem fjelagið á, og standa á hinu fyrirhugaða götustæði meðfram sjónum milli Klapparstígs og Barónsstígs, fái að standa óhreyfð næstu 15-20 ár, og býðst til að borga bæjarsjóði 1000 kr. fyrir þetta leyfi, þó því aðeins að fyrirhugað hafnarbrautarspor komi utan við þá 6 álna breidd, sem nú er stjett fyrir framan húsin.
Nefndin leggur áherzlu á að vegurinn með sjónum verði lagður eptir hinu fyrirhugaða vegarstæði og getur því ekki mælt með beiðninni.

2. Nefndin leggur til að á yfirstandandi ári verði lögð holræsi í þessar götur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Barónsstíg frá Grg. að Njálsg. | Kr. | 527,00 |
| 2. Vitastígur frá Grg. að Njálsg. | - | 480,00 |
| 3. Grettisgata öll | - | 3845,00 |
| 4. Njálsgata öll | - | 4316,00 |
| 5. Klapparstígur frá Grettisg. að Njálsg. | - | 520,00 |
| 6. Fríkirkjuvegur | - | 3800,00 |
| 7. Lindarg. frá Frakkast. að Vitastíg | - | 1225,00 |
| 8. Skólavörðustígur upp úr | - | 2040,00 |
| 9. Bjargarstígur frá Grundarstíg að Berg. | - | 600,00 |
| 10. Kárastígur | - | 1065,00 |
| 11. Framnesv. frá Brekkust. að Vg. | - | 555,00 |
| 12. Bakkastígur | - | 1230,00 |
| | | 20203,00 |

3. Ákveðið að bjóða út pípur til holræsanna að fenginni ákvörðun bæjarstjórnarinnar um það hver holræsi skuli leggja. Sömuleiðis ákveðið að bjóða út stjettarhellur.

4. Lesið brjef til borgarstjóra frá Ingeniör O.Cock Clausen, Khavn.

5. Nefndin leggur til að Berent Sveinssyni sje leyft að breikka veginn frá Lágholtsvegi heim að húsi sínu á Bráðræðisholti svo að hann verði akfær, og nota undir breikkunina ræmu af landi bæjarins, að óskertum eignar-og umráðarjetti bæjarins yfir ræmunni.

6. Nefndin treystist ekki að mæla með beiðni Indr. Gottsveinssonar og Ólafs Jónssonar um framlengingu Bröttugötu.

Fleira var ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Páll Einarsson Jón Þorláksson

Tr. Gunnarsson Kristján Þorgrímsson B, Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, þ. 16. febr. var borgarstjórinn ásamt bæjarverkfræðingnum staddur á skrifstofu sinni kl. 12 á hádegi, til þess að opna tilboð um sölu á holræsapípum og gangstjettarhellum.-

Alls höfðu komið til borgarstjóra þrjú tilboð, og reyndust þau að vera þessi:

I. Frá Helga Magnússon & Co.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 200 | metrar | 12" | leirpípum |
| 200 | " | 9" | do. |
| 1850 | " | 6" | do. |

fyrir samtals 3750 krónur.

II. Frá Böðvari Jónssyni:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| a) | 200 | metrar | 12" | pípur | á 3/93 | = | kr. | 786,00 |
| b) | 400 | " | 9" | " | á 2/09 | = | - | 824,00 |
| | 1850 | " | 6" | " | á 1/06 | = | - | 1961,00 |
| | | | | | Samtals | = | Kr. | 3571,00 |

b) 860 ferálnir stjettarhellur á 1/35 = Kr. 1161,00.

III. Frá Tryggva Gunnarssyni:

860 ferálnir stjettarhellur á 1/35 stykkið.

Tilboðin voru opnuð og lesin upp í heyranda hljóði að viðstöddum tveimur þeirra, er tilboð höfðu gjört.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 16. dag febrúarmánaðar var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Skrifari í nefndinni var kosinn Jón Þorláksson.

2. Samþykt að taka tilboði Böðvars Jónssonar, sem að framan er innfært, um holræsapípur. Sömuleiðis var gengið að tilboði sama manns úm stjettarhellur; það er áskilið, að lokið sje við að búa til pípurnar og hellurnar fyrir lok marzmánaðar næstkomandi, svo að hvorttvrggja geti verið nógu gamalt þegar það er tekið til notkunar.

3. Lagt fram brjef frá Sláturfjelagi Suðurlands viðvíkjandi húsunum sem standa á hinu fyrirhugaða vegarstæði austur með sjónum, dags. 7. febr. Frestað að taka ákvörðun.

4. Út af tilkynningu Stjórnarráðsins dags. 24. jan. viðvíkjandi lóð undir framlengingu Ingólfsstrætis, og brjefi Helga Magnússonar dags. 14. febr., þar sem hann krefst greiðslu á matsverði lóðar þeirrar, sem af honum verður tekin undir Ingólfsstræti og breikkun Bankastrætis, felur nefndin borgarstjóra að leita eptir því, hvort lóð fáist keypt hjá landssjóði fyrir sanngjarnt verð til þess að láta Helga Magnússon hafa í skiptum, og að leita eptir því hvort H.M. muni fáanlegur til að ganga að slíkum skiptum.

Á fund vantaði Jón Jóhannesson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Magnús Helgason Tr. Gunnarsson Jón Þorláksson

B.Jónasson

---

Ár 1914, hinn 25. febr. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af framlengingu Ingólfsstrætis upplýsti borgarstjóri, að Helgi Magnússon vildi nú ekki skipta á lóð sinni, sem fer undir götuna, fyrir lóð úr eign landssjóðs, en upplýsingar lágu ekki fyrir um það, fyrir hvaða verð landsstjórnin vildi selja lóð landssjóðs til slíkra skipta ef til kæmi. Málinu frestað þar til upplýsing um það er fengin.

Á fund vantaði Magnús Helgason og Jóh. Jóhannesson.

Fundi slitið

Tr. Gunnarsson Páll Einarsson Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, þ. 3o. marz kom veganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Jón Þorláksson. Gjörðist það er hjer segir:

1.

Þorgrímur Sigurðsson fer þess á leit að bærinn kaupi spildu af Landakotstúninu til væntanlegrar framlengingar Unnarstígs svo langt norður sem lóð hans (Krókur) nær, og býðst hann til þess að borga til bráðabirgða það er þetta kostar gegn endurgjaldi frá bænum þegar bærinn leggur götuna, og ennfremur að bærinn kaupi lóðarhorn það, er leggjast mundi við lóð hans, gegn fullu endurgjaldi frá sjer. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin leiti eptir kaupum á lóðarræmu þessari.

2.

Bæjarfógetinn kom á fundinn og skýrði nefndinni frá því, að hann yrði að leyfa þeim, er tekið hafa að sjer pósthúsbygginguna, að nota nyrðri hluta Austurstrætis frá Pósthússtræti svo langt austur eptir, sem pósthúsið á að ná, meðan á byggingunni stendur, og ætlaði að fyrirskipa, að þessi hluti götunnar yrði afgirtur. Veganefndin hafði ekkert við þetta að athuga og var gengið út frá, að annaðhvort 4 eða 6 álnam af götunni yrði haldið opnum fyrir umferð. Auglýst verður aðvörun um, að menn takmarki umferð vagna um þennan hluta götunnar meðan á pósthúsbyggingunni stendur.

3.

Var samþykt að greiða Páli Erlendssyni 7oo kr. fyrir sundkennslu á þessu ári.

4.

Var lagt fram brjef frá Valentínusi Eyjólfssyni dags. í dag, en í brjefi þessu býðst hann til þess að leggja holræsi þau, sem gjöra á í sumar, fyrir áætlunarverð eða fyrir 2o.ooo krónur. Nefndin tekur þetta tilboð til athugunar og gjörir seinna tillögu um það.

5.

Var samþykkt að verja nokkru fje til þess nú þegar að keyra óhreinasta snjóinn burt af aðalgötum bæjarins.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson Magnús Helgason Jóh. Jóhannesson

B. Jónasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 28. apríl hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og bæjarverkfræðingurinn.

1. Var rætt um tilboð Valentínusar Eyjólfssonar um holræsalagningu í sumar. Var borgarstjóra falið að leyta samninga við hann.

2. Samþykt að byrja að leggja gangstjettir þær, sem fje er veitt til á árinu, sem fyrst eptir að klaki er úr jörðu.

3. Tryggvi Gunnarsson fór fram á að fá kafla af Hafnarstræti til þessa að gera á honum tilraun með nýja viðhalds aðferð; nefndin vildi ekki sinna þessu, nema það væri bænum að kostnaðarlausu.

Fleira kom ekki fyrir.

Fundi slitið.

Tr. Gunnarsson Páll Einarsson Jón Þorláksson

Jóh. Jóhannesson Magnús Helgason

---

Ár 1914, hinn 18. maí, hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Rætt var um tilboð Valentínusar Eyjólfssonar um holræsalagningu; hefur hann í brjefi dags. 18/5. nánara tiltekið tilboð sitt, þannig að hann býðst til að gera holræsi þau, sem tekin hafa verið upp á áætlun þessa árs, fyrir 19000 kr.

   Nefndin leggur til að gengið verði að tilboði þessu, þannig að bæjarstjórnin leggi honum til pípur þær, er þegar hafa verið fest kaup á, fyrir sama verð, sem þær kosta bæinn. Eptirlit verði haft með verkinu eptir nánari ákvörðun veganefndar.

Á fundinn vantaði Magnús Helgason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Tr. Gunnarsson Jón Þorláksson Jóh. Jóhannesson

Samþykkur:
Magnús Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 18. júlí var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Fjarverandi voru nefndarmennirnir Jóh. Jóhannesson og Magnús Helgason.

1. Bæjarstjórnin hefur vísað til úrslita veganefndar erindi Þorgeirs Pálssonar, Klapparstíg 24 a, um leyfi til að láta standa bráðabirgðaskúr þann, er h/f. Völundi hafði verið leyft í júlí 1913 að byggja á lóð bæjarins norður af Klapparlóðinni.

   Nefndin ákveður að skúrinn megi standa fyrst um sinn, en hann skal tekinn burtu hvenær sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd krefst þess. Þangað til greiði eigandi grunnleigu lo kr. á ári, og gjald af byggðri lóð eptir því sem lög ákveða.

2. Út af erindi Jóns Pálssonar, Vatnsstíg 16 og Jóns Jónssonar, Vatnsstíg 16 A, um holræsi í Vatnsstíg norðan Lindargötu, leggur nefndin til, að framkvæmd þess verks verði frestað til næsta árs með því að ekki er fjárveiting fyrir hendi á þessu ári.

3. Með því að nú liggur fyrir að framkvæma ýms verkfræðingsstörf (t.d. umsjón með stjettalagningu, eptirlit með holræsalagningu, mæling erfðafestulanda, mæling lóða við Hverfisgötu, undirbúningur áætlunar um vegagerðir næsta ár o.fl.) ákveður nefndin, að ráða Sigurð adjúnkt Thoroddsen til þess að framkvæma þessi og önnur bæjarverkfræðingsstörf til áramóta fyrir 125 kr. borgun um mánuðinn.

4. Nefndin ákveður að láta fyrst um sinn aðeins eitt hlið vera opið á Austurvelli, og að færa standmynd Thorvaldsens í lag á fótstykki sínu.

Fleira kom ekki fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen    Tr. Gunnarsson

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 15. sept., var fundur haldinn í veganefndinni. Á fundinum mættu allir nefndarmennirnir, nema Jóh. Jóh., sem hafði tilkynnt forföll, og ennfremur bæjarverkfræðingurinn Sig. Th.

1. Út af framkomnum umsóknum um götuljós og tilheyrandi gasæðar var samþykt:

   a. að fá áætlun hjá gasstöðvarstjóranum um gasæðar og götuljós í Grundarstíg (suðurhlutann) Mýrargötu og suðurenda Bergstaðastrætis, og upplýsingar um hve mörg hús við þessar götur mundu vilja fá gas lagt inn.

   b. Beiðni um götuljós við Laugaveg fyrir innan Barónsstíg vill nefndin ekki mæla með.

2. Borgarstjóri upplýsir, að enn hafi ekki verið gerðir samningar um lóðir undir veginn frá Klapparstíg austur með sjónum og undir járnbraut hafnargerðarinnar þar, en þessar lóðir á bæjarsjóður að leggja til eptir samningi við N.C. Monberg, sem hefur tekið að sjer að leggja veginn.
   Samþykt var:

   a. að fá útnefnda matsmenn til að meta skák þá úr erfðafestulandinu Norðurmýrarblettur Nr. 2, sem fer undir járnbrautina.

   b. út af kröfu G. Gíslasonar & Hag ltd. um leigu m.m. fyrir land undir veginn yfir lóð þá, sem þeir hafa haft afnot af til þessa, ályktaði nefndin að skora á borgarstjóra að láta ekki dragast lengur að innheimta gjald það, sem nefnt firma á að greiða fyrir breytingu á nokkrum hluta Frostastaðabletts í byggingarlóð.

   c. að fela borgarstjóra að leyta samninga við hina aðra lóðareigendur, eptir að hann hefur kynt sjer sem best öll eignarskilríki, er þar að lúta.

Fleira gerðist ekki.

K. Zimsen

Tr. Gunnarsson    Sig. Thoroddsen    Magnús Helgason

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 12. október, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Ákveðið að leggja gasæð í Mýrargötu og setja þar götuljósker ef 4 hús við götuna óska að fá gas innlagt.

2. Beiðni frá nokkrum búendum við Laugaveg og Klapparstíg um ljósker í ofanvert sundið millum húsanna nr. 22 og 24 við Laugaveg leggur nefndin til að verði synjað.

3. Ákveðið að fylgja sömu reglu sem hingað til með það, að kveykja ekki götuljós þegar bjart er af tunglsskyni.

4. Út af erindi Maríu Gísladóttur, Holtsgötu 12, dags. 2. okt. 1914, um stíg frá Holtsgötu yfir lóðina nr. 14 heim að bæ hennar, var ákveðið að tilkynna eiganda hússins nr. 14 við Holtsgötu, Eiríki Eiríkssyni, að með því að hann hefur afgirt 198 ferálnum stærri lóð, heldur en lóðargjaldskráin telur fylgja því húsi, verði hann að láta af hendi lóð undir nefndan stíg, og að öðru leyti semja við bæjarstjórnina um lóðamörkin.

5. Var rætt um undirbúning áætlunar um vegagerðir næsta ár.

6. Ákveðið að setja eitt götuljósker við suðurhluta Grundarstígs.

7. Ákveðið að setja 2 götuljósker við Bergstaðastræti sunnanvert, frá Baldursgötu að Ingólfshúsi.

Fleira gerðist ekki.

K. Zimsen     Magnús Helgason

Tr. Gunnarsson   Sig. Thoroddsen   Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 28. okt. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af erindi Skautafjelags Reykjavíkur dags. 15. okt. um leyfi til að gera svell á Austurvelli, og til að nota Tjörnina til skautaiðkana, leggur nefndin til:
   a) að fjelaginu verði heimilað að gera svell á Austurvelli og nota það, með því skilyrði, að völlurinn verði opinn ókeypis fyrir börn fyrri hluta dags á virkum dögum.
   b) að fjelaginu verði leyft að nota Tjörnina, þó svo að ekki komi í bága við ístöku.

2. Lagt til að Jóni Baldvinssyni, Hverfisg. 25 B, verði veitt eptirgjöf á holræsagjaldi, þannig að það lækki úr 35 kr. niður í 15 kr.

3. Tilkynt mat, dags 24. okt. á erfðafestulandi úr Norðurmýrarbletti nr. 2 undir hafnarjárnbrautina.

4. Var rætt um fjárveitingar til vega næsta ár.

Nefndin leggur til að veitt verði:

| | | |
|---|---|---|
| Til vegagerða og holræsa: | | |
| a) Til vegagerða: | | |
| 1. Aðalstræti | | 2000 kr. |
| 2. Suðurgata | | 3500 - |
| 3. Ingólfsstræti | | 3500 - |
| 4. Kalkofnsvegur | | 2500 - |
| b) Til gangstjetta: | | |
| 1. Aðalstræti | 2100 kr. | |
| 2. Suðurgata | 4300 - | |
| 3. Vesturgata | 500 - | 6900 kr. |
| c) Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | | 4800 - |
| d) Til holræsa | | 15000 - |
| Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o.fl. | | 5500 - |
| Til götulýsingar | | 7500 - |
| Til áhalda | | 500 - |

Allir á fundi nema Jóh. Jóhannesson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen

Magnús Helgason     Jón Þorláksson     Tr. Gunnarsson

Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 5. jan. hjelt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af erindi H. Kr. Þorsteinssonar o.fl. dags. 24. nóv. 1914, um aðgerð á veginum frá Sunnuhvoli upp að Háteigi í Rauðarárholti, ákvað nefndin að láta umbæta veg þennan með ofaníburði þegar vorar.

2. Ákveðið að beiðast mats á ræmu úr erfðafestulandi Sveins Jónssonar, Elsumýrarbletti, undir hafnarjárnbrautina.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen

Jón Þorláksson

Magnús Helgason Tryggvi Gunnarsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur